**KATRÍN ODDSDÓTTIR**

*Hversdagsleikinn mölbrotinn*

Ferðir Bílar

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS





**GULLI RAKARI**

*Lokar um mánaðamótin*

Sárast að innréttingin verði ekki friðuð

FÓLK 34



**HALLDÓRA MALÍN PÉTURSDÓTTIR**

*Magnað landslag og mörg andlit í fjöllunum*

Frumsýnir leikverk um vætti og álfa

MENNING 24




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. júlí 2006 — 199. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## Lífið gengur sinn vanagang

Fjölskylda Magna Ásgeirssonar á Brekkubæ á Borgarfirði eystri hefur meiri áhyggjur af slættinum en gengi söngvarans í sjónvarpsþættinum Rock Star. Hún vonast þó til að hann nái sem lengst því þá fær Magni að bjóða fjölskyldunni út til sín.

FÓLK 34



## Ungt fólk í aðalhlutverki

Í dag hefst unglistarhátíðin Eldur í Húnaþingi í fjórða skipti en aðstandendur hátíðarinnar eru ungt fólk af svæðinu. Þar munu ungmenni láta ljós sitt skína með fjölbreyttri dagskrá fram á sunnudag.

TÍMAMÓT 20

## Tilbúin handrit

„Við kusum menn sem kusu að fórna okkar merkustu hefð til að styðja stefnu Bandaríkjanna í Miðausturlöndum,“ segir Jón Ormur Halldórsson stjórnmálafræðingur.



Í DAG 18

## Veigar eftirsóttur

Landsliðsmaðurinn Veigar Páll Gunnarsson er slá í gegn í norska boltanum með Stabæk. Veigar Páll er markahæstur í deildinni og ekki færri en fjögur ensk lið fylgdust með honum í síðasta leik.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**ENN HÆGVIÐRI -** Í dag verður hæg breytileg átt. Lítilsháttar væta á vesturhluta landsins en yfirleitt þurrt á Norðaustur- og Austurlandi og skýjað með köflum en þó hætt við þokulofti við sjóinn. Hiti 12-18 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4

# Vilja fá alla umfram mjólkurframleiðslu

**Gríðarleg eftirspurn er eftir íslenskum mjólkurafurðum hjá verslanakeðjunni Whole Foods Market í Bandaríkjunum. Innkaupastjóri keðjunnar segir fyrirtækið geta tekið allar þær mjólkurvörur sem Íslendingar geta framleitt.**

**LANDBÚNAÐUR** Blair Gordon, innkaupastjóri bandarísku verslanakeðjunnar Whole Foods Market, segir keðjuna geta tekið við öllum mjólkurafurðum sem Íslendingar geta framleitt.

„Við vitum ekki nákvæmlega hversu mikið er framleitt hér á ári en áhuginn á íslenska skyrinu hefur verið svo ótrúlegur að fjöldi fólks hefur haft samband við okkur til að forvitnast um hvenær skyrið kemur í sölu í fleiri búðum hjá okkur,“ segir Gordon.

Whole Foods Market hefur haft til sölu íslenskar mjólkurafurðir, þá aðallega skyr, í tæpt ár í hluta verslana sinna. Fyrirtækið rekur um 180 hágæða matvöruverslanir í 31 ríki Bandaríkjanna og er stefnt að því að verslanir fyrirtækisins verði um þrjú hundruð talsins árið 2010.

Sala á íslensku vörunum hefur verið það mikil að Mjólkursamsalan hefur ekki annað eftirspurn.

„Það vantar einfaldlega meira af mjólkurkúm,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar. „Við höfum ekki náð að fylgja þessu nægilega vel eftir miðað við áhugann úti.“ Guðbrandur segir að Mjólkursamsöluna hafa sent rúmt tonn af skyri á viku til verslanakeðjunnar síðustu mánuði, ásamt smjöri og ostum.

Guðbrandur segir að um þróunarverkefni hafi verið að ræða í fyrstu en nú sé svo komið að verslanakeðjan vilji kaupa alla umfram mjólkurframleiðslu sem íslenskir kúabændur geti framleitt. „Við þurfum meiri framleiðslu, við komum ekki vörunni í eins margar búðir þarna úti og við myndum vilja því að við eigum hana ekki til.“ Að sögn Guðbrands hefur Mjólkursamsalan fengið mjög hagstæð verð í Bandaríkjunum og því sé kappsmál að bregðast við eftirspurninni eftir sem fyrst.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, telur að bændur muni bregðast við. „Bændur hafa brugðist við aukinni eftirspurn eftir mjólkurvörum hér og nú þegar við vitum að þeir vilja kaupa meira af okkur er það okkar verkefni að fjölga kúm og auka framleiðsluna,“ segir Haraldur.

- æþe



MYND/INGÓLFUR SIGFÚSSON

**TÍU ÞÚSUND LÍTRAR AF BENSÍNI Í JARÐVEG** Mikill viðbúnaður var í Ljósavatnsskarði í gærmorgun eftir að olíubíll með tengivagni valt. Mikil eldhætta skapaðist en aðeins lítinn neista hefði þurft til að mynda eldhaf. Slökkvilið kom strax á vettvang og hófu slökkviliðsmenn að sprauta froðu til að binda bensíngufurnar. Veðurskilyrði voru hagstæð að mati líffræðings hjá Umhverfisstofnun. Sjá síðu 6



**LEIFSSTÖÐ** Til að ná utan um blöndun komu- og brottfararfarþega mun fara fram vopnaleit á farþegum frá Bandaríkjunum.

Breytingar í Leifsstöð:

# Farþegarnir blandast áfram

**SAMGÖNGUR** Eftir að breytingum á Flugstöð Leifs Eiríkssonar lýkur í vor eiga komu- og brottfararfarþegar enn eftir að blandast.

Evrópusambandið skilgreindi Keflavíkurflugvöll sem „óhreinan“ flugvöll á dögunum vegna þess að í flugstöðinni blandast komufarþegar frá Bandaríkjunum, sem hafa ekki farið í gegnum vopnaleit sem er viðurkennd af sambandinu, og brottfararfarþegar sem ferðast eftir reglum Schengen-samstarfsins.

„Til að ná utan um blöndunina munu farþegar frá Bandaríkjunum sæta vopnaleit,“ segir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri FLE, og bætir við að á mörgum flugvöllum sé sá hátturinn hafður á málum.

- at / sjá síðu 10

Krónan styrkist áfram:

# Útgáfa jöklabréfa í blóma

**VIÐSKIPTI** Krónan styrktist um 1,4 prósent í gær en KfW, þýski landbúnaðarsjóðurinn, gaf í gær út erlend skuldabréf fyrir níu milljarða króna sem eru á gjalddaga eftir eitt ár.

Að sögn greiningardeildar Landsbankans hefur þýski sjóðurinn alls gefið út bréf fyrir 68 milljarða króna. Alls nemur upphæð krónubréfaútgáfunnar 250 milljörðum króna frá því að hún hófst á síðasta ári. Er það um fimmtungur af landsframleiðslunni.

Undanfarna daga hefur krónan verið að styrkjast sem rekja má að nokkrum hluta til aukinnar krónubréfaútgáfu.

- eþa


**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG





Viðskiptaráð metur stöðuna um framtíðargjaldmiðilinn:

# Kostirnir eru króna eða ESB

**VIÐSKIPTI** Aðeins tveir raunhæfir kostir eru varðandi framtíðarskipan gengismála á Íslandi. Annaðhvort núverandi staða með flotgengisstefnu krónunnar eða upptaka evru með inngöngu í myntbandalagið og Evrópusambandið. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Viðskiptaráðs sem kemur út í dag.

Breiður hópur fólks kom að vinnslu skýrslunnar og segir Erlendur Hjaltason, formaður stjórnar Viðskiptaráðs, að það hafi verið metnaðarmál að fá hóp úr mismunandi áttum til vinnunnar.

Hann segir tilganginn með þessari skýrslu að skapa grundvöll fyrir vandaðri umræðu um það hvernig málum verði best fyrir komið til framtíðar. Mikilvægt sé að gefa sér enga niðurstöðu fyrirfram í þeim efnum. Málið sé einfaldlega of stórt til þess.



**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON**



**ERLENDUR HJALTASON**

Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor, fór fyrir nefndinni sem vann skýrsluna. Hann segir að af tæknilegum kostum í framtíðarskipan gjaldeyrismála séu í raun aðeins tveir sem komi til greina. Hann leggur áherslu á að upptaka evru myndi ekki leysa þann vanda sem við er að glíma í hagkerfinu og að samræma þurfi betur hagstjórn í landinu.

„Til þess að Íslendingar geti átt raunhæft val milli þessara tveggja kosta þarf skipan og stjórn efnahagsmála að vera með þeim hætti að hún sé til þess fallin að stuðla hér að jafnvægi.“

- hh / sjá Markaðinn






## SPURNING DAGSINS

*Baldvin, hvað með hrútspunga og slátur?*

„Við höldum bara áfram að borða það í Ráðhúsinu."

Baldvin Jónsson, framkvæmdastjóri Áforms, er á leiðinni að hitta fulltrúa eldhúss Hvíta hússins til að ræða við hann um möguleika á að forsetanum verði boðið upp á íslenskt lambakjöt.

Landsvirkjun undirbýr sig fyrir aukna orkuþörf á Norðausturlandi:

# Aukinn kraftur í rannsóknir

**ORKUMÁL** Landsvirkjun setur nú aukinn kraft í rannsóknir á Norðausturlandi í tengslum við viðræður Alcoa um álver á Húsavík að sögn Bjarna Pálssonar, verkfræðings hjá Landsvirkjun.

Í gær var kynnt tilboð sem barst í borun fjögurra rannsóknarhola á svæðinu en þeim er ætlað að kortleggja grunnvatnsstrauma og gefa upplýsingar um jarðfræði á svæðinu.

„Þetta er aðallega hugsað fyrir umhverfisrannsóknir á þessum svæðum og í tengslum við orkuvinnsluhugmyndir. Við þurfum að kynna okkur grunnvatnsstrauma upp á umhverfismat, náttúrufarsrannsóknir og almenna þekkingu á svæðinu.



**KRÖFLUVIRKJUN** Hugmyndir eru uppi um að stækka virkjanir Landsvirkjunar á Norðausturlandi.

Hugmyndir eru uppi um að stækka virkjanir Landsvirkjunar í Kröflu og í Bjarnarflagi og einnig um að byggja virkjun á Þeistareykjum til að mæta aukinni orkuþörf í framtíðinni, að sögn Bjarna. „Við höfum rannsakað svæðið þarna í rúm tuttugu ár en segja má að sá kraftur sem er í rannsóknunum núna tengist viðræðunum við Alcoa um álver á Húsavík."

Aðeins eitt tilboð barst í þetta tiltekna verk og er það tæplega sextíu prósentum hærra en kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða gerði tilboð upp á 86.642.610 krónur en kostnaðaráætlun hljóðar upp á 35,1 milljónir króna. Farið verður yfir tilboðið á næstu vikum og ákveðið hvort gengið verður að því að sögn Bjarna. **- sdg**

Ótti við sprengjuárás:

## Sextugur Dani olli fjaðrafoki

**DANMÖRK** Lögregla, slökkvilið og sjúkrabifreiðar voru snögg á vettvang í gærmorgun, með sprengjuleitarbúnað og sprengjuleitarhunda, þegar tilkynning barst frá bandaríska sendiráðinu í Kaupmannahöfn um hættu á sprengjuárás. Nærliggjandi götur voru lokaðar klukkutímum saman.

Tæplega sextugur Dani hafði ætlað sem snöggvast inn í sendiráðið til þess að fá vegabréfsáritun, en gleymdi að taka vasahníf og áttavita úr vasanum.

„Þetta var stormur í vatnsglasi," hafði Politiken eftir Tommy Keil, yfirmanni í dönsku lögreglunni. **- gb**

Framkvæmdastjórn ÖBÍ:

## Lýsa stuðningi við formann

**SAMFÉLAGSMÁL** Framkvæmdastjórn Öryrkjabandalags Íslands hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem fullum stuðningi er lýst yfir við formann bandalagsins, Sigurstein Másson. Harmar stjórnin persónugerða gagnrýni í fjölmiðlum frá hendi tveggja af þrjátíu fulltrúum aðalstjórnar á hann og störf stjórnar.



SIGURSTEINN MÁSSON

Í yfirlýsingunni kemur fram að fullur vilji hafi verið frá upphafi að semja við Arnþór Helgason um starfslok hans í anda samþykktar aðalstjórnar, og er hann hvattur til að ganga til samninga. Málflutning Guðmundar S. Johnsen, Guðmundar Magnússonar og Arnþórs Helgasonar telur framkvæmdastjórn ÖBÍ ómálefnalegan og skaðlegan ímynd bandalagsins. **- shá**

Enex starfar víða erlendis:

## Hefur reynslu af vinnu erlendis

**ORKUNÝTING** Íslenska orkufyrirtækið Enex, sem vinnur að rannsóknum á jarðvarma í þremur sveitarfélögum í austanverðri Slóvakíu, hefur tekið þátt í meira en fimm verkefnum á erlendri grundu. Meðal annars hefur fyrirtækið tekið þátt í stórum verkefnum í El Salvador, Ungverjalandi, Póllandi og Slóvakíu.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hefur Enex stofnað félag með þremur sveitarfélögum í Slóvakíu. Félagið vinnur að rannsóknum á nýtingu jarðvarma til virkjunar. Fyrst um sinn er unnið að arðsemismati á hugsanlegri virkjun. **- mh**

# Féll marga metra af gaffli lyftara og lést

**Banaslys varð við Hellisheiðarvirkjun í gær þegar maður sem stóð á vörubretti á gaffli lyftara féll marga metra til jarðar. Forstjóri Vinnueftirlitsins segir að öryggisráðstöfunum hafi ekki verið fylgt og hefur vinna við verkið verið stöðvuð.**

**SLYS** Lögreglan á Selfossi fékk tilkynningu um hálf níu leytið í gærkvöld um að alvarlegt vinnuslys hefði orðið þegar lyftari með skotbómu valt og þegar lögregla kom á vettvang var einn maður látinn, franskur maður á fimmtugsaldri, en stjórnandi lyftarans var með minniháttar áverka.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi og Vinnueftirlitinu voru mennirnir tveir að vinna í brekku við tengivirki stöðvarhússins og stóð annar þeirra á vörubretti framan á gaffli lyftarans í um sjö til níu metra hæð. Sá hafði beðið stjórnanda lyftarans að færa hann til en við það seig jarðvegur undir lyftaranum með þeim afleiðingum að lyftarinn valt á hliðina. Maðurinn sem á vörubrettinu stóð féll til jarðar og hlaut alvarlega höfuðáverka sem síðan drógu hann hann til dauða. Stjórnandi lyftarans var fluttur á slysadeild í Reykjavík til aðhlynningar.

Mennirnir, báðir starfsmenn Areva, erlends undirverktaka Landsnets, unnu við uppsetningu háspennubúnaðar sem flytja á rafmagn úr Hellisheiðarvirkjun.

Lúðvík B. Ögmundsson, öryggisstjóri Landsnets, segir starfsmenn Landsnets slegna. „Við tökum þetta mjög nærri okkur. Við munum skoða þetta eins og við mögulega getum og reyna að komast að því nákvæmlega hvernig þetta gerðist og hvað væri hægt að gera til betrunar." Hann segir öryggisreglur Landsnets mjög skýrar og að mjög skýrt sé kveðið á um þær í öllum útboðsgögnum.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Mennirnir eru starfsmenn Areva, erlends undirverktaka Landsnets, og þegar slysið varð voru þeir við vinnu við uppsetningu háspennubúnaðar sem flytja á rafmagn úr Hellisheiðarvirkjun.

Vinnueftirlit ríkisins hefur annast rannsókn málsins ásamt lögreglunni á Selfossi og segir Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins, að frumrannsókn bendi til þess að ýmsar reglur hafi verið brotnar. „Okkar fyrsta niðurstaða sýnir það að þarna var augljóslega verið að vinna með mjög áhættusömum hætti. Það er alveg ljóst að það er algjörlega óheimilt að lyfta mönnum upp í svona tæki nema gera tryggar ráðstafanir, til dæmis að menn séu í til þess gerðum mannkörfum. Þarna var öryggisráðstöfunum ekki fylgt eftir og vinnan við verkið hefur verið stöðvuð þar til úr því hefur verið bætt," segir Eyjólfur. **stigur@frettabladid.is**



**UNGU UPPREISNARFORINGJARNIR** Bræðurnir Johnny og Luther árið 1999.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Annar Mjanmar-tvíburanna:

## Johnny Htoo gefur sig fram

**MJANMAR, AP** Johnny Htoo, fyrrverandi uppreisnarforingi karenþjóðflokksins í Mjanmar, hefur gefið sig fram við herstjórnina þar í landi ásamt átta félögum sínum.

Johnny er annar tvíburanna ungu sem komust í heimsfréttir fyrir um sex árum þegar þeir, þrátt fyrir ungan aldur, stjórnuðu litlum hópi uppreisnarmanna. Johnny og bróðir hans, Luther, voru þá aðeins tólf ára gamlir.

Þeir voru hraktir úr landi árið 2001 og gáfu sig þá fram við stjórnvöld í Taílandi, þar sem þeir hafa dvalist í flóttamannabúðum síðan. **- ap**

Búðarhnupl í Hafnarfirði:

## Fimm Rússar handteknir

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók fimm rússneska sjómenn í Hafnarfirði fyrir búðarhnupl um sex leytið í gærkvöldi.

Mennirnir gengu hreint til verks og klæddu sig í fatnað, í einhverjum tilfellum beint fyrir framan starfsfólk, og gengu út.

Skipsfélagarnir voru allir ölvaðir að sögn lögreglu og gistu fangageymslur. Undir kvöld leitaði lögregla í rússneska togaranum Bootes í Hafnarfjarðarhöfn að frekara þýfi og vitorðsmönnum. **- æþe**






Átökin í Líbanon hafa staðið í hálfan mánuð og kostað á fimmta hundrað lífið:

# Ísraelsher tryggir sér svæði

**LÍBANON, AP** Amir Peretz, varnarmálaráðherra Ísraels, segir að Ísraelar ætli sér upp á eigin spýtur að ákvarða „öryggissvæði" syðst í Líbanon á landræmu meðfram landamærum Ísraels. Þeir ætla sér að verja þetta svæði þangað til annað hvort alþjóðlegar gæslusveitir verða sendar þangað eða samið verður um að skæruliðar Hizbollah-hreyfingarinnar fari frá ísraelsku landamærunum.

Hemi Livni, yfirmaður í ísraelska hernum, útskýrði áform hersins nánar og sagði að þorp og bæir syðst í Líbanon yrðu umkringd, en að ísraelski landherinn ætlaði ekki að halda lengra inn í landið.

Loftárásir ísraelska hersins á Beirút og þorp sunnan til í Líbanon héldu áfram í gær. Einnig börðust ísraelskir hermenn við liðsmenn Hizbollah í suðurhluta landsins. Þá héldu skæruliðar Hizbollah áfram að skjóta flugskeytum á norðurhluta Ísraels.



**Á SJÚKRAHÚSI Í BEIRÚT** Frænkurnar Radiah Shaito og Ghadir Shaito liggja særðar á sjúkrahúsi í Beirút. Þriðja frænkan er í heimsókn hjá þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin hafa nú staðið í tvær vikur og kostað á fimmta hundrað manns lífið. Flestir hinna látnu eru almennir borgarar í Líbanon.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hitti Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, í Jerúsalem í gær. Einnig hitti hún Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar.

Í dag verður síðan haldin í Róm alþjóðleg ráðstefna um Líbanon þar sem reynt verður að stilla til friðar. **- gb**

# Vaxtabót og Viðbót




Ef þú stofnar SPRON Vaxtabót eða SPRON Viðbót fyrir 20. ágúst getur þú unnið glæsilegan ferðavinning að verðmæti 100 þúsund kr.

**Dregið 22. ágúst 2006.**

# Tveir sterkir

## – sparnaðarreikningar á Netinu!

**SPRON Vaxtabót – 12,50% vextir***

Óverðtryggður sparnaðarreikningur sem ber allt að 12,50% vexti.*

**SPRON Viðbót – 4,80% vextir***

Verðtryggður sparnaðarreikningur sem ber allt að 4,80% vexti.*

Sparaðu í SPRON - það borgar sig !

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200,
í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. júlí 2006

spron
– frelsi í bankaviðskiptum

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 25.7.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,09 | 73,43 |
| Sterlingspund | 135,3 | 135,96 |
| Evra | 92,39 | 92,91 |
| Dönsk króna | 12,38 | 12,452 |
| Norsk króna | 11,625 | 11,693 |
| Sænsk króna | 9,968 | 10,026 |
| Japanskt jen | 0,6261 | 0,6297 |
| SDR | 107,77 | 108,41 |

*Gengisvísitala krónunnar*
127,9713

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samgönguráðherra segir umferðarforvarnir meiri nú en nokkru sinni:

# Ökumennirnir gæta sín ekki

**UMFERÐARSLYS** Ellefu hafa látist í umferðinni á árinu. Slysin hafa orðið jafnt í þéttbýli sem dreifbýli og ýmist ökumenn, farþegar eða gangandi vegfarendur hafa látið lífið. Þá hafa orðið slys, bæði vegna árekstra og útafakstra.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að víða þurfi að gera endurbætur á vegum en ábyrgðin hvíli fyrst og fremst á ökumönnum.

„Ég held að það séu fyrst og fremst ökumennirnir sem gæta sín ekki í umferðinni. Auðvitað er víða nauðsynlegt að lagfæra vegakerfið, við þekkjum það, en alltof mörg slys verða vegna ökuhraða og aðstæðna sem ökumenn ráða ekki við.“

Sturla bendir á að mikið forvarnarstarf sé unnið, og í raun hafi það aldrei verið meira. Þá sé sérstakt eftirlit á vegum úti. „Umferðarstofa er upp á hvern einasta dag að brýna fyrir fólki að fara varlega og í gangi er umferðaröryggisáætlun þar sem tekið er á þessum þáttum öllum. Í gildi er sérstakur samningur milli samgönguráðuneytis, Umferðarstofu, lögreglu og Vegagerðar og allar þessar aðgerðir eru meiri en nokkru sinni áður. Við Íslendingar erum að vinna í þessu og það skiptir máli.“ - bþs



**STURLA BÖÐVARSSON** Samgönguráðherra segir mörg slys verða vegna ökuhraða.

Stjórn hjúkrunarráðs LSH:

## Nýr spítali haldi áætlun

**HEILBRIGÐISMÁL** Áríðandi er að undirbúningur við byggingu nýs spítala haldi áætlun, segir í ályktun frá stjórn hjúkrunarráðs Landspítalans. Stjórnin segir frestun á framkvæmdum geta haft alvarlegar afleiðingar þar sem húsnæðisskortur sé nú þegar óviðunandi. Með nýrri byggingu muni þjónusta við sjúklinga batna, hagkvæmni í rekstri aukast og aðstaða starfsmanna og nemenda verða betri.

Þá fagnar stjórnin því hversu mikill fjöldi nemenda hefur innritast til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri næsta haust. - jss

Sérlega varasamur vegur:

## Enn ein bílvelta á Hólssandi

**LÖGREGLUMÁL** Erlendur ferðamaður velti bílaleigubíl sínum á Hólssandi í fyrrakvöld. Hann var einn í bílnum og sakaði ekki. Varðstjóri lögreglunnar á Húsavík segir þennan veg sérstaklega varasaman. Það sem af er sumri hafi orðið þar einar átta bílveltur.

Lögreglan á Húsavík hefur lagt til að hámarkshraði á veginum verði lækkaður úr áttatíu kílómetrum á klukkustund niður í sextíu og að settar verði upp sérstakar merkingar, en ekki hefur verið brugðist við þeim óskum. Að sögn lögreglu er vegurinn um Hólssand í algjörum sérflokki hvað varðar bílveltur. - sh

Kaupin á Íslenskum matvælum:

## Stjórnarmenn bera ábyrgð

**VESTMANNAEYJAR** „Það er alveg ljóst að Byggðastofnun tók þessa ákvörðun og þeir sem sitja í stjórninni bera þá ábyrgð líka.“ Þetta sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfandi forsætisráðherra, um málefni Eignarhaldsfélags Vestmannaeyja og samskipti þess við Byggðastofnun. Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byggðastofnunar, hefur sagt að peningum hafi verið veitt til félagsins vegna þrýstings frá ríkisstjórninni.

Þorgerður Katrín sagðist ætla að ræða málið við Guðjón Hjörleifsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins. - bþs

## ÁRÉTTING

Vegna fréttar um umferðarslys sem birtist í Fréttablaðinu í gær vill Umferðarstofa árétta að stofnunin telji ekki þörf á sérstökum aðgerðum vegna óvæntrar fjölgunar banaslysa á bifhjólafólki umfram þær sem stofnunin stendur nú þegar að í nánu samstarfi við Snigla, bifhjólasamtök lýðveldisins.

# Breytir miklu fyrir farsímanotendur

**Ákveðið hefur verið að skylda farsímafélögin til þess að lækka lúkningargjöld. Miklar hagsbætur fyrir neytendur, segir Hrafnkell Gíslason. Fögnum breytingunni, segir fulltrúi Símans. Óþarfa inngrip, segir forstjóri Og Vodafone.**

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun ákvað í gær að leggja þær skyldur á farsímafélögin, að lækka og jafna gjaldskrá fyrir lúkningarverð í eigin GSM-farsímaneti, í 7,49 krónur á mínútu. Með lúkningu er skírskotað til þess hjá hvaða símafélagi símtali lýkur, en símafélögin hafa veitt hvort öðru þjónustuna og taka mismunandi gjöld fyrir símtöl milli neta. Breytingin ætti því að skila sér í lægra símnotkunargjaldi, sem er markmiðið að baki ákvörðuninni.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir um mikla hagsbót vera að ræða fyrir neytendur. „Símafyrirtækin fá tvö ár til þess að aðlagast þessum breytingum á heildsölugjaldskrá. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir neytendur, þar sem meginforsendan fyrir mismunandi verðlagningu innan og utan neta, verður ekki til staðar eftir að þessi lækkun hefur gengið í gegn.“

Lúkningarverð Símans er í dag 8,92 krónur á mínútu og tengigjaldið 0,68 krónur. Hjá Og Vodafone er meðal lúkningargjaldið 12,1 krónur á mínútuna og tengigjaldið 0,99 krónur.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, fagnar breytingunni. „Við teljum þessa breytingu vera til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar, og fögnum henni.“

Og Vodafone, sem staðið hefur fyrir öflugri samkeppni í fjarskiptum og átt stóran þátt í því að lækka verð til neytenda, styður heilshugar allar aðgerðir sem eru til hagsbóta fyrir þá. „Og Vodafone hefur hins vegar verulegar áhyggjur af því að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, um lúkningarverð í farsímakerfum, komi til með að draga úr samkeppni til lengri tíma. Fyrirtækið telur að stofnunina skorti fullnægjandi forsendur enda byggir hún á verðsamanburði við stór alþjóðleg fyrirtæki. Þá liggur fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA gerði alvarlegar athugasemdir við aðferðafræði Póst- og fjarskiptastofnunar,“ segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone. Hann segir jafnframt að af þessum sökum íhugi Og Vodafone alvarlega að skjóta málinu til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar leggst tengigjaldið alfarið af. Fyrsta lækkun á lúkningargjaldinu er 1. september á þessu ári, önnur lækkun 1. júní á næsta ári, þriðja lækkun 1. desember sama ár og síðasta lækkun 1. júní 2008.

magnush@frettabladid.is



**MEÐ FARSÍMANN Á LOFTI** Lækkun á gjöldum fyrir farsíma skipta notendur miklu máli.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÁSATRÚ** Hann verður seint talinn ofbeldisfullur, Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslensk trú vinsæl meðal fanga:

## FBI segir ásatrú ofbeldisfulla

**BANDARÍKIN, AP** Ásatrú verður sífellt vinsælli innan fangelsisveggja í Bandaríkjunum og mun einn fangi verða tekinn af lífi á morgun fyrir að drepa samfanga, fyrir að sýna guðunum ekki tilhlýðilega virðingu. Sérfræðingar óttast að ofbeldi muni aukast með útbreiðslu trúarbragðanna.

Skýrsla bandarísku Alríkislögreglunnar, FBI, frá 1999 kallar ásatrú „hugmyndafræði um yfirburði hvíta kynstofnsins sem leiðir oft til ofbeldis og hvetur trúaða til að deyja fyrir málstaðinn.“ Þeir sem þekkja til segja trúarbrögðin þó friðsæl, en að fangar hrífist af þeim vegna þeirrar ofbeldisdýrkunar sem þeir aðhyllast. - sgj

Álagningarseðlarnir í pósti:

## Seðlarnir komnir á netið

**RÍKISSKATTSTJÓRI** Fólk getur nú nálgast álagningarseðla sína rafrænt á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, www.rsk.is, með veflykli sínum. Opnað var fyrir þessa þjónustu klukkan fjögur í gærdag.

Skattstjórar munu leggja fram skrár með álagningu opinberra gjalda árið 2006 núna á föstudaginn næstkomandi.

Álagningarseðlar verða bornir út á föstudaginn og í byrjun næstu viku til þeirra sem ekki afþökkuðu álagningarseðla á pappír. - sdg


BÍLL DAGSINS

OPEL ZAFIRA COMFORT

Nýskr 11.00 - Sjálfskiptur - Ekinn 73 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BLAUTARA**

Óneitanlega eru kortin næstu daga blautari en þau nýliðnu sjö eða svo. Þetta þýðir þó ekki að við séum að sigla inn í einhverja rigningartíð. Helgin verður ennfremur með dropum hér og hvar. Það sem höfuðmáli skiptir er auðvitað að vindur er almennt hægur, milt er í veðri og ef hann hangir þurr er sigur unninn. Sólin á Íslandi er bara bónus sem við eigum að njóta meðan gefst. En auðvitað skil ég þó þá sem vilja þá gulu í meira mæli.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Hægviðri. Hætt við lítilsháttar vætu. Milt í veðri.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 25°C léttskýjað | London | 31°C skýjað | Alicante | 33°C léttskýjað |
| Billund | 24°C léttskýjað | París | 36°C skýjað | Mallorca | 30°C léttskýjað |
| Osló | 27°C léttskýjað | Frankfurt | 34°C skýjað | Algarve | 29°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 24°C skýjað | Friedrichshafen | 26°C skýjað | Krít | 28°C léttskýjað |
| Gautaborg | 25°C léttskýjað | Berlín | 32°C léttskýjað | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# MS grill-leikur




## Bjarni mælir með ...

Þegar á að grilla er best að vera undirbúin(n) og nota sýrðan rjóma sem kalda sósu með grillmatnum. Möguleikarnir eru margir og oft er einfaldleikinn bestur!

**Satay-sósa – góð með kjöti, grillspjótum eða nautasteikum**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 150 ml | sýrður rjómi | 1 stk. | rautt chilli |
| 1 stk. | hvítlauksrif | 4 msk. | hnetusmjör |
| 1 msk. | púðursykur | 1/2 dós | kókosmjólk |
| 20 ml | ólífuolía | 1 stk. | límóna |

Saxið hvítlaukinn fínt. Skerið chilli í tvennt og fræhreinsið. Blandið öllu saman í skál. Maukið sósuna með töfrasprota (þeytara). Bragðbætið með salti eða sojasósu.

**Fleiri uppskriftir á www.ms.is**




10 Weber grill í vinning!

## *Þú sérð strax hvort þú hefur unnið!*

Taktu þátt í grillleik MS og þú gætir unnið glæsilegt Weber grill. Kauptu dós af sýrðum rjóma frá MS, farðu á **www.ms.is**, sláðu inn lukkunúmerið sem er í lokinu og þú færð strax að vita hvort þú hefur unnið.

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú skoðað Kárahnjúka?*

| | |
|---|---|
| Já | 31% |
| Nei | 69% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur hátt verð á eldsneyti áhrif á akstursvenjur þínar?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Icelandair íhugar að krefja ríkið skaðabóta vegna veikinda flugumferðarstjóra:

# Gríðarlegir fjármunir tapast

**ATVINNULÍF** Flugfélagið Icelandair skoðar rétt sinn til að krefja íslenska ríkið um skaðabætur vegna mikilla veikinda flugumferðarstjóra undanfarið. Eins og komið hefur fram í fréttum eru flugumferðarstjórar mjög ósáttir við nýtt vaktakerfi sem sett var á í mars síðastliðnum.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, segir tafir hafa hlotist af veikindunum auk þess sem flugvélar hafi ekki fengið að fljúga í hagkvæmustu hæð. „Það er greinilega eitthvað ekki alveg eins og það á að vera þarna, það er ekki eðlilegt að svona marga vanti dag eftir dag. Við höfum tapað gríðarlegum fjármunum á þessu og við teljum að það sé á endanum á ábyrgð þess sem selur okkur þjónustuna,“ segir hann.

Loftur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir fráleitt að menn séu að gera sér upp veikindin. „Þegar það bætast við þrjátíu dagar á ári í vinnutíma má búast við því að einhverjir þeirra verði veikindadagar. Yfirleitt eru veikindi á frídögum ekki skráð sérstaklega en þegar frídegi er breytt í vinnudag er farið að fylgjast með veikindunum.

Flugumferðarstjórar eru ekkert meira veikir núna en í gamla vaktkerfinu, þar var hins vegar sveigjanleiki sem fólst meðal annars í bakvöktum.“ **- sþs**




**ÞOTA ICELANDAIR** Formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra segir fráleitt að menn séu að gera sér upp veikindin. Með fleiri vinnudögum á ári fylgi fleiri veikindadagar.

Meintur háski í Grafarvogi:

# Ekki á sundi heldur á göngu

**BJÖRGUN** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fékk tilkynningu um það um hádegið í gær að maður væri á sundi mitt í Grafarvogi, og fylgdi það sögunni að hann væri nánast á bólakafi í sjónum.

Slökkviliðið sendi allan tiltækan mannskap á staðinn, kafarabíl ásamt dælu- og sjúkrabílum. Þegar bjargvættina bar að kom í ljós að maðurinn var alls ekki á sundi, heldur á göngu í klofstígvélum og var þar að auki nærri þurr enda háfjara í voginum.

Ekki liggur ljóst fyrir hvað manninum gekk til en hann hélt göngunni áfram að loknu stuttu spjalli við lögreglu. **- sh**




# Framkvæmdum við tónlistarhús frestað

**Ríkisstjórnin vill fresta framkvæmdum við tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík um eitt ár. Þannig á að sporna gegn þenslu og hvetja aðra til að hægja á dýrum framkvæmdum. Portus group hefur þegar samþykkt frestun.**

**EFNAHAGSMÁL** Tónlistar- og ráðstefnuhúsið við Reykjavíkurhöfn verður að líkindum ekki risið í byrjun árs 2009 líkt og áætlað var. Ríkisstjórnin vill fresta framkvæmdunum og innan fárra daga munu fulltrúar ríkisins, Reykjavíkurborgar og fyrirtækisins Portus group ganga frá málinu. Portus group er í eigu Landsbankans, Nýsis og Íslenskra aðalverktaka og varð hlutskarpast í útboði vegna hönnunar, byggingar og reksturs Tónlistar- og ráðstefnuhúss. Stjórn Portus hefur, fyrir sitt leyti, samþykkt að hægja á eða breyta framkvæmdaáætlun.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**

„Portus vill axla sína ábyrgð varðandi stjórnun efnahagsmála,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfandi forsætisráðherra, þegar hún kynnti málið eftir ríkisstjórnarfund í gær.

Þorgerður sagði óformlegar viðræður hafa farið fram um frestun framkvæmda en eftir eigi að ganga formlega frá málinu. Samningar um framkvæmdir voru undirritaðir í mars á þessu ári og þeim þarf að rifta formlega eða breyta ákvæðum þeirra.

„Við erum stöðugt með hugann við efnahagsmálin og viljum senda þessi skilaboð til annarra í samfélaginu,“ sagði Þorgerður og benti á að það væri ekki aðeins hið opinbera sem framkvæmdi heldur líka einkaaðilar. Hvatti hún þá til að hugsa sinn gang og athuga hvað þeir gætu gert til að hægja á þenslunni og gera stöðugleikann varanlegan.

Stefán Þórarinsson, sem situr í stjórn Portus, segir fyrirtækið taka því jákvætt að ræða við ríkisstjórnina um þetta mál, en hann þurfi að skoða efnisatriði betur til að tjá sig meira um það. Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknar, segir ekki skipta öllu máli þó að opnun hússins sé frestað um einhvern tíma ef það verði til þess að komið sé til móts við raddir sem vilja gæta að aðhaldi í ríkisbúskapnum.

Verklegar framkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhúsið eru þegar byrjaðar en áætlanir gerðu ráð fyrir að þeim lyki árið 2008. Í fjárhagsáætlun var ráðgert að framkvæmdirnar kostuðu rúma tólf milljarða króna. Er þá ekki talinn kostnaður við hótel sem reisa á í tengslum við tónlistar- og ráðstefnuhúsið.

Spurð um afstöðu ráðherra menningarmála til frestunarinnar sagði Þorgerður Katrín mest um vert að húsið muni rísa, og væntanlega ekki síðar en vorið 2010. Sagði hún efnahagsaðgerðir aðkallandi enda stöðugleiki í efnahagsmálum forsenda öflugrar starfsemi í tónlistarhúsinu, og menningarstofnunum almennt.

**bjorn@frettabladid.is / salvar@frettabladid.is**



**LÓÐ TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSS** Ríkisstjórnin vill fresta framkvæmdunum um eitt ár til að sporna gegn þenslu og hvetja um leið aðra til að hægja á dýrum framkvæmdum. Kostnaður við Tónlistar- og ráðstefnuhúsið er áætlaður 12.5 milljarðar króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tíu þúsund lítrar af bensíni runnu í jarðveg eftir að stór olíubíll valt í Ljósavatnsskarði:

# Mikil eldhætta skapaðist

**SLYS** Rúmlega tíu þúsund lítrar af bensíni runnu niður í jarðveg eftir að tankbíll með tengivagn valt á þjóðveginum við Stórutjarnir í Ljósavatnsskarði í gærmorgun. Bílstjórinn var fluttur lítillega slasaður á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Vegkantur gaf sig undan tankbílnum, sem var á austurleið, þegar hann mætti vörubíl á vesturleið. Slökkviliðsmenn frá Þingeyjarsveit voru fyrstir á vettvang og unnu að hreinsun á slysstað ásamt starfsmönnum Olíudreifingar.

„Aðgerðir gengu vel og fumlaust fyrir sig. Ákveðið var að hreinsa allt úr bílnum áður en hann var færður og því tók þetta tímann sinn en við vildum fara öruggu leiðina,“ segir Friðrik Steingrímsson slökkviliðsstjóri sem stjórnaði aðgerðum á slysstað. Hann segir mikla eldhættu hafa verið fyrir hendi þar sem hægviðri var og hætta vegna myndunar bensíngufa. „Það þarf aðeins lítinn neista til að sprengja allt í loft upp, þessvegna ákváðum við að setja strax froðu yfir allt svæðið til að hamla því,“ segir Friðrik.

Gunnar Steinn Jónsson, líffræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir ekki útlit fyrir að umhverfisskaði hljótist af slysinu þar sem bensínið mun gufa að mestu leyti upp og séu hagstæð veðurskilyrði hér lykilatriði ásamt heppilegum aðstæðum. **- sdg**



**TANKBÍLL VALT** Bílstjórinn slasaðist lítillega þegar tankbíll, fullur af bensíni, valt í Ljósavatnsskarði í gær. Vegkantur gaf sig þegar bílstjórinn ók til hliðar þar sem hann var að mæta vörubíl.

MYND/INGÓLFUR SIGFÚSSON

# Ótrúlegt verð

BBQ MASTER

BBQ Master 2301

VAXTALAUST TILBOÐ

**4.999 kr**

vaxtalaust í 10 mánuði*

Fullt verð 49.990.-

*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið



Brennari: 4 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver.
Heildargeta: 15kwh/52.000BTU (3,5kwh/12.000BTU hliðarhella).
Eldtemjari úr ryðfríu stáli.
Hliðarbrennari út steyptu brassi.
Grindur: Eldunargrindur úr massífu pottjárni.
Grillflötur: 68 x 42 cm, hitaplata 30 x 42 cm.
Efri grind: 68 x 14 cm.
Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir.
Riotisserie grillteinn. Elektrónísk kveikja
Útdraganlegt hliðarborð.
Skápur með hurðum.
Breidd: 152 cm. Dýpt: 60 cm
Læsanleg hjól. Yfirbreiðsla fylgir.

BBQ MASTER

BBQ Master 2300

VAXTALAUST TILBOÐ

**3.999 kr**

vaxtalaust í 10 mánuði*

Fullt verð 39.990.-

*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið



Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver.
Heildargeta: 9kwh/30.000BTU.
Eldtemjari úr ryðfríu stáli.
Grindur: Eldunargrindur úr massífu pottjárni.
Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm.
Efri grind: 55 x 13 cm.
Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir.
Riotisserie grillteinn.
Elektrónísk kveikja.
Útdraganleg hliðarborð.
Breidd: 149 cm.
Dýpt: 60 cm.
Læsanleg hjól.
Yfirbreiðsla fylgir.

VO_B4880 ODDI HÖNNUN

## Þú færð grillið samsett og heimsent þér að kostnaðarlausu*

*Gildir fyrir stórhöfuðborgarsvæðið og Akureyri, heimsendingar eiga ekki við um Grillino Champ.

**35%**

**afsláttur af**

GRILLPRO
ADVANCING THE ART OF GRILLING

**grillaukahlutum**

grandhall living style

TILBOÐ

**48.000 kr**

Verð áður 96.000,-



50% afsláttur

### Grandhall Premium

Postulínhúðaðar grillgrindur, hitamælir, áhaldakrókar, eldtemjari úr ryðfríu stáli (hindrar að fita og olíur komist að brennurum).

Brennarar: 4 brennarar úr ryðfríu stáli + hliðarbrennari.
Heildargeta: 18,5kWh/60.000BTU (4,5kWh/15.000btu hliðarhella).
Grillflötur: 64 x 48 cm, hitaplata úr pottjárni 64 x 9 cm
Elektrónísk kveikja.

TILBOÐ

**4.999 kr**

Verð áður 19.999,-



75% afsláttur

### Grillino Champ

Grillflötur: 48 x 30 cm.
Grind: Krómuð.
Kveikja: Neistakveikja.
Brennari: Breiður I-brennari.
Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifingu í grillinu.
Hliðarborð úr viði.
Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu
ÞRÝSTIJAFNARI FYLGIR EKKI MEÐ GRILLINU.

Gildir til 1. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða kona varð fyrst kvenna til að stýra fundi ríkisstjórnar íslands?*

2 *Hve margar nýjar plöntur fundust í leiðangri líffræðinga til Surtseyjar?*

3 *Hvar vinnur íslenska orkufyrirtækið Enex að arðsemismati á jarðvarmavirkjun?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Samkeppniseftirlitið setur samruna Securitas og Dagsbrúnar ákveðin skilyrði:

# Segir skilyrðin engu breyta

**VIÐSKIPTI** Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, um að setja samruna Dagsbrúnar og Securitas ákveðin skilyrði, breytir engu um starfsemi Securitas eða Dagsbrúnar, segir Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar. „Samþykktin var táknræn fórn til eftirlitsstofnana ríkisvaldsins. Þessi skilyrði hafa engin áhrif á starfsemi fyrirtækisins, bæta á engan hátt samkeppni á markaðnum og vernda neytendur á engan hátt.“

Í janúar á þessu ári keypti Dagsbrún hf. allt hlutafé í Securitas hf. Samkeppniseftirlitið hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að samruninn geti takmarkað núverandi samkeppni og möguleika nýrra aðila til að koma inn á öryggisþjónustumarkaðinn, auk þess að hann geti leitt til samtvinnunar þjónustu af mismunandi þjónustumörkuðum með tilheyrandi ógagnsæi í verðlagningu og hömlum á samkeppni. Því var samrunanum sett tvö skilyrði. Annars vegar að Securitas er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á þjónustu sem félagið veitir að einhver þjónusta annars dótturfélags Dagsbrúnar fylgi með í kaupunum. Hins vegar þurfi verð hverrar þjónustu að koma fram í tilboði, bjóði Securitas sína þjónustu ásamt þjónustu annars dótturfélags Dagsbrúnar.



**GUNNAR SMÁRI EGILSSON** segir aldrei hafa staðið til að tengja dótturfélög Dagsbrúnar með því móti sem eftirlitið setur skilyrði um.

Gunnar Smári segir að aldrei hafi staðið til að tengja dótturfélög Dagsbrúnar með því móti sem Samkeppniseftirlitið setur skilyrði sín um. - hhs

Sjúkraflutningar á LSH:

# 200 ferðir með sjúklinga á dag

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 200 ferðir eru farnar á dag með sjúklinga á Landspítalanum sem þurfa að fara í myndatökur, hjartalínurit eða aðrar rannsóknir.

Þetta kemur fram í vefriti skrifstofu tækni og eigna á LSH sem sér um þessa sjúkraflutninga. Þeir skiptast þannig að um 130 ferðir eru farnar á dag á Hringbraut og um 70 í Fossvogi. Samtals er 50 deildum spítalans veitt þessi þjónusta. Langar vegalendir eru farnar á Hringbraut og getur flutningur tekið allt að 15 mínútur. Hjá sjúklingaflutningum eru níu starfsmenn, fjórir í Fossvogi og fimm á Hringbraut. - jss

Jonathan Motzfeldt:

# Haldið sofandi á gjörgæslu

**GRÆNLAND** Jonathan Motzfeldt, formanni grænlenska landsþingsins, er enn haldið sofandi í öndunarvél á Landspítalanum en hann var fluttur þangað frá Grænlandi á fimmtudag. Motzfeldt hefur verið greindur með lungnabólgu og nýrnabilun vegna bakteríusýkingar.



**JONATHAN MOTZFELDT**

Alma Möller, yfirlæknir á gjörgæsludeild, segir ástand Motzfeldt stöðugra og að hann sé á hægum batavegi. Alma segir að ástand hans sé metið dag frá degi og ekki sé hægt að segja til um hvenær Motzfeldt kemst til meðvitundar. - shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Enn bílar á nagladekkjum** Þótt langt sé liðið á sumar þarf lögregla enn að hafa afskipti af ökumönnum sem aka um götur borgarinnar á nagladekkjum. Í fyrradag voru þrír ökumenn stöðvaðir af þeim sökum. Þá voru 29 ökumenn stöðvaðir fyrir hraðakstur, flestir í sérstöku átaki lögreglunnar í íbúðarhverfum borgarinnar.

## SÓMALÍA

**Hafnar friðarsamkomulagi** Sjeik Hassan Dahir Aweys, leiðtogi íslamskra hersveita sem hafa stóran hluta sunnanverðrar Sómalíu á valdi sínu, segist alfarið hafna friðarsamkomulagi á meðan eþíópískt herlið er í landinu.

## FLUGSAMGÖNGUR

**Innritun á heimasíðu** Flugfélagið British Airways hefur opnað nýja þjónustu á heimasíðu sinni þar sem farþegar félagsins geta nú innritað sig í flug allt að 24 tímum fyrir brottför. Hægt er að prenta út innritunarspjöld sem svo eru afhent í Leifsstöð.

# Síminn og Atlassími ná sáttum í deilu

**Síminn hf. og Atlassími hafa náð sáttum í deilu félaganna um færslu á númerum úr almennri símaþjónustu í netsímaþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun mun ekki hafa frekari afskipti af málinu en undrast stjórnsýslukæru í málinu.**

**FJARSKIPTI** Síminn hf. og Atlassími ehf. hafa náð sátt um að bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar verði fylgt eftir, en með henni var Síminn skyldaður til þess að fallast á flutning símanúmera yfir í netsímaþjónustu Atlassíma. Atlassími sendi kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna synjunar Símans um númeraflutning en með samkomulaginu fellst Síminn á að flytja númerin yfir í netsímaþjónustu Atlassíma, verði eftir því óskað.

Póst- og fjarskiptastofnun hóf undirbúning vegna innleiðingar á netsímaþjónustu hérlendis í lok árs 2004. Stofnunin kallaði þá til hagsmunaaðila sem komu sínum sjónarmiðum á framfæri.

Í fréttatilkynningu, sem Póst- og fjarskiptastofnun sendi frá sér á dögunum, segir að „sérstakt samráð hafi verið haft við Neyðarlínuna um þau atriði sem snúa að staðsetningarupplýsingum,“ en í því samráðsferli kom fram að enn hefði ekki verið sett á markað lausn sem getur staðsett síma á sama hátt og almenna heimilissíma. Til mótvægis við þess annmarka, sem enn eru fyrir hendi, var ákveðið að skilgreina sérstaka númeraröð fyrir flökkuþjónustu, sem gerir notendum kleift að nota síma þar sem þeir komast í internetsamband. Það skal gert með því að merkja sérstaklega þau símanúmer sem flutt væru úr almennum númeraröðum yfir í netsímaþjónustu, en fjarskiptafélögum sérstaklega ber að upplýsa notendur sérstaklega um þá annmarka sem eru á netsímaþjónustu, „meðal annars á grundvelli þess að Neyðarlínan gerði ekki athugasemdir við fyrirætlanir stofnunarinnar eins og þær birtust í yfirlýsingu um netsímaþjónustu frá 3. febrúar. 2006.“



**STARFSSTÖÐ NEYÐARLÍNUNNAR** Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunnar undrast kæru Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar, vega brábirgðaákvörðunar í deilu Símans hf. og Atlassíma ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar undrar sig á því að Neyðarlínan og Ríkislögreglustjóri hafi kært bráðabirgðaákvörðun stofnunarinnar. „Ég varð undrandi á því að Neyðarlínan skyldi kæra, þar sem við höfðum lagt okkur fram við það að hafa samráð við stofnunina um allt sem við kom þjónustu við netsíma, þegar að þessum málum var unnið í upphafi. Þá gerði Neyðarlínan engar athugasemdir við tilhögun mála.“

Samkvæmt fjarskiptalögum er fjarskiptafyrirtækjum ekki skylt að miðla staðsetningarupplýsingum til neyðarþjónustu, en samstarf milli fyrirtækja hérlendis hefur verið með þeim hætti, að örugglega hefur gengið að skapa öryggiskerfi „sem full ástæða er til þess að standa vörð um,“ eins og segir orðrétt í fréttatilkynningu frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Hrafnkell segir málinu, sem við kemur tilhögun netsíma á íslenskum markaði, lokið með sátt Símans og Atlassíma og ekki sé að vænta frekari afskipta stofnunarinnar af málinu.

magnush@frettabladid.is









**FRAMKVÆMDIR Í VATNSMÝRINNI** Framkvæmdum við nýja bensínstöð Esso í Vatnsmýrinni hefur verið hætt tímabundið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Framkvæmdum hætt við bensínstöð Esso í Vatnsmýri:

# Beðið eftir leyfinu

**SKIPULAGSMÁL** Borgaryfirvöld fóru fram á í síðustu viku að framkvæmdum á lóð nýrrar bensínstöðvar Esso í Vatnsmýrinni yrði hætt.

Bæði Esso og borgin standa fyrir framkvæmdum á reitnum og því var ákveðið að nota sama verktakann í verkið. Þegar verktakinn hóf vinnu á þeim hluta lóðarinnar sem tilheyrir Esso fóru borgaryfirvöld fram á að því yrði hætt þar sem enn hefur ekki verið veitt leyfi fyrir framkvæmdum við væntanlega bensínstöð.

Umrædda lóð fékk olíufélagið úthlutaða á sínum tíma í staðinn fyrir lóð sína við Geirsgötu, sem fer undir fyrirhugað tónlistarhús. - æþe


ÞJÓÐHÁTÍÐ Í VESTMANNAEYJUM
EYJAR 06
SKELLTU ÞÉR TIL EYJA!
TUBORG
LÉTTÖL
Todmobile + Stuðmenn + Bubbi + Í svörtum fötum
Á móti sól + Dr. Spock + Hoffman + Dans á rósum + Jet Black Joe
Hálft í hvoru + Foreign Monkeys + Brekkusöngur + Brenna+ Flugeldasýning
Miðasalan er hafin í Nesti
og á völdum ESSO stöðvum.
Miðaverð í forsölu er 8.500 kr.
Almennt miðaverð er 9.900 kr.
Sjá nánar á www.esso.is + www.dalurinn.is
Landsflug sér um að koma þér á Þjóðhátíð.
Bókun í síma 570 3030 eða á www.landsflug.is
PEPSI MAX
Esso
og vodafone



**VIRÐIR FYRIR SÉR HEIMINN** Stúlka í Suður-Líbanon horfir út úr íbúð fjölskyldu sinnar yfir stríðshrjáð þorpið. NORDICPHOTOS/AFP

Áhöfn flutningaskips skráð í Singapúr var bjargað suður af Alaska í gær:

# Fimm þúsund bílar sukku

**ALASKA, AP** Tuttugu og þriggja manna áhöfn var í gær bjargað um borð í þyrlur af sökkvandi flutningaskipi skammt frá Aleut-eyjum, suður af Alaska. Um borð í skipinu eru fimm þúsund nýjar bifreiðar sem átti að flytja frá Japan til Kanada.

„Þetta er eins og gríðarstórt bílastæði að innan,“ sagði Richard Reichenbach, yfirmaður bandarísku strandgæslunnar sem kom skipverjunum til bjargar. „Ég held að það versta sem hefði getað gerst væri að bílarnir losnuðu og færu að hlaðast hver ofan á annan.“

Skipið heitir Cougar Ace, er skráð í Singapúr en útgerðin er í eigu Japana.

Seint á sunnudagskvöld byrjaði skipið að hallast á bakborða. Skipverjarnir sendu strax út neyðarkall, en næsta skip bandarísku strandgæslunnar var í sólarhrings siglingarfjarlægð.

Á mánudaginn kom flugvél á staðinn en þá var skipið nærri komið á hliðina. Hallinn var orðinn áttatíu gráður. Þremur björgunarbátum var varpað úr flugvélinni, en þeir sukku áður en áhöfninni tókst að ná í þá. Fjórða björgunarbátnum var einnig varpað niður, en hann eyðilagðist í fallinu.

Í gær tókst loks að bjarga áhöfninni um borð í þrjár þyrlur og var flogið með hana norður til Adak-eyju, þar sem íbúar færðu þeim hlý föt, teppi, mat og kaffi. - gb



**SÖKKVANDI FLUTNINGASKIP** Nærri fimm þúsund bifreiðar voru um borð í skipinu þegar skipverjarnir yfirgáfu það. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Starfsmenn borgarstjórnar:

## Margir búa utan borgar

**STJÓRNMÁL** Fimmtungur starfsmanna á skrifstofu borgarstjórnar og borgarstjóra býr í bæjarfélögunum kringum borgina. Starfsmennirnir eru 25. Tveir þeirra búa í Kópavogi, tveir í Hafnarfirði og einn á Seltjarnarnesi.

Nýráðinn aðstoðarmaður borgarstjóra, Jón Kristinn Snæhólm, býr í Kópavogi. „Ég stefni á að flytja til borgarinnar,“ segir hann.

Gunnlaugur Júlíusson hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga segir engar reglur brotnar. „Menn hafa litið svo á að þetta jafni sig út í báðar áttir,“ svarar Gunnlaugur kankvís. - gag

Húsaleigubætur sveitarfélaga:

## Áætluð fjölgun um 15 prósent

**SVEITARFÉLÖG** Sveitarfélögin í landinu áætla að rúmlega ellefu þúsund einstaklingar muni njóta greiðslna húsaleigubóta á þessu ári. Það er 14,9 prósenta fjölgun frá árinu áður.

Greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna húsaleigubóta til sveitarfélaga hækkuðu um 6,5 prósentustig á milli áranna 2004 og 2005 og námu 46,5 prósentum heildargreiðslna í fyrra.

Heildargreiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum námu rúmlega 1,5 milljörðum króna árið 2005. - sdg

**HJÁLPARSTARF**

**Hjálp til Líbanon** Rauði kross Íslands hefur ákveðið að leggja tvær milljónir króna til hjálparstarfs í Líbanon eftir að Alþjóða Rauði krossinn sendi út neyðarbeiðni til aðildarsamtaka víða um heim.

Sala nýrra bíla meiri en á síðasta ári sem var metár:

# Verulega dregur úr nýskráningum bíla

**BÍLASALA** Sala nýrra bíla það sem af er þessu ári er umtalsvert meiri en fyrir ári síðan en tæplega þúsund fleiri bílar hafa verið seldir nú en þá sem þó var algjört metár hvað sölu á nýjum bílum snerti.

Hafa 20.225 bílar verið nýskráðir það sem af er þessu ári en 19.280 bílar á sama tíma árið 2005, en það er tæplega fimm prósentum meiri sala. Blikur eru þó á lofti því síðasta mánuðinn hefur verulega dregið úr nýskráningum. Almenningur virðist þannig vera farinn að halda að sér höndum og hefur til að mynda innflutningur á stórum jeppum og pallbílum frá Bandaríkjunum nánast stöðvast.

Aðeins tæpur þriðjungur nýskráðra bíla á yfirstandandi ári er með dísilvél, samkvæmt tölum Umferðarstofu. Rúmlega tuttugu rafmagnsbílar hafa verið seldir í ár sem er svipað og í fyrra. - aöe



**NEYSLUÆÐINU HVERGI LOKIÐ** Sprenging varð í sölu nýrra bíla í fyrra en það bliknar í samanburði við yfirstandandi ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ANNAÐ YFIRBRAGÐ Á ANNARRI HÆÐ FLUGSTÖÐVARINNAR** Yfirbragð brottfararverslunarinnar, sem margir Íslendingar þekkja vel, verður annað eftir að framkvæmdum lýkur.

# Stækkun sem dugar til 2016

**Fjölgun farþega um Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur kallað á stækkun og breytingar. Verklok eru áætluð í vor. Meðal nýjunga er farangursflokkunarkerfi.**

**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Hluti nýrrar viðbyggingar við norðurbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hefur verið tekinn í notkun. Frekari stækkun og breytingar eru á næsta leiti, því hafist hefur verið handa við lokaáfanga framkvæmdanna við flugstöðina. Verklok eru áætluð næsta vor þegar flugstöðin fagnar tuttugu ára afmæli.

„Við létum gera fyrir okkur farþegaspá og miðast allar framkvæmdirnar okkar við hana,“ segir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Gert er ráð fyrir að árlega fjölgi farþegum um sex til sjö prósent. „Af tölum sem komnar eru það sem af er þessu ári er ljóst að við munum fara vel yfir tvær milljónir farþega á árinu. Þessar breytingar eiga að duga okkur fram til ársins 2015 eða 2016 eða fyrir rúmar þrjár milljónir farþega,“ segir Höskuldur.

Við endurskipulagningu flugstöðvarinnar segir Höskuldur að lögð hafi verið áhersla á gott þjónustustig, að tryggja flugöryggi og flugvernd en einnig að góður afrakstur verði af verslunar- og veitingastarfsemi. „Við höfum aðallega unnið með dönskum og breskum aðilum, ásamt íslenskum hönnuðum. Þessir aðilar hafa til dæmis verið að vinna á Kastrup-flugvelli og breskum flugvöllum, svo það má segja að við höfum verið að taka úr ýmsum áttum,“ segir Höskuldur.

Stækkun norðurbyggingarinnar nemur 16.500 fermetrum en fyrir stækkunina var hún 22 þúsund fermetrar. Ein viðamesta breytingin verður nýtt farangursflokkunarkerfi sem er sjálfvirkt og afkastar þrefalt meira en núverandi kerfi. Rýmra verður um þjónustu í brottfararsal flugstöðvarinnar og hafa nýjar verslanir þegar tekið til starfa og eldri verslanir fært sig í stærra rými. Má þar nefna verslunina Epal design og Inspired by Iceland, sem er systurverslun 10-11 verslananna. Innritunarsalurinn verður stokkaður upp og mun innritunarborðum meðal annars fjölga úr 25 í 41. Uppganga brottfararfarþega úr innritunarsal upp á aðra hæð þar sem vopnaleit fer fram hefur einnig breyst mikið. Búið er að taka í notkun nýja leið um svokallaðan Laufskála þar sem áður var aðstaða fyrir reykingafólk.

Nokkrar nýjunganna sem þegar hafa verið teknar í notkun hafa mælst vel fyrir hjá farþegum á leið um Leifsstöð. Þar á meðal eru yfirbyggðar gönguleiðir sem liggja úr flugstöðinni að bílastæðum. Hafa léttklæddir Íslendingar sem eru nýkomnir úr sólarferðum sérstaklega verið þakklátir fyrir að geta gengið í bíla sína án þess að láta íslensku rigninguna dynja á sér.



**NÝ UPPGÖNGULEIÐ UM LAUFSKÁLANN** Meðal breytinga sem þegar hafa verið teknar í notkun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er ný leið frá innritunarsal upp á aðra hæð norðurbyggingarinnar.

annat@frettabladid.is



# ALLT Í ÚTILEGUNA




## „POP UP" TJALD
Gott 2ja manna tjald sem mjög fljótlegt er að tjalda. Aðeins nokkur handtök.
St. 205x140 sm.
Þyngd 3,1 kg.



**TJALD+SVEFNPOKI SAMAN Á AÐEINS:**
**2.990,-**

## „PEGASUS" SVEFNPOKI
Stór og rúmgóður svefnpoki með tvöföldum rennilás.
Hægt að renna tveimur pokum saman. Ytra byrði vatnsvarið nylon og innra byrði 100% bómull. Fyrir fólk allt að 195 sm á hæð. Breidd á poka 85 sm. Hlýr allt að 0°C.
Þyngd 1650 gr. Má þvo í vél.
Poki fylgir með.




**VERÐ FRÁ:**
**990,-**

## VELOUR VINDSÆNGUR
Virkilega góðar og vandaðar dýnur, 22 sm þykkar og góðar.
Fást í nokkrum stærðum.
Þessar eru nauðsynlegar í útileguna!



VERÐ ÁÐUR: 1.990,-
**1.690,-**

## TJALDDÝNA
Sjálfuppblásanleg tjalddýna, þessi er einstaklega þægileg.



**399,-**

## TJALDDÝNA
7 mm þykk, stærð 180x50 sm.

**790,-**

## TJALDDÝNA
12 mm þykk, stærð 190x55 sm.



**149,-**

## EINNOTA GRILL
Gott einnota grill, tilbúið til notkunar með grillkolum og grind. Stærð á grillfleti er 23 x 29 sm. Frábært verð!



**950,-**

## KÆLIBOX 24 LTR.
Gott kælibox, tekur 24 lítra. Nauðsynlegt í útileguna eða ferðalagið.



**690,-**

## „HAMMER" PUMPA
Tvívirk 3 ltr. pumpa.



**990,-**

## RAFMAGNSPUMPA
fyrir 200W og 12V.



VERÐ ÁÐUR: 1.490,-
**990,-**

## „NORMA" TJALD
Gott 2ja manna tjald með vatnsvörðu, akrýlhúðuðu nyloni. Þéttur botn og sterkar stangir. St. 200x140x105 sm. Mjög létt, tekur lítið pláss.



**690,-**

## „US" STÓLI
Einstaklega hentugur stóll í útileguna, bústaðinn, ferðalagið eða á völlinn með glasahaldara. Hægt að leggja alveg saman.



**8.990,-**

## „SAINT TROPEZ" TJALD
Gott 4 manna tjald úr vönduðu polyesterefni. Góður frágangur á saumum svo bleyta nái ekki inn. Sterkur botn og góðar stangir. Hátt og gott, hægt að standa inni í því. St. 240x210/120x130 sm.



**2.990,-**

## „MERKUR" 2-3JA MANNA TJALD
Gott 3ja manna tjald með álhúðuðu polyester í ytra byrði. Innra byrði er úr 100% nylon sem andar. Þéttur botn. Stærð 130x210x210 sm.




**14.900,-**

## „MONACO" 6 MANNA TJALD
Sex manna tjald úr virkilega sterku og góðu polyester. Vandaður frágangur á saumum svo að bleyta eigi ekki greiðan aðgang inn í tjaldið. Sterkar stangir og bönd. Þrír 2ja manna svefnskálar og gott fortjald. Breidd 130/210/130. Lengd 205/130. Hæð 145/190.

-góð kaup
**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



**EINN AF ÞÚSUND** Ein af 980 risapöndum í heiminum gæðir sér á blöðum bambustrés á útungunarstöð í Kína. Kínverjar hafa tekið frá 10.400 ferkílómetra svæði sem griðastað fyrir bangsana.
NORDICPHOTOS/AFP

Auðkennislykill sem ver fólk fyrir heimabankaþjófum er nú í prófun:

# Ætíð ný njósnaforrit í umferð

**ÖRYGGI** Stöðugur straumur nýrra eða endurbættra njósnaforrita er í umferð á hverjum tíma að sögn Friðriks Skúlasonar tölvufræðings. Hann segir svokallaða auðkennislykla, sem eru samstarfsverkefni allra banka landsins og verða teknir í almenna notkun hér á landi í haust, vera mikilvæga vörn gegn heimabankaþjófnaði.

Hafin var veruleg efling varna gegn þjófnuðum úr heimabönkum í fyrrahaust eftir að ljóst varð að þjófar voru farnir að millifæra fjárhæðir út af reikningum fólks. Nú er allstór hópur viðskiptavina bankanna með auðkennislykla til prófunar, sem eru þannig úr garði gerðir að þeir gefa eiganda sínum á augabragði nýtt auðkennisnúmer í hvert skipti sem hann skráir sig inn í heimabanka sinn.



**AUÐKENNISLYKILLINN** Lyklar af þessu tagi verða teknir í almenna notkun í haust.

„Tækin birta tölur sem breytast með reglulegu millibili. Til þess að komast inn í heimabanka þarf að slá inn þessar tölur. Þótt óprúttnir hafi komist yfir einhverjar grunnupplýsingar þá geta þeir ekki komist að því hver gildandi tala hverju sinni er.

Gallinn er hins vegar sá að eigandi heimabanka verður alltaf að hafa tækið við hendina. Ef því er stolið hefur þjófurinn allan aðgang að heimabankanum.“

Friðrik bendir enn fremur á að aukið öryggi þýði yfirleitt, í hvaða formi sem er, minni þægindi. - jss

Olíudraumar Grænlendinga:

# Danir vilja hluta gróðans

**GRÆNLAND** Danir og Grænlendingar deila nú um það hvort tekjur af olíu, sem hugsanlega finnst út af ströndum Grænlands, eigi að falla Grænlendingum óskiptar í skaut eða dragast frá árlegum greiðslum frá Danmörku til grænlensku landstjórnarinnar.

Meirihluti er fyrir því í danska þinginu að olíutekjurnar komi til frádráttar, samkvæmt frétt á vefsíðu danska dagblaðsins Politiken í gær. Samkvæmt vefsíðu grænlenska útvarpsins eru grænlenskir ráðamenn á hinn bóginn einhuga um að tekjurnar eigi að renna óskiptar til Grænlands. - gb

Ný ræðisskrifstofa stofnuð:

# Ræðismaður Svía á Húsavík

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneyti Svíþjóðar hefur ákveðið að stofna sænska ræðisskrifstofu á Húsavík. Íslensk stjórnvöld hafa veitt samþykki sitt til að Þórunn Harðardóttir gegni starfi sem ræðismaður fyrir Svíþjóð og hefur Þórunn verið skipuð heiðursræðismaður fyrir sveitarfélögin Norðurþing og Akureyri.

Svíþjóð hefur rúmlega fjögur hundruð ræðisskrifstofur í fleiri en 130 löndum. Á Íslandi er Svíþjóð jafnframt með ræðismenn á Seyðisfirði, Siglufirði og í Vestmannaeyjum. - sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Árekstur á Akureyri** Einn slasaðist lítillega í árekstri á mótum Stóragerðis og Grundargerðis á Akureyri skömmu fyrir hádegi í gær. Orsök slyssins er talin sú að hægri réttur var ekki virtur.

Indverjar vonsviknir með Alþjóðaviðskiptastofnunina:

# Ríki heims einblína á tvíhliða viðræður

**NÝJA-DELÍ, AP** Allt útlit er fyrir að ríki heims einblíni í auknum mæli á tvíhliða viðræður í alþjóðaviðskiptum eftir að fimm ára löngum Doha-viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar lauk í gær með vonbrigðum og ásökunum um ósveigjanleika á báða bóga.



KAMAL NATH

Verslunar- og iðnaðarráðherra Indlands, Kamal Nath, tjáði blaðamönnum í gær að enn væri stefnt á að gera „efnahagslega samstarfssamninga“ við Evrópu og Japan, en minntist ekki á Bandaríkin. Hann kvaðst vera ánægður með að hafa ekki látið undan þrýstingi hinna ríkari þjóða og brigslaði þeim um skilningsleysi.

Nath taldi meginástæðu þess að samningaviðræðurnar mistókust ekki vera „ágreining um tölur“. Indverjar hefðu litið svo á að viðræðurnar snerust um útflutning varnings fátækra ríkja til þeirra ríkari, með þróunarsjónarmið að leiðarljósi, en ríkari þjóðir heims hefðu verið að semja um aukin markaðstækifæri fyrir sig sjálf.

Talsmaður Evrópusambandsins, Peter Mendelson, tók undir gagnrýni verslunarráðherrans og sagði Bandaríkjamenn bera höfuðábyrgð á klúðri viðræðnanna. - kóþ



**SÝNA STUÐNING** Frá vinstri eru þau Díana Ósk, Signý og Þorlákur sem öll hafa leitað stuðnings til Foreldrahúss. Þau hvetja foreldra til að gefa börnum og unglingum skýr skilaboð.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Unglingum séu sett mörk

**Foreldrahús og skjólstæðingar þess vilja veita foreldrum stuðning með því að hvetja til samráðs og samheldni við að virða lög og reglur. Brýnt er að foreldrar setji skýrar reglur og hviki ekki frá þeim.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Díana Ósk Óskarsdóttir, Signý Pétursdóttir og Þorlákur Jónsson eiga það sameiginlegt að eiga sextán til sautján ára unglinga sem eiga eða hafa átt í erfiðleikum. Þau hvetja foreldra til aukins samráðs við aðra foreldra og til samheldni þeirra innan skóla, borgarhverfa eða minni samfélaga við að virða lög og reglur sem varða börn og unglinga og gefa skýr skilaboð um hvað er leyfilegt og hvað ekki.

Díana Ósk, Signý og Þorlákur kynntust í Foreldrahúsi, sem er hluti af foreldrasamtökum Vímulausrar æsku, þar sem þau hafa leitað sér ráðgjafar og stuðnings. Nú þegar verslunarmannahelgin nálgast finnst þeim nauðsynlegt að veita öðrum foreldrum stuðning með því að minna á hversu mikilvægt það er að standa á sínu og láta ekki undan þrýstingi unglingsins.

Signý Pétursdóttir segist hafa lært af reynslu að foreldri eigi ekki að vera hrætt við að setja unglingum skýr mörk og afdráttarlausar reglur. „Þó að maður sé hræddur um hann má það ekki birtast sem hræðsla við viðbrögð unglingsins. Það má aldrei hætta að segja nei, þetta gerir þú ekki. Foreldrar verða að halda í sín mörk og reglur, og að þær séu eðlilegar að mati foreldris en ekki unglingsins.“ Signý telur einnig mikilvægt að foreldrar séu alltaf á varðbergi. „Sá sem selur barninu þínu eiturlyf er oft hluti af vinahópi þíns unglings og einhver sem þú grunar kannski aldrei um neitt misjafnt.“

Þorlákur Jónsson minnir á að unglingar eru á ábyrgð foreldra þangað til þau eru orðin sjálfráða og það sé foreldranna að leggja viðmið. „Aðhaldið á að koma frá foreldrunum. Það er meiri umhyggja í að segja nei en já hvað þetta snertir.“

Díana Ósk telur mikilvægast fyrir foreldra að hafa stjórn eins lengi og þeir mögulegast geta og að börn og unglingar séu ekki eftirlitslaus, sérstaklega þar sem er hugsanlegt að áfengis eða annarra vímuefna sé neytt. „Þegar þau eru byrjuð að fikta þá hafa foreldrarnir misst tökin. Það er ekki nóg að treysta sínum eigin ungling því það eru svo margir aðrir sem engin ástæða er til að treysta. Það er alls konar fólk sem er með gylliboð og hefur hreinlega af því atvinnu að afvegaleiða börn og unglinga.“

svavar@frettabladid.is

„Bensín fyrir brauð“ áætlunin:

# Vissu um múturnar

**STOKKHÓLMUR, AP** Sænsku ríkisstjórninni var þegar árið 2000 kunnugt um að múta þyrfti ráðamönnum í Írak til að ná samningum í áætlun Sameinuðu þjóðanna sem kölluð var „bensín fyrir brauð“ en hún leyfði Írökum, undir eftirliti SÞ, að versla lyf, matvæli og vissar iðnaðarvörur fyrir tekjur af olíusölu.

Múturnar fóru þannig fram að ofan á hvern samning var lögð tíu prósenta álagning og rann féð í óopinbera sjóði ríkisins.

Sænska stjórnin á að hafa þagað um málið þar sem afskipti af málinu væru gegn hagsmunum sænskra fyrirtækja í Írak. Jan Eliasson utanríkisráðherra segir að sænskir embættismenn hafi víst látið stofnun innan SÞ vita um málið, en ekkert hafi verið aðhafst. - kóþ



# SETTU ÞAÐ SAMAN HTH













*3 sýningarsalir: Smáralind, Akureyri og Selfoss*










FALLEGT,
VANDAÐ,
ÓDÝRT OG
TIL Á LAGER
– *NÚNA*

**AEG**
HEIMILISTÆKI Á TILBOÐSVERÐI ÞEGAR KEYPTAR ERU „SETTU ÞAÐ SAMAN“ INNRÉTTINGAR




**ORMSSON**

Árvirkinn

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160 | RADIONAUST, AKUREYRI · Sími 461 5003 | SMÁRALIND · Sími 530 2906 / 530 2907 / 530 2908

## „ORÐRÉTT“

### *Skelfileg þróun*

**„Í sumar höfum við orðið varir við aukna tíðni bifhjólaslysa og sú þróun er skelfileg.“**

ÁRNI FRIÐLEIFSSON LÖGREGLUVARÐSTJÓRI UM FJÖLGUN BIFHJÓLASLYSA Á ÁRINU. MORGUNBLAÐIÐ, 25. JÚLÍ.

### *Ekki leiðum að líkjast*

**„Við miðum gæði námsins við einkarekna háskóla í Bandaríkjunum en þar eru skólagjöld mun hærri en hér.“**

MAGNÚS ÁRNI MAGNÚSSON, AÐSTOÐARREKTOR VIÐSKIPTAHÁSKÓLANS Á BIFRÖST, UM NÝLEGA HÆKKUN Á SKÓLAGJÖLDUM VIÐ HÁSKÓLANN. FRÉTTABLAÐIÐ, 25. JÚLÍ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** OLIVER KENTISH TÓNLISTARMAÐUR

## *Skrifar fyrir kontrabassa og bassabásúnu*



„Maður er í þessu líka dásamlega sumarfríi,“ segir Oliver Kentish tónlistarmaður, þegar hann er inntur frétta. Hann er greinilega ánægður með það sem af er sumri og segir að rólegheitin hafi þar verið allsráðandi. „Ég er nýkominn frá Akureyri þar sem ég var að elta sólina. Þar lenti ég í þoku og rigningu á meðan besta veðrið var fyrir sunnan,“ segir hann, hlær og bætir við að maður þurfi nú ekki að hafa sólskin allt sumarið.

Oliver lagði land undir fót fyrir nokkru og dvaldi í um mánaðartíma í Hveragerði. „Dvölin var ágæt en ég var þar til að reyna að læra að breyta lífsstílnum og hætta að reykja,“ segir Oliver sem lætur fylgja sögunni að hann hafi náð takmarkinu og sé hættur að reykja.

Sumarfríið reynir Oliver annars að nýta sem best í að semja tónlist. „Núna er ég að vinna að nokkrum sönglögum fyrir sópran og bassabásúnu, við texta eftir Hannes Pétursson. Þetta er kannski dálítið sérstök hljóðfærasamsetning en mér þykir hún skemmtileg.“ Oliver sinnir einnig öðru bassahljóðfæri og er að leika sér við að skrifa konsert fyrir kontrabassa. „Á næstunni ætla ég að athuga hvort mér verður eitthvað ágengt í því,“ bætir hann við.

Annars fer að líða að lokaundirbúningi fyrir veturinn og segir Oliver að hann hafi í nógu að snúast hjá Sinfóníuhljómsveit áhugamanna sem hann stjórnar. „Ég er að leggja lokahönd á efnisskrána fyrir næsta vetur og reyna að fá einleikara, nótur og fleira í þeim dúr. Allt svoleiðis þarf maður að hafa tilbúið áður en veturinn gengur í garð.“

## SJÓNARHÓLL

ÞRÓUN LÍFS Í SURTSEY




HALLDÓR GUÐBJÖRNSSON SKÓSMIÐUR

### *Vill sjá nýjar myndir*

Mér líst mjög vel á þessa þróun í Surtsey og finnst skemmtilegt að það skuli vera fylgst með henni. Ég vil endilega að þetta haldi áfram því það er athyglisvert að sjá hvernig það gengur fyrir sig að byggja upp nýtt líf þarna úti í eyjunni. Þarna gerist bara það sem hefur gerst alls staðar í gegnum árþúsundin og alveg nauðsynlegt að fylgjast með því.
Í fréttum um daginn var verið að tala um að hleypa kannski ferðamönnum út í eyjuna. Því er ég alfarið á móti. Hitt er annað mál að mér þætti vel við hæfi að tekin yrði sjónvarpsmynd af þessu svo almenningur gæti líka fylgst með þróuninni þarna.

# Rann inn í konu annars manns

**Undanfarin ár hefur Jónas Þór frá Þjóðræknisfélagi Íslands leitt Íslendinga á slóðir Vestur-Íslendinga í Ameríku. Í hverri ferð hafa frændur fundist og segir hann það magnað að verða vitni að slíku en einnig gerist ýmislegt spaugilegt þegar Vestur-Íslendingar bregða fyrir sig íslenskunni.**

„Ég hef mest farið um miðvesturríki Bandaríkjanna og síðan um nær allt Vestur-Kanada, allt frá Manitoba til Kyrrahafs,“ segir Jónas Þór. „Allar þessar ferðir miða að því sama, það er að fara um þau svæði sem vesturfararnir settust að og kappkosta að því að hitta afkomendur þeirra. Ég hef farið svona ferðir undanfarin fimm ár og í hvert sinn hafa frændur fundist og það er mögnuð upplifun að verða vitni að slíku. Stundum hefur fólk hreinlega líkst hvort öðru en oftar er það þó þannig að yngra fólkið hefur sagt sem svo „mikið líkist þessi nú afa“ eða eitthvað á þá leið og upp frá því farið að spyrja út úr og þá hafa ættartengslin komið í ljós. Svo er það alveg merkilegt hvað margir þeirra kunna íslensku,“ segir hann.

Jónas kenndi íslensku í Winnipeg þegar hann stundaði nám þar í sagnfræði á áttunda áratugnum og þá gat ýmislegt spaugilegt komið upp þegar Vestur-Íslendingar vildu slá um sig á tungu forfeðranna.

„Ég man til dæmis eftir því að ég var samferða einum þeirra út á bílaplan og þegar ég er að stíga upp í bílinn segir hann „góða nótt, ástin mín.“ Þá hafa móðir hans og amma jafnvel sagt þetta við hann sem strák áður en þær breiddu yfir hann á kvöldin og það hefur setið honum fast í minni. Ég fór varlega í það að útskýra það fyrir honum að karlmenn myndu ekki kveðjast með þessum hætti. En það var engu tauti við hann komið og hann bauð mér alltaf góða nótt á þessa leið. Eins brá mér nokkuð í brún þegar ég heyrði einn þeirra segja „ég rann inn í konuna þína í Háskólanum í morgun.“ Ég sagði að ekki væri betur séð en hann hefði runnið vel úr henni aftur,“ segir Jónas og hlær.




VIÐ VÍKURKIRKJU Í NORÐUR-DAKOTA-RÍKI



**JÓNAS ÞÓR** Sagnfræðingurinn ætlar með hóp Íslendinga á slóðir vesturfara í Bandaríkjunum í október. Það er ekki gott að segja hvað gerist í þeirri ferð en Jónas hefur upplifað margt óvenjulegt frá því hann kynntist þessum löndum okkar í vestri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Næsta haust er fyrirhuguð ferð á vegum Þjóðræknisfélags Íslands og Norræna félagsins frá Minneapolis til Minot í Norður-Dakota þar sem leitast verður við að finna Vestur-Íslendinga. Á leiðinni verður til dæmis komið við í Víkurkirkju sem er elsta íslenska kirkjan í Bandaríkjunum. Einnig verður komið við á Icelandic State Park safninu skammt frá Renwick-vatni en þar er meðal annars að finna nokkur af fyrstu húsunum sem Vestur-Íslendingar byggðu. Svo er það bara spurningin hvort ferðalangarnir renni ekki inn í eitthvert skemmtilegt fólk.

**jse@frettabladid.is**






**VOCES THULES SYNGJA Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU** Hér syngja þeir fimmmenningar úr Þorlákstíðum. Þeir eru Einar Jóhannesson, Guðlaugur Viktorsson, Sverrir Guðjónsson, Eiríkur Hreinn Helgason og Sigurður Halldórsson. Eggert Pálsson sem einnig er Thulebarki gat ekki verið viðstaddur í þetta sinnið. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Íslenskir söngvar frá miðöldum

Margir kynnu að halda að tónlistarmenning forfeðra okkar hafi nær engin verið og það sem þó var sé nú löngu týnt og tröllum gefið. Þessu eru söngspírurnar í Voces Thules ekki sammála en þær hafa undanfarin ár tileinkað sér íslenska tónlist frá miðöldum.

„Við einbeitum okkur aðallega að tónlist frá tímabilinu til 1500,jafnvel 1550 og í því felst langmest kirkjusöngur,“ segir Sigurður Halldórsson, sem er ein Thuleröddin. „Til dæmis höfum við gefið út geisladisk með Þorlákstíðum en það er eitt merkasta tónlistarhandrit sem varðveist hefur á Íslandi en það var líklegast skrifað á 14. öld og er tileinkað Þorláki Þórhallssyni biskupi í Skálholti sem var uppi á 12. öld. Fljótlega eftir lát hans fór orð af helgi hans og hann er í raun okkar eini löglegi dýrlingur.“

Sigurður segir þó alveg ljóst að forfeður okkar hafi ekki einungis sungið við helgihald. „Það er nokkuð ljóst að Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar hefur verið sungin. Það sést á reglulegu og taktföstu formi ljóðsins og svo er þar viðlag sem kemur fyrir á nokkurra erinda fresti.“

Nútímamaðurinn virðist taka þessum miðaldasöng afar vel því nóg er að gera hjá þessum norrænu börkum sem hafa sungið saman í 14 ár. „Við höfum tvisvar sungið á listahátíð hér í Reykjavík en einnig á listahátíð í Bergen og svo sungum við á tónlistarhátíð í Utrecht í Hollandi en hún er tileinkuð fornum tónlistarhefðum. Svo fórum við í vetur til Japans þar sem við sungum í 15 borgum og það var mjög athyglisvert,“ segir Sigurður að lokum. - jse


Síminn
HJÖRTUN SLÁ HRAÐAR
UM HELGAR!
SMS OG MMS Á 5 KR.
SMS & MMS
5 KR*
ALLAR HELGAR Í SUMAR
SONY ERICSSON W810i
35.980 kr.
Æðislegur tónlistarsími með frábærri myndavél fyrir sumarfílinginn.
SONY ERICSSON K510i
24.980 kr.
Flottur sími með miklum möguleikum. Þráðlaust blátannar heyrnartól fylgir með.
SONY ERICSSON Z300i
10.980 kr.
Lítill og krúttlegur skjaldbökusími sem þjónar þér vel á sumarferðalögunum.
Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.
ENNEMM / SÍA / NM22738
* Eingöngu innan kerfis Símans

## Svona erum við

> Meðalhiti í apríl (Reykjavík)




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

# *Samfélag þar sem jafnrétti ræður*

Öryrkjabandalag Íslands var stofnað árið 1961 með þá framtíðarsýn að eitt samfélag verði til fyrir alla þar sem jafnrétti ræður á öllum sviðum. Samfélag þar sem fatlað fólk hafi tækifæri til að þroskast og nýta hæfileika sína til jafns við aðra þegna landsins og geti á hverjum tíma lifað og starfað á sínum eigin forsendum. Aðildarfélög bandalagsins eru þrjátíu, þar á meðal Blindrafélagið, Félag heyrnarlausra, Geðhjálp og Sjálfsbjörg – landssamband fatlaðra.

**Hvaða þjónustu veitir bandalagið?**
Öryrkjabandalag Íslands veitir margþætta félagslega ráðgjöf og þjónustu. Meðal þess sem boðið er upp á er ókeypis lögfræðiþjónusta, djáknaþjónusta og hússjóður. Einnig rekur bandalagið Hringsjá – starfsþjálfun fatlaðra og starfrækir ýmsa vinnustaði samkvæmt þjónustusamningi við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík. Bandalagið gefur út tímarit tvisvar á ári og á aðild að Íslenskri getspá og Tölvumiðstöð fatlaðra ásamt mörgum erlendum samtökum öryrkja og fatlaðra.

**Hvernig starfar bandalagið?**
Á aðalfundi tilnefnir hvert af félögunum þrjátíu fulltrúa sinn í aðalstjórn og einn til vara. Úr hópi aðalstjórnarmanna kýs aðalfundur formann, varaformann, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda og mynda þeir framkvæmdastjórn bandalagsins. Aðal- og framkvæmdastjórn sjá um hag bandalagsins og annast starfsemi þess og rekstur. Aðalstjórnarfundir eru haldnir að minnsta kosti fjórum sinnum á ári. Skrifstofa bandalagsins er staðsett í Hátúni.



**Hver eru markmið þess?**
Markmið Öryrkjabandalags Íslands er að koma á jafnrétti til atvinnu, búsetu, félagslegrar þátttöku, heilbrigðisþjónustu, menntunar og sambærilegra kjara. Meðal verkefna og áherslna er að bandalagið verði viðurkennt af löggjafa og stjórnvöldum sem heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi, það eigi fulla aðild að undirbúningi að hverri þeirri lagasetningu sem varðar réttindamál fatlaðs fólks og eigi óskoraðan umsagnarrétt um öll þau þingmál sem varða hagsmuni fatlaðs fólks.

## KARLRÁÐHERRAR ÍSLANDS

Hannes Hafstein, Björn Jónsson, Kristján Jónsson, Sigurður Eggertz, Einar Arnórsson, Jón Magnússon, Björn Kristjánsson, Sigurður Jónsson, Pétur Jónsson, Magnús Guðmundsson, Klemens Jónsson, Magnús Jónsson, Jón Þorláksson, Tryggvi Þórhallsson, Jónas Jónsson, Magnús Kristjánsson, Einar Árnason, Sigurður Kristinsson, Ásgeir Ásgeirsson, Þorsteinn Briem, Ólafur Thors, Jakob Möller, Stefán Jóhann Stefánsson, Björn Þórðarson, Vilhjálmur Þór, Björn Ólafsson, Jóhann Sæmundsson, Pétur Magnússon, Emil Jónsson, Finnur Jónsson Brynjólfur Bjarnason, Áki Jakobsson, Bjarni Ásgeirsson, Eysteinn Jónsson, Bjarni Benediktsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Jón Pálmason, Hermann Jónasson, Steingrímur Steinþórsson, Ingólfur Jónsson, Kristinn Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Hannibal Valdimarsson, Guðmundur Í. Guðmundsson, Lúðvík Jósepsson, Gylfi Þ. Gíslason, Friðjón Skarphéðinsson, Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Magnús Jónsson, Eggert Þorsteinsson, Einar Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson, Magnús Kjartansson, Magnús Torfi Ólafsson, Ólafur Jóhannesson, Björn Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Vilhjálmur Hjálmarsson, Benedikt Gröndal, Bragi Sigurjónsson, Kjartan Jóhannsson, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason, Friðjón Þórðarson, Hjörleifur Guttormsson, Ingvar Gíslason, Pálmi Jónsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson, Tómas Árnason, Albert Guðmundsson, Alexander Stefánsson, Halldór Ásgrímsson, Jón Helgason, Sverrir Hermannsson, Þorsteinn Pálsson, Birgir Ísleifur Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Guðmundur Bjarnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Jón Sigurðsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson, Davíð Oddsson, Eiður Guðnason, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Össur Skarphéðinsson, Björn Bjarnason, Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Guðni Ágústsson, Árni M. Mathiesen, Jón Kristjánsson, Tómas Ingi Olrich, Sturla Böðvarsson, Árni Magnússon, Einar K. Guðfinsson, Jón Sigurðsson, Magnús Stefánsson.

# Þorgerður Katrín sat fyrst kvenna í forsæti ríkisstjórnar

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra gegnir störfum forsætisráðherra í sumarleyfi Geirs H. Haarde. Þorgerður Katrín er fyrst kvenna til að sitja í forsæti íslenskrar ríkisstjórnar. Hún stýrði sínum fyrsta ríkisstjórnarfundi í gær.**

Sex ráðherrar sátu þennan sögulega ríkisstjórnarfund í gær. Auk Þorgerðar voru Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Einar K. Guðfinsson sjávarútvegsráðherra og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra. Aðrir ráðherrar voru fjarverandi, ýmist í sumarleyfum eða í embættiserindum.

Fimm mál voru á dagskrá fundarins. Menntamálaráðherra lagði fram málefni Tónlistar- og ráðstefnuhúss, málefni ESA og Lánasjóðs íslenskra námsmanna og skýrslu um framtíð kennaramenntunar. Fjármálaráðherra gerði grein fyrir helstu niðurstöðum álagningar opinberra gjalda á einstaklinga og sjávarútvegsráðherra kynnti reglugerðir um veiðar á komandi fiskveiðiári. Þrátt fyrir fámennið var fundurinn nokkuð langur, stóð í um eina og hálfa klukkustund.

Íslendingar hafa haft ráðherra síðan árið 1904 en fyrst árið 1970 varð kona ráðherra. Þá tók Auður Auðuns, Sjálfstæðisflokki, við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra í ríkisstjórn Jóhanns Hafsteins en stjórnin sat fram á mitt sumar árið eftir. Auður var því ráðherra í níu mánuði, tveimur mánuðum skemur en hún gegndi starfi borgarstjóra í Reykjavík áratug fyrr. Auður var kjörin á Alþingi árið 1959 og sat til ársins 1974.

Tólf ár liðu þar til önnur kona varð ráðherra. Var það Ragnhildur Helgadóttir, Sjálfstæðisflokki, sem varð menntamálaráðherra í stjórn Steingríms Hermannssonar árið 1983. Breytingar voru gerðar á stjórninni árið 1985 og varð Ragnhildur þá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Líkt og Auður - og eins og Sólveig Pétursdóttir, Þorgerður Katrín og Jónína Bjartmarz - nam Ragnhildur lögfræði við Háskóla Íslands. Hún varð fyrst þingmaður árið 1956 og sat með hléum til ársins 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir, Alþýðuflokki, varð þriðja konan til að verða ráðherra í ríkisstjórn Íslands og var hún félagsmálaráðherra í fjórum ríkisstjórnum. Hún var fyrst ráðherra í stjórn Þorsteins Pálssonar sem tók við völdum sumarið 1987, þá í tveimur stjórnum Steingríms Hermannssonar og loks sat hún í stjórn Davíðs Oddssonar. Sú stjórn tók til starfa árið 1991 en þegar enn var tæpt ár eftir af kjörtímabilinu sagði Jóhanna af sér ráðherradómi.

Fimm mánuðir liðu þar til Rannveig Guðmundsdóttir, Alþýðuflokki, settist í ríkisstjórn og er það eina tímabilið, frá því að Ragnhildur Helgadóttir varð ráðherra, sem engin kona hefur verið í ríkisstjórn landsins. Rannveig var félagsmálaráðherra frá nóvember árið 1994 fram í apríl árið 1995, er önnur stjórn Davíðs tók við. Í henni var Ingibjörg Pálmadóttir, Framsóknarflokki, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og sat hún fram í apríl árið 2001 er hún lét af þingmennsku.



**AUÐUR AUÐUNS (D)** Dómsmálaráðherra 10.október 1970 - 14. júlí 1971.



**RAGNHILDUR HELGADÓTTIR (D)** Menntamálaráðherra 26. maí 1983 - 16. okt. 1985, heilbrigðisráðherra 16. okt. 1985 - 8. júlí 1987.



**INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR (B)** Heilbrigðis- og tryggingaráðherra 23. apríl 1995 - 14. apríl 2001.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR (A)** Félagsmálaráðherra 8. júlí 1987 - 24. júní 1994.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR (B)** Umhverfisráðherra 28. maí 1999 - 14. september 2004. Heilbrigðisráðherra 7. mars 2006.



**RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR (A)** Félagsmálaráðherra 12. nóvember 1994 - 23. apríl 1995.



**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR (D)** Dóms- og kirkjumálaráðherra 28. maí 1999 - 23. maí 2003.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR (B)** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra 31. des. 1999 - 15. júní 2006. Utanríkisráðherra 15. júní 2006.

Eftir kosningarnar árið 1999 urðu tvær konur, auk Ingibjargar, ráðherrar. Sólveig Pétursdóttir, Sjálfstæðisflokki, varð dóms- og kirkjumálaráðherra og Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra. Á gamlársdag það ár varð Valgerður Sverrisdóttir svo iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Sátu því fjórar konur í ríkisstjórninni og höfðu þær ekki áður verið jafn margar. Af þeim voru þrjár í Framsóknarflokknum og hafði flokkurinn á að skipa jafn mörgum kven- og karlráðherrum, líkt og nú.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki, varð menntamálaráðherra á gamlársdag árið 2003 og í september árið 2004 tók Sigríður Anna Þórðardóttir, Sjálfstæðisflokki, við umhverfisráðuneytinu af Siv Friðleifsdóttur. Siv varð aftur ráðherra í mars á þessu ári og að þessu sinni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Jónína Bjartmarz, Framsóknarflokki, varð svo umhverfisráðherra í stað Sigríðar Önnu um miðjan júní.

Jóhanna Sigurðardóttir hefur setið kvenna lengst í ríkisstjórn, rétt tæp sjö ár. Valgerður Sverrisdóttir hefur rúmlega sex ára ráðherradóm að baki og Siv Friðleifsdóttir rúmlega fimm.

Frá því að heimastjórnin fékkst árið 1904 og fyrsti ráðherrann var skipaður hafa 119 gegnt ráðherraembætti á Íslandi: 108 karlar og ellefu konur.



FRÉTTASKÝRING
**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON**
bjorn@frettabladid.is



**RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS UNDIR FORSÆTI ÞORGERÐAR KATRÍNAR GUNNARSDÓTTIR** Í ellefu kvenna ráðherrasögu Íslands hefur það einu sinni gerst að kvenráðherra fari með forsæti í ríkisstjórn. Það var í gær, þegar Þorgerður Katrín sat fyrir enda ríkisstjórnarborðsins í Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu, í sumarleyfi Geirs H. Haarde. Þorgerður Katrín situr fyrir enda fundarborðs ríkisstjórnarinnar en henni á vinstri hönd eru Árni M. Mathiesen, Sturla Böðvarsson, Siv Friðleifsdóttir og Einar K. Guðfinnsson. Magnús Stefánsson sést ekki á myndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




LOFTÞÉTTU PLASTTEAM FERÐABOXIN
300 ml - 2.3 lítrar
Verð frá 179 KR.
Fín í örbylgjuna
-uppþvottavélina (120C°)
-frystinn (-40C°)
FÍNT Í FERÐINA!
1.5 LÍTRI TOPPUR
98 KR.
1.5 lítri
400 ASA myndavél -
27 mynda með flassi!
LÍTIL OG HANDHÆG!
Sama verð um allt land!
EKKERT BRUÐL
MYNDAVÉL
299 KR.
EINNOTA
Sjáðu verðið!
Stór, þykk og flott handklæði
90x170 sm
400g á m²
STRANDARHANDKLÆÐI
899 KR.
90x170sm
bonus.is
Allt að gerast í Bónus!
HARÐFISKUR 230g
998 KR.
SJÓMANNSHARÐFISKURINN
Beinlaus ýsa
12 rúllur
198 KR.
BÓNUS
12 SALERNISRÚLLUR
3 XL
góðar við grillið
3 XL rúllur
298 KR.
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
299 KR. kg
KF kofareykt sveitabjúgu
10 x 80g
699 KR.
MERKT VERÐ 999 KR.
Bónus hamborgarar
80g - 115g og 200g
30% afsláttur við kassann
FROSNIR OG FÍNIR Í FERÐINA!
5 x 200g
909 KR.
MERKT VERÐ 1299 KR.
XL
4 alvöru brauð!
10 x 115g
979 KR.
MERKT VERÐ 1399 KR.
4 XL brauð
98 KR.
150g PAKKI
98 KR.
SÚKKULAÐIBITAKÖKUR
150g
COOL AMERICA/CHEESE
Doritos
AMERICA/CHEESE
128 KR.
200g
Coca-Cola TILBOÐ
1399 KR.
18 flöskur
18x
500 ml
www.bonus.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Endurskipulagning lögreglunnar:

## Réttindi borgara og afbrotamanna

Skipulagi lögreglunnar í landinu hefur verið breytt í grundvallaratriðum. Lögregluumdæmum hefur verið fækkað. Að sama skapi ættu þau að verða öflugri og virkari í hvers kyns vörslu laga og réttar.

Mestu munar um sameiningu embætta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sú breyting mun koma til framkvæmda um næstu áramót. Sams konar þróun og hagræðing í lögreglustarfsemi hefur átt sér stað í grannlöndunum.

Skipulagsbreytingar einar og sér leiða að vísu ekki sjálfkrafa til öflugri starfsemi. Fremur má segja að þær opni ný tækifæri. Fróðlegt verður því að fylgjast með hvernig gamlir og nýir stjórnendur nýta þá möguleika sem skipulagsbreytingarnar gefa.

Þó að breytingar af þessu tagi sýnist sjálfsagðar vita þeir sem til þekkja að það er hreint ekki einfalt mál að koma þeim fram. Það framtak dómsmálaráðherra er því lofsvert.

Starfsemi lögreglu og reyndar hvers kyns öryggisgæslu og almannavarna verður æ mikilvægari þáttur í samfélaginu. Það leiðir af breyttum háttum fólks. Miklu skiptir að þessi starfsemi þróist með umhverfinu. Hér er að ýmsu að hyggja. Tvennt má nefna í því sambandi:

Í fyrsta lagi tæknina. Þessi starfsemi almannavaldsins verður að hafa aðstöðu til að nýta sér fullkomnustu tækni sem völ er á til þess að geta gegnt skyldum sínum sómasamlega á hverjum tíma.

Þeir sem stunda skipulagða afbrotastarfsemi standa oft og einatt feti framar löggæslunni við hagnýtingu tækninnar. Það á ekki síst við um ört fullkomnari fjarskiptatækni.

Hér þarf skarpari og víðtækari skilning á því að almannavaldið má ekki dragast aftur úr í þessum efnum. Mikilvægari almannahagsmunir eru í húfi en svo að það megi gerast.

Í því ljósi er óskiljanlegt að yfirvöld fjarskiptamála skuli láta Ríkislögregluna og Neyðarlínuna sækja mál af þessu tagi fyrir opinberum úrskurðaraðilum eins og nýlega hefur gerst. Hér þarf pólitíska forystu.

Ennfremur má virða í þessu viðfangi nýleg viðbrögð við hugmyndum um sérstaka greiningardeild lögreglunnar. Laus skilningur á gildi þess að nýta tæknileg vinnubrögð af því tagi og alþjóðlegt samstarf getur orðið borgurunum dýrkeyptur.

Í annan stað má nefna flóknara íhugunarefni sem lýtur að grundvallarmannréttindum. Þau ná eðli máls samkvæmt jafnt til afbrotamanna sem annarra.

Hitt er svo annað mál, sem ekki er unnt að loka augunum fyrir, að margir þolendur afbrota með beinum eða óbeinum hætti skynja aðstæður á þann veg að réttindi þeirra víki í of ríkum mæli fyrir hagsmunum hinna sem virða lög og rétt að vettugi.

Í þessu samhengi geta enn komið til álita möguleikar lögreglunnar til þess að nota fullkomnustu tækni. Aukheldur sjónarmið er lúta að afbrotalýsingum, sönnun, refsilengd, fullnustu refsinga og möguleikum á sviptingu frelsis áður en fullnaðardómur gengur.

Þetta eru mál sem einkar mikill vandi er að fara með. Sennilega koma þau nú um stundir oftast upp í tengslum við fíkniefnabrot af ýmsu tagi.

Staðreynd er að skipulögð glæpastarfsemi fer vaxandi. Við því þarf að bregðast. Trúlega má segja að réttarkerfið halli í sumum tilvikum fremur á hagsmuni almennra borgara en afbrotamanna. En þannig á það ekki að vera.


Eitt með öllu!

Léttbyggt hjólhýsi með fortjaldi með 50.000 króna afslætti

Verð aðeins kr. 1.130.000.-
Frábær greiðslukjör

Tilboðið gildir fram að Verslunarmannhelgi

Helstu mál:
lengd á húsi 305 cm
breidd 195 cm
hæð 181 cm
þyngd 750 kg




NIEWIADOW

Hjólhýsunum fylgja: Fortjald 2 x 3,5 m • 5 kg gaskútur með þrýstijafnara
Hjólagrind fyrir tvö hjól • Vardekk • Tröppur • Tengikapall 220 volt

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Platpóstur

Fjölmiðlar fengu í gær sendan tölvupóst frá Eiríki Hjálmarssyni þar sem tilkynnt var að hreinar skuldir Reykjavíkurborgar hefðu lækkað á síðasta ári. Síðar sagði að ársreikningur borgarinnar yrði kynntur á fundi borgarstjórnar síðar um daginn. Undir bréfið ritaði Eiríkur og titlaði sig sem aðstoðarmann borgarstjóra! Voru menn fyrst hugsi yfir þessum skilaboðum frá Eiríki og veltu fyrir sér hvort hann hefði aftur tekið til starfa hjá borginni við hlið Jóns Kristins Snæhólms, aðstoðarmanns Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar. Síðar um daginn kom tilkynning um bilun í póstkerfi Reykjavíkurborgar með þeim afleiðingum að gamall póstur starfsmanna hefði verið endursendur víða.



### Hákarlalistar

Skattstjórar landsins ætla að leggja fram álagningarskrár á föstudaginn kemur. Í þeim er að finna upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinga. Margir leggja leið sína í húsakynni skattstjóra þá viku sem þessar skrár liggja frammi til að forvitnast um skattgreiðslur samstarfsmanna, nágranna eða ættingja. Fjölmiðlar sýna þessum skrám einnig áhuga sem og skattstjórarnir sjálfir. Hafa þeir haft frumkvæði að því að senda lista yfir hæstu skattgreiðendur í hverju umdæmi til fjölmiðla. Ekki er að finna í lögum beina heimild skattstjóra, sem eru opinberir starfsmenn, til að taka saman slíka lista og senda þangað sem þeim sýnist.

### Óeðlileg framlagning

Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, sagði á þingi ungra sjálfstæðismanna í Borgarnesi 2003 að framlagning álagningarskráa væri óeðlileg og óþörf. Upplýsingar sem álagningarskrár hefðu að geyma væri málefni skattayfirvalda og hvers framteljanda. Ekki annarra. Hann styddi því að þessari birtingu yrði hætt. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefur ályktað í þá veru og einnig Samband ungra sjálfstæðismanna. Níu þingmenn Sjálfstæðisflokks hafa lagt fram frumvarp um að þessari framlagningu verði hætt. Sigurður Kári Kristjánsson hefur fjallað mikið um málið, meðal annars í blaðagrein í fyrra: „Ég hef verið þeirrar skoðunar að slík birting sé ógeðfelld og að fólk eigi að fá að vera í friði með launakjör sín. Ég tel einnig að reynslan hafi sýnt að birting þessara upplýsinga dragi fram margt af því versta í fari fólks eins og hnýsni og öfund.“



bjorgvin@frettabladid.is

## Tilbúin handrit

Í DAG
ÍSRAEL



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Fyrsti maðurinn sem sem tók sér það fyrir hendur að eyða kvöldi í að upplýsa mig um sannleikann um Miðausturlönd var á þeim tíma ungur þingmaður á ísraelska þinginu, maður að nafni Ehud Olmert. Ég var Ehud þakklátur fyrir að vekja áhuga minn á þessum heimshluta en áhuginn á að halda sambandi við þennan duglega mann minnkaði fljótt. Eftir fáein samtöl fór það sem hann sagði að minna á eintal innan úr köldum, dökkum og stundum skelfilegum heimi. En ég bý í gömlu gyðingahverfi í Berlín og man eftir því á hverjum degi hvers vegna menn eru enn feimnir við að gagnrýna þá ofsafengnu þjóðernishyggju, það skelfilega kynþáttahatur, þann frumstæða yfirgang og þá botnlausu hræsni sem einkennir ráðandi öfl í Ísrael.

Eftir að Ehud vakti áhuga minn á Miðausturlöndum las ég það sem ég fann um þau. Þó kom margt á óvart þegar ég kom þar fyrst. Ein minning er um kvöldverð með stöndugum arabískum fjármálamönnum. Þeir voru allir kristinnar trúar en sögðu mér að virðingarverðasta stjórnmálahreyfing Miðausturlanda væri Hizbollah. Lítils háttar ferðalög um svæðið eyddu undrun minni. Hizbollah og Ehud Olmert eiga sama guðföður, Ariel Sharon. Hreyfingin var stofnuð til að berjast gegn óhemju blóðugri innrás Ísraels í Líbanon. Framganga Sharons þar varð til þess að hæstiréttur Ísraels sagði hann bera persónulega ábyrgð á fjöldamorðum á þúsundum Palestínumanna. Sharon var refsað fyrir mannskæðustu hryðjuverk Miðausturlanda með tímabundinni brottvikningu úr ríkisstjórn Ísraels. Hann sneri aftur til að skipuleggja nýjar landtökubyggðir í Palestínu. Svo varð hann nánasti bandamaður Bandaríkjanna í stríðinu gegn hryðjuverkum. Sharon þekkti hryðjuverk betur af eigin raun en flestir aðrir. Fjöldamorðin á konum, börnum og gamalmennum í Shatila og Sabra voru ekki hans fyrsta afrek á því sviði. Bush forseti lýsti því í viðtali hver forréttindi það hefðu verið fyrir sig að fá útskýringu á sögu Miðausturlanda frá Sharon. Þetta var líklega ekki of langt eða of flókið fyrir forseta Bandaríkjanna.

> *Það eru auðvitað Bandaríkin en ekki við sem ráðum þessu. Þau leggjast gegn vopnahléi svo morðin halda áfram. En við ættum að fylgjast með. Við kusum menn sem kusu að fórna okkar merkustu hefð til að styðja stefnu Bandaríkjanna í Miðausturlöndum.*

Ehud Olmert er einn tiltölulega fárra manna sem hefur orðið forsætisráðherra í Ísrael án þess að eiga að baki feril sem hryðjuverkamaður eða sem skipuleggjandi þjóðernishreinsana. Hann hefur þó notið margvíslegra tengsla við gamla hryðjuverkamenn allt frá unga aldri. Annar fyrrum forsætisráðherra, Menachem Begin, hafði mætur á hinum unga Ehud en Begin stjórnaði Irgun-samtökunum sem drápu hundruð palestínskra borgara. Eini tilgangur með þeim morðum var að hræða Palestínumenn til að flýja land og í flóttamannabúðir eins og þær sem Ehud er að sprengja í tætlur í Líbanon. Þrátt fyrir náin tengsl við hryðjuverkamenn á Ehud hins vegar við ákveðinn ímyndarvanda að glíma í Ísrael. Yfirgangsöm stefna hans sem borgarstjóri í Jerúsalem hefur kostað þúsundir fjölskyldna heimili og lífshamingju en honum er þó ekki treyst eins vel og gömlu hryðjuverkamönnunum. Einu refsiverðu glæpirnir sem hann hefur verið sakaður um í Ísrael er fjármálaspilling og mútuþægni sem hann hefur annað veifið sætt rannsóknum fyrir. Þess vegna skiptir öllu máli fyrir hann að vera ekki sakaður um linkind. Þar er að finna eina ástæðu þess að aldrei fyrr hafa eins margir saklausir borgarar verið drepnir á fyrstu mánuðum embættistíðar nýs forsætisráðherra.

Hryðjuverk eru yfirleitt aðferð hinna valdalausu. Ísrael er þar undantekning. Hryðjuverk gegn óbreyttum borgurum í þeim tilgangi að skelfa fólk og lama samfélög er beinlínis stefna ríkisins rétt eins og þau var stefna hryðjuverkasamtaka þriggja fyrrum forsætisráðherra landsins á árum áður.

Patten lávarður, síðasti landstjóri Breta í Hong Kong og fyrrum forystumaður breska íhaldsflokksins, sagði um daginn að skilyrðislaus stuðningur Bandaríkjanna við Ísrael hefði búið til handritið að kreppunni sem nú ríkir í Miðausturlöndum. Eins og með Írak var þetta allt fyrirsjáanlegt. Það var auðvitað ekki fyrirsjáanlegt nákvæmlega hvaða börn yrðu drepin eða gerð munaðarlaus en menn gátu vitað að morðin héldu áfram. Í því liggur ábyrgð heimsins, rétt eins og í Írak.

Það eru auðvitað Bandaríkin en ekki við sem ráðum þessu. Þau leggjast gegn vopnahléi svo morðin halda áfram. En við ættum að fylgjast með. Við kusum menn sem kusu að fórna okkar merkustu hefð til að styðja stefnu Bandaríkjanna í Miðausturlöndum.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## ÚTBLÁSTURS-LYKTIN MINNIR Á KLEINUR ÖMMU

Torfærukappinn Einar Benediktsson notar steikingarolíu á bílinn.

BÍLAR 2

## PERLAN Á SUNDUNUM

Hin sögufræga Viðey liggur við bæjardyr Reykvíkinga og býður upp á friðsæld og fjölbreytta náttúru.

FERÐIR 4



allt



## ALLT HITT

**[FERÐIR BÍLAR]**

**Franskir** dagar á Fáskrúðsfirði verða haldnir um næstu helgi. Á hátíðinni er haldið á lofti minningunni um veru Frakka á Fáskrúðsfirði og tengsl þeirra við staðinn, auk þess sem heimamenn ásamt gestum gera sér glaðan dag. Franskir dagar eru árleg bæjarhátíð Fáskrúðsfjarðar.



**Átak** er nú hjá lögreglu þar sem vaktaðar eru sérstaklega götur í íbúðahverfum með þrjátíu kílómetra hámarkshraða. Á mánudaginn voru tuttugu ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur í íbúðahverfum og þrír ökumannanna voru sviptir ökuleyfi. Ökumenn eru minntir á að í íbúðahverfum eru börn að leik og því skal hraða hagað eftir því.

**Þingvallanefnd** afhjúpaði nýlega átta ný upplýsingaskilti á Þingvöllum. Þetta eru fyrstu upplýsingaskilti þjóðgarðsins ef frá eru taldir steinar frá um 1930 sem merkja hverjir bjuggu í hvaða búðum. Á skiltunum koma fram upplýsingar um þekkta staði og kennileiti en skiltin eru staðsett við Lögberg, Snorrabúð, Drekkingarhyl og við megin aðkomuleiðir inn á þingstaðinn.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 26. júlí, 207. dagur ársins 2006**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.14 | 13.34 | 22.52 |
| Akureyri | 3.38 | 13.19 | 22.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**

Auglýsingasími Allt
**550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Katrín segir mikinn mun vera á þeim löndum sem hún heimsótti í Suður-Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Hversdagsleikinn mölbrotinn

***Katrín Oddsdóttir, starfsmaður Fíton auglýsingastofu, fór í hálfs árs langt ferðalag um Suður-Ameríku þar sem hún átti ógleymanlegar stundir.***

„Við Kristín Eysteinsdóttir, kærastan mín, og tvær vinkonur okkar ákváðum að mölbrjóta hversdagsleikann upp með ferðalaginu," segir Katrín innt eftir ástæðu ferðarinnar. „Við vildum komast eitthvert langt í burtu frá Íslandi og valið stóð á milli Asíu og Suður-Ameríku, sem varð á endanum hlutskarpari þótt það sé engin sérstök ástæða fyrir því."

Katrín, Kristín og vinkonur þeirra komu víða við á ferðalagi sínu. Þær hófu förina í Argentínu, fóru svo til Chile, þvínæst Bólivíu, Perú, Brasilíu og aftur til Argentínu, en Katrín segir mikinn mun vera á þessum löndum. „Efnahagsástandið er til að mynda mjög misjafnt eftir löndum.

Tildæmis er ríkidæmi í Chile á meðan fátækt ríkir í Bólivíu. Svo er magnað að upplifa andstæðurnar innan hvers lands fyrir sig. Á fjórtán tíma akstri er hægt að fara úr nístandi kulda í 3.500 metra hæð uppi í fjöllum, vafin inn í lama-teppi, og í sólskinshita þar sem fiðrildi í lófastærð flögra um."

Katrín segir suður-ameríska menningu almennt ólíka þeirri íslensku. „Við Íslendingar erum náttúrulega mikið efnishyggjufólk, ólíkt Suður-Ameríkubúum," útskýrir hún.

„Helsta undantekningin þar á er suðurhluti Chile, sem minnir ískyggilega mikið á Ísland með sínum svörtu ströndum, hrauni, eldfjöllum, jöklum og jeppadellu-mönnum," bætir hún við og hlær. Fleiri myndir og sögur af ferðum Katrínar má finna á blaðsíðu 4. *roald@frettabladid.is*


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI



**MS drykkjarvörur í útileguna**

MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.



Húsgagna Lagersala



Krókhálsi 10
sími: 557-9510
20. - 31. júlí
9-18 virka daga
10-16 laugadag

Komdu og gerðu góð kaup
Allt að 80% afsláttur
af útlitsgölluðum vörum

Rúm — Borð — Sófar — Skápar — Speglar — Púðar — Nuddstólar — og margt fleira...

Spörum krónuna og dælum sjálf!



# Nýr Stream frá Honda

***Algjörlega ný hönnun færir Stream nær Hondu í útliti.***

Honda setti nýjan sjö manna Stream fjölnotabíl á sölu í Japan þann 14. júlí. Nýr Stream er öllu nútímalegri og ákveðnari í útliti og ekki laust við að tvær eða þrjár línur hafi verið fengnar að láni úr litla bróður, Civic.

Stream er ekki bara nýr að utan heldur er öll innréttingin ný líka. Aftur eru línur sóttar í nýja Civic-inn en einnig má þakka lengdu hjólhafi aukið farþegarými. Þá voru sílsar bílsins endurhannaðir til að gefa fyrstu tveimur sætaröðunum ögn meira pláss á breiddina.



Gamli Stream-bíllinn var ólíkur öðrum Hondum en sá nýi skæri sig lítið úr á ættarmóti.

Hægt er að velja á milli 1,8 og 2,0 lítra véla og fram- eða fjórhjóladrifs. Bíllinn ku vera einstaklega hagkvæmur í rekstri en enn sem komið er situr Japansmarkaður einn að veislunni. ■

# Ford tapar

***Forsvarsmönnum Ford hefur mistekist að snúa rekstri fyrirtækisins við. Allt stefnir í mettap.***

Í fyrra tapaði Ford 117 milljörðum króna. Á öðrum ársfjórðungi þessa árs nam tapið tæpum níu milljörðum og munar þar mestu um slæma útreið á Bandaríkjamarkaði.

Orsökin liggur fyrst og fremst í minni sölu stórra jeppa og borgarjeppa. Samkvæmt William Clay Ford yngri, einum af stjórnarmönnum Ford, kom það fyrirtækinu á óvart hversu fljótt fólk varð fráhverft bílum sem eyða miklu bensíni. Þar sem bensínverð væri jafn hátt og raun ber vitni forðaðist fólk bensínhákana.



Explorer er ein af ástæðunum fyrir tapi Ford. MYND/WIECK

Ljóst er að Ford verður að bregðast við á afgerandi hátt. Fyrsta skrefið er nú þegar komið og er það að lækka verð á jeppum og jepplingum. - tg



Einar við bílinn sinn, sem hann keyrir nær eingöngu á gamalli steikingarfeiti. Ljósu slöngurnar vinstra megin í vélarhúsinu eru fyrir mataroliu, en þær hægra megin eru fyrir dísilolíuna. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Keyrir á steikingarolíu

***Torfærukappinn Einar Benediktsson segir útblásturslykt bílsins minna hann á kleinubakstur ömmu sinnar.***

Þegar Rudolf Diesel kynnti uppfinningu sína, dísilvélina, á heimssýningu í París árið 1900 notaði hann hnetuolíu sem eldsneyti. Þegar torfærukappinn Einar Benediktsson las grein þess efnis á netinu fór hann að leita að upplýsingum um olíur sem hægt væri að nota í dag.

„Þá rakst ég á tilraunir sem verið var að gera í Bandaríkjunum með steikingarolíu. Ég fór í það að víða að mér olíu, 250 lítrum til að byrja með, og það gafst svo vel að ég breytti bílnum til að geta keyrt á henni,“ segir Einar.

Breytingarnar sem Einar talar um felast aðallega í því að bæta við eldsneytistanki og lögnum fyrir steikingarolíuna. Bíllinn, sem er 1992 árgerðin af Toyota Hilux 2,4 dísil, er ræstur á dísilolíu og gengur á henni fyrsta kílómetrann eða svo. „Þá er vélin komin í áttatíu gráðu hita, sem er passlegt fyrir matarolíuna. Þá skipti ég með rofa á milli rafmagnsdæla þannig að ég fæ matarolíuna inn á vélina í staðinn fyrir dísilinn. Maður finnur engan mun á bílnum þegar það gerist.“

Einar segir bílinn hafa gengið eins og klukku síðan hann fór að nota þennan óvenjulega orkugjafa. „Þetta er einfalt og skotvirkar. Maður þarf ekkert að eiga við vélina sjálfa en er þess í stað með tvö eldsneytiskerfi sem liggja að henni. Ég keyri sjötíu kílómetra til og frá vinnu á dag og finn engan mun á bílnum. Það er reyndar ekki lengur svartur reykur aftan úr honum þegar hann erfiðar eins og áður. Nú kemur bara lykt eins og þegar amma var að steikja kleinur,“ segir Einar á léttu nótunum.



Matarolían sem Einar fær frá matsölustöðum er staðsett fyrir aftan sætin.

Olíuna fær Einar hjá tveimur veitingastöðum sem annars þyrftu að borga Sorpu fyrir að farga henni. „Þetta er umhverfisvænt og ókeypis. Það eina sem ég þarf að gera er að láta olíuna standa inni í bílskúr og skilja sig. Svo sía ég hana í gegnum sokka eða sokkabuxur til að ná kjúklinga- og frönskuafgöngum úr henni. Dísilvélin vill víst ekki svoleiðis, ekki ennþá. Þetta er örlítil vinna en ekkert hættulegt,“ segir Einar og bætir við að úti í heimi sé verið að pressa lúpínufræ til að búa til eldsneytisolíu og að Íslendingar ættu hæg heimatökin á þeim velli.

„Það eina er að það borgar sig ekki að keyra bílinn á steikingarolíu ef hiti er undir frostmarki. Ekki nema vera með hitara í tanknum sem hún er geymd í. Á sumrin virkar þetta hins vegar mjög vel,“ segir Einar að lokum. ■

ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar





Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ
550 5000

## Alhliða ökutæki í þróun

HYANIDE LEYSIR ÖNNUR TORFÆRUÖKUTÆKI AF HÓLMI.



Það er gaman að keyra torfæruhjól og það er gaman að keyra vélsleða. Líka jeppa. Því miður hafa fæstir fjárráð eða bílskúrspláss fyrir öll þessi tæki. Þýsku hönnuðunum Oliver Keller og Tillman Schlootz datt því í hug að búa til torfærutæki sem sameinar kosti allra þessara tækja.

Afraksturinn, sem þeir kalla í gríni skriðdreka til einkanota, keyrir á eins konar belti sem hefur meiri sveigjanleika en til dæmis skriðdrekabelti.

Þannig getur farartækið, sem er liðstýrt, auðveldlega farið fyrir kröpp horn. Hugmyndin er að tækinu sé stýrt bæði með höndum og fótum og ökumaðurinn þarf að klæðast sérstökum skóm sem læsast á fótstig, líkt og á keppnisreiðhjólum. Græjan er óneitanlega vígaleg en er í dag því miður aðeins til sem módel í hlutfallinu 1 á móti 5.

# Áttatíu ára og fer alltaf í gang

*Hefur enst eigandanum í meira en sextíu ár.*

Þrátt fyrir síaukinn innflutning nýrra bifreiða má enn sjá töluvert af bílum á götum bæjarins sem komnir eru til ára sinna. Einn af þeim eldri er Oldsmobile, árgerð 1926, sem er í eigu Jóns Agnarssonar.

Jón keypti bílinn, sem er tíu árum yngri en hann sjálfur, upp úr 1940. Þá var hann allur í pörtum og Jón setti hann sjálfur saman. Bíllinn er í daglegu brúki og slær varla feilpúst. „Hann fer alltaf í gang. Það er líka búið að skipta um allt í honum. Nú er í honum sex sílindra Benz dísilmótor,“ segir Jón og sér ekki ástæðu til að skipta um bíl á næstunni. „Hann er í lagi. Ég hef ekkert að gera við annan bíl.“ *- elí*



Fáir bíleigendur nota jafn gamla bíla dagsdaglega og Jón Agnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Stundum eru gylliboð á netinu ekki annað en fyrsta skrefið í fjársvikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Varúð í bílaviðskiptum á netinu

*Þó að flest bílaviðskipti á netinu gangi vel er best að fara að öllu með gát.*

Eftir því sem bílaviðskipti á netinu færast í aukana hefur borið meira og meira á því að óprúttnir aðilar leiti leiða til að svíkja fé út úr fólki sem stendur í góðri trú um að það sé að kaupa bíl.

Þó að langflest bílaviðskipti gangi snurðulaust fyrir sig er samt full ástæða til að vera var um sig. Á síðunni www.lookstoogoodtobetrue.com er farið yfir helstu einkenni svika af þessu tagi. Eftirfarandi listi er meðal annars unninn upp úr upplýsingum á þeirri síðu og er ætlaður sem gátlisti fyrir fólk sem stundar viðskipti á netinu.

1) Ef það sýnist of gott til að vera satt, er það líklega tilfellið. Ef þér er boðinn splunkunýr Benz á eina milljón er líklega enginn bíll á bak við tilboðið.
2) Komdu á símasambandi við seljandann og spurðu hvort þú megir skoða bílinn, jafnvel þótt þú ætlir þér ekki að gera það. Spurðu hvort bíllinn sé veðbandalaus og í eigu seljanda.
3) Algengt bragð seljandans er að benda á greiðslumiðlun sem er í raun ekki til. Þegar þú hefur sent fyrirtækinu (sem er í raun bara bankareikningur) peninga, hverfur það og peningurinn með. Gakktu úr skugga um að greiðslumiðlunin sé með öll tilskilin leyfi. Hringdu og talaðu við starfsmann þar. Ekki fara á vefsíðu í gegnum tölvupóst seljanda, heldur með því að slá inn rétta slóð.
4) Ekki gefa upp banka- eða persónuupplýsingar fyrr en þú hefur gengið úr skugga um að greiðslumiðlunin sé lögleg.
5) Ef seljandi fer fram á að þú notir eingöngu eina ákveðna greiðslumiðlun gæti verið óhreint mjöl í pokahorninu. Reyndu að ráða því hvaða greiðslumiðlun verður fyrir valinu og veldu miðlun sem þú hefur góða reynslu af.
6) Sendu greiðslumiðluninni fyrirspurn með tölvupósti. Fáir þú ekki svar skaltu ekki eiga viðskipti við hana.
7) Skoðaðu vefsíðu greiðslumiðlunarinnar. Leitaðu að grunsamlegum texta, lélegri stafsetningu og málfræðivillum. Mörg svikanna eiga sér uppruna í löndum þar sem enska er ekki móðurmál. Stundum er textinn þó afritaður af öðrum vefsíðum.
8) Alvöru greiðslumiðlanir taka við greiðslu frá þér og koma henni áleiðis til seljanda. Þær gefa þér ekki upp reikningsnúmer seljanda og biðja um að þú leggir inn á hann.
9) Tilbúnar greiðslumiðlanir hafa oft merki öryggisstaðla og -fyrirtækja á vefsíðum sínum. Gakktu úr skugga um að miðlunin sé í raun á skrá hjá öryggisfyrirtækjunum.
10) Reyndu að forðast greiðslumiðlanir með vefslóðum sem enda á .org, .biz, .cc, .info og .US.


Bandaríska vélvirkjaelítan hefur sett ný viðmið í olíuskiptum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tíðari olíuskipti

*Á 5.000 km fresti í stað 8.000.*

Hingað til hefur víða verið viðtekin venja að skipta um smurolíu á bensínvélum á átta þúsund kílómetra fresti. Ein virtustu samtök bifvélavirkja í Bandaríkjunum, ASE Certified Master Automoblie Technicians, tók málið nýlega til skoðunar og niðurstöðurnar eru þess eðlis að betur má ef duga skal.

Tekið var tillit til gæða og eiginleika þeirra bílvéla og olía sem eru á markaðnum í dag. 84 prósent vélvirkjanna sögðu að gömul olía orsakaði meiri vandamál en nokkuð annað í bílnum og sextíu prósent þeirra sögðu að 5.000 km væru hámarksakstur á sömu olíunni.

Tæplega níutíu prósent þátttakenda sögðu þarlenda bíleigendur draga viðhald of lengi vegna kostnaðar og jafnframt að það kæmi margfalt í hausinn á þeim.

Það er því rétt að hafa vaðið fyrir neðan sig og drífa sig á smurstöð á 5 þúsund km fresti. ■


Veldu FordTransit

Nýtt tákn um gæði




**Glitnir gerir nýtt tilboð í fjármögnun á Ford Transit**

**24.220**

Ford Transit 280S 2,0TD 85 hö. 5 gíra*

Skoðaðu nýtt tilboð Glitnis í fjármögnun sendibíla frá Ford. Gott verð og gott tilboð Glitnis í fjármögnunarleigu á Ford sendibílum gerir Transit að hagstæðum kosti fyrir fyrirtæki. Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu hvað þú færð aukalega þér að kostnaðarlausu.

**Sérhæfð atvinnubíladeild Ford**
Fáðu sérhæfða ráðgjöf. Skoðaðu allar forsendur, fjárfestu í rétta bílnum. Boðaðu sérhæfða söluráðgjafa atvinnubíla Ford til þín. Komdu jafnvel við í ný húsakynni Ford atvinnubíla, Bíldshöfa 6. Talaðu við Hörð Guðjónsson eða Ólaf Friðsteinsson sérfræðinga okkar í rekstri Ford atvinnubíla.

**Skoðaðu tilboðskörfu Ford Transit***
- Betri kjör en áður
- Hliðarhurðir á báðum hliðum
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Lægri útborgun, 10 prósent
- Staðgreiðsla fyrir gamla bílinn
- Lægri vextir en áður
- Engin stimpilgjöld
- Örugg og ennþá betri þjónusta

- Búnaður án aukakostnaðar:
  - Rennihurð beggja vegna
  - Gólfklæðning í hleðslurými
  - Rafknúnir, upphitanlegir hliðarspeglar

Búnaður án aukakostnaðar. Verðmæti kr. 147.000.

Glitnir
*Glitnir býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Transit*

**Veldu rekstraröryggi. Komdu í Brimborg. Veldu Ford.**

**Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu aukabúnaðinn sem þú færð aukalega án aukakostnaðar.**



Ford Transit 280S 2,0TD 85 hö. 5 gíra*
Hleðslurými: 2.540 x 1.762 x 1.430 m

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð án vsk. | 1.843.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.<br>10% útborgun | 24.220 kr.<br>184.300 kr. |
| Rekstrarleiga mán. (75 þús. km) án vsk. | 36.418 kr. |



Ford Transit 300M 2,0TD 85 hö. 5 gíra*
Hleðslurými: 2.905 x 1.762 x 1.745 m

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð án vsk. | 2.122.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.<br>10% útborgun | 27.826 kr.<br>212.200 kr. |
| Rekstrarleiga mán. (75 þús. km) án vsk. | 41.800 kr. |

**Gott verð. Nýttu þér tilboð Glitnis í fjármögnunarleigu á Ford Transit.**
**Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.**



**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford Transit.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Öll verð í auglýsingunni eru án virðisaukaskatts. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er fjármögnunarleiga með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 75.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**Fjölskyldur** og allt að sex manna hópar sem ferðast með British Airways geta nú innritað sig í heild ásamt farangri á heimatölvu, valið eigin sæti og prentað brottfararspjöldin til afhendingar við öryggishliðið í Keflavík.





Viðey hefur upp á margt að bjóða.

# Perlan á sundunum

*Hin sögufræga Viðey liggur við bæjardyr Reykvíkinga og býður upp á friðsæld og fjölbreytta náttúru.*

Viðey er sannkölluð paradís fyrir fjölskyldufólk. Siglingin til og frá Viðey er upplifun fyrir börnin og í eynni sjálfri hafa verið sett upp ný leiktæki skammt frá Viðeyjarstofu. Um eyjuna alla liggur fjöldi göngustíga sem gera fólki auðvelt að ganga um og sjá unga nýskriðna úr eggjum og fjölda jurta í blóma. Fyrir fróðleiksfúsa má geta þess að 35 ný upplýsingaskilti hafa verið sett upp í eyjunni á síðustu misserum. Að auki hefur verið sett upp ljósmyndasýning í skólahúsinu um mannlíf í Viðey á fyrri hluta 20. aldar.

Daglega býður Viðeyjarferjan upp á sjö ferðir til Viðeyjar og kaffisalan í Viðeyjarstofu er opin alla daga frá 13 til 17. Ferjumiði fyrir fullorðna er á 750 og 350 krónur fyrir börn. Einnig er hægt að kaupa í einum pakka vöfflu með sultu og rjóma, kaffi/kakó og ferjutoll á 1.100 og fyrir börnin er boðið upp á vöfflu, safa og ferjutoll á 600.

Fimm verk eru í Viðey í tengslum við alþjóðlega listaverkefnið Site-Ations sem aðeins standa í eyjunni í þetta sumar. Einnig er Blind Pavilion eftir Ólaf Elíasson upp á Sjónarhól, steinsnar frá Viðeyjarstofu. Að síðustu má nefna hið rómaða verk Áfanga eftir Richard Serra á vestureyjunni.

Nýtt kynningarrit um Viðey er nýútkomið með fróðleik um sögu, náttúru og list í Viðey, ásamt fjölda fallegra ljósmynda eftir Ragnar Th. Sigurðsson.

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905






Katrín prófaði að fara á sandbretti úti í eyðimörkinni í Perú. MYND Í EINKAEIGN

# Blóðnasir og bláar varir

*Katrín Oddsdóttir á að baki viðburðaríka ferð um Suður-Ameríku þar sem hún sá meðal annars heimsins stærsta uppþornaða sjávarbotn.*

Katrín og vinkonur hennar lentu í hverju ævintýrinu á fætur öðru í Suður-Ameríku. Eitt af því sem stelpurnar prófuðu var að fara á sandbretti úti í miðri eyðimörk skammt frá bænum Pisco í Perú.

Þær heimsóttu líka næstdýpsta gil í heimi, Colca-gil í Perú, en þar safnast indíánakonur saman til að selja handunnar vörur nálægt klettum þar sem kondórar með allt að fjögurra metra vænghaf fljúga.

Sæljón á eyjunni Ballestinas utan við Perú urðu einnig á vegi stelpnanna. Eyjan er kölluð Galapagos fátæka mannsins vegna þess hversu ódýrt er að komast þangað. Að mati Katrínar var jeppaferð til Bólivíu eitt það eftirminnilegasta við ferðina. Keyrt var yfir fjöll en stelpurnar fengu blóðnasir og bláar varir á leiðinni þar sem þær voru í svo mikilli hæð. Þegar niður var komið blasti við þeim heimsins stærsti uppþornaði sjávarbotn, en eftir sitja saltbreiður sem ná svo langt sem augað eygir.

Það hafði rignt aðeins á saltbreiðurnar svo himinninn speglaðist á vatnsyfirborðinu, þannig að engu líkara var en vinkonurnar svifu í lausu lofti þegar þær keyrðu þar yfir. *roald@frettabladid.is*



Jeppaferðin til Bólivíu var að mati Katrínar mjög eftirminnileg.



Hér sjást frá vinstri talið Brynja Andrésdóttir, Ása Lúðvíksdóttir, Katrín Eysteinsdóttir og Katrín Oddsdóttir. MYND Í EINKAEIGN



Indíánakonur selja handunnar vörur í Colca-gili. MYND Í EINKAEIGN







## Kvennaferð til Manchester

SKEMMTIKVÖLD MEÐ SPÁDÓMUM OG GLENSI ER MEÐAL ÞESS SEM BOÐIÐ VERÐUR UPP Á Í KVENNAFERÐ TIL MANCHESTER

Farið verður í kvennaferð til Manchester 25. til 28. ágúst með Helgu Brögu Jónsdóttur leikkonu og Sigríði Klingenberg spákonu. Gist verður á fjögurra stjörnu hóteli í hjarta miðborgarinnar en Manchester er ein elsta borg Englands og hana prýðir einstök byggingarlist og vinalegur miðbær. Þar má finna öll helstu tískuhús heims sem þekkt eru fyrir hagstætt vöruverð.



Sigríður Klingenberg spáir því að allir muni skemmta sér vel í kvennaferðinni.

Þær stöllur Helga Braga og Sigríður halda uppi fjöri í ferðinni. Meðal annars verður boðið upp á skemmtikvöld með spádómum og glensi og farið í kynningarferð um borgina.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 26. júlí 2006 – 28. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa




**Kínverjar**

Reyna að temja hagvöxtinn

4



**Ný skýrsla Viðskiptaráðs**

Spurning um framtíðargjaldmiðil

8-9

**Strax more**

Símarisi sestur að í Garðabænum

6



# Valið stendur á milli krónu og ESB-aðildar

Fyrirkomulag gengismála leysir ekki hagstjórnarvandann sem við er að glíma að mati Viðskiptaráðs. Ábyrg hagstjórn er forsenda þess að þjóðin geti valið milli krónu og evru.

**Hafliði Helgason**
skrifar

Að mati nýrrar skýrslu Viðskiptaráðs, Krónan og atvinnulífið, sem kemur út í dag eru aðeins tveir raunhæfir kostir í skipan gengismála til framtíðar. Annar er núverandi fyrirkomulag með fljótandi krónu í opnu hagkerfi. Hinn er upptaka evru með fullri aðild að myntbandalagi Evrópu og þar með inngöngu í Evrópusambandið. Í skýrslunni er lögð rík áhersla á það að skipan gengismála leysi ekki þann hagstjórnarvanda sem við er að glíma í dag. Þvert á móti sé aukin samræming og ábyrg hagstjórn forsenda þess að þjóðin hafi raunverulegt val um hver lögeyrir þjóðarinnar verði þegar til framtíðar sé horft.

Stór hópur fólks kom að gerð skýrslunnar. Erlendur Hjaltason, formaður stjórnar Viðskiptaráðs Íslands, segir það hafa verið metnaðarmál að breiður hópur kæmi að gerð skýrslunnar. „Það sem við vildum fá fram er að góð umræða um krónuna og gjaldeyrismálin og hvaða kostir eru í stöðunni fyrir Ísland og Íslendinga skapaðist. Við hlaupum ekki að niðurstöðu, heldur viljum við fá vel mótaða umræðu um efnið."

Ólafur Ísleifsson, lektor við HR, fór fyrir hópnum og skrifaði skýrsluna ásamt Halldóri Benjamín Þorbergssyni, hagfræðingi Viðskiptaráðs. Í skýrslunni er farið gaumgæfilega yfir reynsluna af krónunni undanfarin ár og hvernig til hefur tekist í stjórn peningamála og hagstjórn almennt. Ólafur segir ýmislegt hindra að miðlun peningastefnunnar hafi náð fram að ganga sem skyldi.

Í skýrslunni er einnig kallað eftir fastari tökum í ríkisfjármálum og aukinni samræmingu í hagstjórn. Sjónum er þar meðal annars beint að sveitarfélögunum en fjármunir sem fara um hendur þeirra hafa vaxið undanfarin ár. „Hagstjórnarlegri ábyrgð sem því fylgir hefur kannski ekki verið nægjanlega mikill gaumur gefinn. Við sýnum fram á þráfelldan og allt að því stórfelldan hallarekstur á ýmsum mikilvægum sveitarfélögum," segir Ólafur.

Í skýrslunni er lögð rík áhersla á að evra leysi ekki þann vanda sem hagstjórn á Íslandi glímir við um þessar mundir. „Til þess að Íslendingar geti átt raunhæft val milli þessara tveggja kosta þarf skipan og stjórn efnahagsmála að vera með þeim hætti að hún sé til þess fallin að stuðla hér að jafnvægi. Fram hjá því verður ekki komist ef menn ætla að eiga þetta val. Það er von okkar að í þessari skýrslu sé tekið saman efni sem sé til þess fallið að stuðla að málefnalegri, faglegri og uppbyggilegri umræðu um framtíðarskipan gjaldeyrismála hér á landi."

Sjá nánar úttekt í miðopnu

# Strax more til Íslands

Evrópska dreifingarfyrirtækið Strax more, sem er að stærstum hluta í eigu íslenskra fjárfesta, hefur opnað skrifstofu á Íslandi og boðar 15-40 prósenta verðlækkun á farsímum og farsímabúnaði til endursöluaðila.

„Við einbeitum okkur að því sem við erum best í, heildarlausnum á öllum tengdum aukahlutum og þjónustu til farsímafyrirtækja og endursöluaðila. Markmið okkar er að bjóða úrvals þjónustu, samkeppnishæft verð, aukna framlegð til endursöluaðila um leið og við viljum stuðla að lægra verði til almennings," segir Kjartan Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Strax more á Íslandi.

Í Markaðnum í dag greinir Kjartan frá ævintýralegri uppbyggingu félagsins á síðustu árum. **- eþa / sjá bls. 6**

# Actavis eykur við hlutafé



RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS

Samþykktar voru á hluthafafundi Actavis í gær tvær tillögur í tengslum við fjármögnun væntanlegs yfirtökutilboðs í króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva. Var annars vegar útgáfa nýs hlutafjár að verðmæti um 20 milljarða króna að markaðsvirði samþykkt. Hins vegar var veitt heimild til útgáfu breytiréttar í hlutafé vegna skuldbindinga félagsins samkvæmt lánasamningi fyrir allt að 525 milljónir evra, um 48,7 milljarða króna. Munu handhafar breytiréttar hafa heimild til að breyta kröfum sínum í hlutabréf í Actavis.

Í vikunni má gera ráð fyrir því að Actavis og bandaríska samheitalyfjafyrirtækið Barr leggi fram formlegt yfirtökutilboð í Pliva. Actavis á með beinum eða óbeinum hætti 21 prósents hlut í Pliva og þarf að tryggja sér 30 prósent til viðbótar til að ná meirihluta í Pliva. **- hhs**

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Enn svartsýnt** | Undirstöður íslensku bankanna eru ekki jafn traustar og væntanleg uppgjör fyrir annan ársfjórðung gefa til kynna, segir í nýrri skýrslu Merrill Lynch.

**Lítill munur** | Tiltölulega litla almenna verðlækkun þyrfti til þess að ekki yrði lengur hagkvæmara að byggja sjálfur íbúðarhúsnæði í stað þess að kaupa.

**Mátti kaupa** | Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna kaupa Glitnis banka á 19,95 prósenta hlut KB banka í Kreditkortum hf.

**Sjálfkjörin stjórn** | Sjálfkjörið var í stjórn Straums-Burðaráss á hluthafafundi í síðustu viku. Björgólfur Thor Björgólfsson gegnir enn stjórnarformennsku.



**Skiptar skoðanir** | Deildar meiningar eru um hvort Pétur Guðmundsson, fundarstjóri hluthafafundar Straums-Burðaráss, mátti meina hluthöfum að taka til máls á fundinum.

**Margir starfandi** | Mælingar Hagstofunnar sýna að fjögur prósenta atvinnuleysi var á öðrum ársfjórðungi og fjölgaði starfandi fólki um 7.800 milli ára.

**Eykur hlutinn** | Eimskip á sjötíu prósenta hlut í skipafélaginu Kurisu Linija eftir að gengið var frá kaupum á tuttuga prósenta hlut til viðbótar.

**Verslun eykst** | Velta í dagvöruverslun var 5,3 prósentum meiri í júní en á sama tíma í fyrra miðað við fast verðlag. Lítillega hefur þó hægt á vexti veltunnar.

# Sala stórhýsis gengur vel

Fjórtán hæðum hefur verið ráðstafað í stórhýsi Rúmfatalagersins sem nú er í byggingu við Smáratorg í Kópavogi. Meðal leigjenda eru endurskoðunarfyrirtækið Deloitte sem hyggst flytja höfuðstöðvar sínar í bygginguna og KB banki sem hefur tekið frá eina hæð ofarlega í húsinu.

Stórhýsið verður hið hæsta á Íslandi, 77,6 metra hátt. Turninn er alls tuttugu hæðir sem hver um sig er 780 fermetrar. Á neðstu tveimur hæðunum er gert ráð fyrir verslunarmiðstöð en veitingahúsi á þeirri efstu. Undir byggingunni er tæplega sex þúsund fermetra bílageymsla. Fermetraverð er á bilinu fjórtán til átján hundruð krónur á mánuði.

Eingöngu er um leigurými að ræða en leigjendur taka við húsnæðinu í ákveðnu ástandi og klára síðan fráganginn eftir eigin höfði. Áætlað er að framkvæmdin kosti rúma þrjá milljarða króna og að byggingin verði tilbúin þann fyrsta október 2007.

„Salan hefur gengið hreint ágætlega og við sjáum ekki fram á annað en að allt pláss verði útleigt," segir Ólafur Hermannsson verkefnisstjóri. **- jsk**



**SMÁRATORG.** Tölvumynd af háhýsinu.


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

EUR 3,5%*

GBP 5,2%*

USD 5,1%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. apríl - 1. júlí 2006.

GOTT FÓLK McCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 27% |
| Alfesca | -2% | 2% |
| Atlantic Petroleum | 0% | 35% |
| Atorka Group | -2% | -3% |
| Avion Group | -1% | -28% |
| Bakkavör | 0% | -5% |
| Dagsbrún | -2% | -8% |
| FL Group | -2% | -14% |
| Glitnir | 2% | -1% |
| KB banki | 0% | -2% |
| Landsbankinn | 1% | -16% |
| Marel | 1% | 13% |
| Mosaic Fashions | 0% | -10% |
| Straumur | -2% | 3% |
| Össur | -1% | -3% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Neytendur svartsýnir um horfurnar

Bjartsýni íslenskra neytenda minnkaði á milli mánaða og hafa þeir ekki verið svartsýnni á ástand og horfur í efnahagsmálum næsta hálfa árið síðan á haustdögum árið 2001. Þetta kemur fram í nýjustu mælingu Gallup á Væntingavísitölunni, sem birt var í gærmorgun.

Greiningardeild Glitnis banka segir mat neytenda á núverandi ástandi lækka minna en væntingar þeirra til næstu sex mánaða. Vísitalan sem mælir mat á núverandi stöðu er 119,4 stig en sú sem mælir væntingar til næstu sex mánaða stendur í 67,2 stigum og hefur ekki verið lægri í rúm fjögur ár. Staða efnahagsmála á haustdögum 2001 var svipuð og nú en þensluskeið og kaupmáttaraukning var senn á enda í kjölfar snarprar gengislækkunar krónu.



**KEYPT Í MATINN** Neytendur hafa ekki verið svartsýnni um ástand og horfur í efnahagsmálum næstu sex mánaða í rúm fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Konur eru almennt svartsýnni en karlar og hinir eldri eru neikvæðari en þeir yngri. Bjartsýni neytenda eykst hins vegar með auknum tekjum svarenda.

Deildin segir ekki koma á óvart að trú neytenda á ástandi og horfum hafi minnkað. Vaxandi verðbólga og hærri vextir sé mörgum áhyggjuefni.

Væntingavísitalan gefur vísbendingu um þróun á einkaneyslu og segir greiningardeildin sennilegt að hægja muni á henni eftir því sem líði á árið eftir hraðan vöxt undanfarin misseri. - jab

# Intrum undir væntingum

Intrum Justitia, alþjóðlega innheimtufyrirtækið sem hefur höfuðstöðvar í Svíþjóð, skilaði um 989 milljóna króna hagnaði fyrir skatta á öðrum ársfjórðungi. Það er um 28,4 prósenta minni hagnaður en á sama tímabil í fyrra.

Í frétt sænska dagblaðsins Dagens Industri kemur fram að sérfræðingar hafi spáð um 1.270 milljóna króna hagnaði fyrir skatta.

Landsbankinn er stærsti hluthafinn í Intrum með um 11,7 prósenta hlut og Straumur-Burðarás sá fjórði stærsti. - eþa

# KB banka spáð tíu milljörðum króna

KB banki birtir í dag uppgjör fyrir annan árshluta. Er bankanum spáð um tíu milljarða meðaltalshagnaði af greiningardeildum Glitnis og Landsbankans. Glitnir spáir þó öllu meiri hagnaði eins og sést á meðfylgjandi töflu.

Til samanburðar nam hagnaður KB banka tæpum 13,7 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2005.

**SPÁR UM HAGNAÐ KB BANKA Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI***

| | |
|---|---|
| Glitnir | 10.918 |
| Landsbankinn | 9.093 |
| Meðaltal | 10.006 |

** Í milljónum króna*

Er búist við kröftugri aukningu hreinna vaxtatekna frá fyrsta ársfjórðungi vegna lækkunar á gengi krónunnar og mikillar verðbólgu á öðrum árshluta. Um sjö milljarða gengishagnaður af sölu á eignarhlut í VÍS fellur til en á móti kemur tap af innlendum og erlendum hlutabréfum.

Á fyrsta ársfjórðungi hagnaðist KB banki um 18,8 milljarða króna og stefnir því í að heildarhagnaður bankans á fyrri hluta ársins nemi 29 milljörðum króna, samanborið við 24,8 milljarða á fyrri hluta ársins 2005. - eþa

# Ósamræmi í túlkun kærunefndar

## FME telur túlkun kærunefndar á lögum um verðbréfaviðskipti í ósamræmi við framkvæmd á markaði. Niðurstöðunni vísað til dómstóla.

Niðurstaða kærunefndar um fjármálastarfsemi að viðskipti útgefanda með eigin bréf falli ekki undir birtingarskyld viðskipti er í ósamræmi við framkvæmd á markaði og áralanga túlkun Kauphallar Íslands og Fjármálaeftirlitsins (FME), segir Íris Arna Jóhannesdóttir lögfræðingur hjá FME.

Málavextir eru þeir að félag í Kauphöllinni átti viðskipti með eigin bréf en tilkynnti þau ekki til Kauphallarinnar fyrr en daginn eftir. Taldi Fjármálaeftirlitið að samkvæmt 64. gr laga um verðbréfaviðskipti bæri að tilkynna slík viðskipti þegar í stað til Kauphallarinnar og sektaði viðkomandi félag um tvö hundruð þúsund krónur. Kærunefndin komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að viðskipti útgefenda með eigin bréf falli ekki undir birtingarskyld viðskipti samkvæmt 64. gr. laganna. Þeirri túlkun hefur Fjármálaeftirlitið nú vísað til dómstóla.



**JÓNAS FR. JÓNSSON FORSTJÓRI FME** Fjármálaeftirlitið er ósammála túlkun kærunefndar á 64. gr. laga um verðbréfaviðskipti. FME segir niðurstöðu nefndarinnar ganga gegn framkvæmd á markaði auk áralangrar túlkunar FME og Kauphallarinnar.

Íris Arna segir þó aðgerðir Fjármálaeftirlitsins ekki til marks um harðari afstöðu þess. „Markaðurinn hefur starfað samkvæmt okkar túlkun en kærunefndin tekur upp hjá sjálfri sér að ganga gegn þeirri túlkun. Við viljum eyða allri óvissu og teljum nauðsynlegt að fá úr þessu skorið.“ - jsk

# Tíðindalítið á iSEC

## Engin viðskipti hafa orðið frá stofnun markaðarins. Kauphallarforstjóri segir erfiðar markaðsaðstæður hafa áhrif á útgefendur en biður menn um að sýna þolinmæði.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Engin viðskipti hafa átt sér stað á iSEC-markaðnum þær þrjár vikur sem hann hefur verið starfræktur. Eina félagið sem er skráð þar er Hampiðjan.

Þá hefur stjórn HB Granda óskað eftir því að hlutabréf félagsins verði tekin á skrá mánaðamótin september-október ef stjórn Kauphallarinnar samþykkir flutninga bréfanna af Aðallista Kauphallarinnar. Á dögunum hætti bandaríska líftæknifyrirtækið Cyntellect við skráningu á iSEC þar sem ekki tókst að safna nægjanlegu hlutafé meðal fagfjárfesta.

Kauphöllin á í viðræðum við nokkra aðila um skráningu á iSEC, að sögn Þórðar Friðjónssonar, forstjóra hennar. „Ég á von að innan tíðar bætist fleiri fyrirtæki úr öðrum geirum inn á þennan markað.“ Línur taki að skýrast með haustinu.



**GERT AÐ NETUM** Hampiðjan er eina fyrirtækið á iSEC og líkur eru á því að systurfélag þess, HB Grandi, bætist í hópinn á hausti komandi. Engin viðskipti hafa orðið á iSEC á fyrstu vikum markaðarins.

Nýskráningar á hlutabréfamarkaði um allan heim hafa verið að dragst saman. „Umrót á mörkuðum frá því um miðjan febrúar hefur auðvitað haft áhrif á útgefendur í þá veru að þeir hafa farið varlega í málin. Það er til dæmis ljóst að Cyntellect hefur hætt við skráningu eins og fram hefur komið í fréttum.“ Þá bendir Þórður á að Icelandair hafi frestað skráningu á markað fram til hausts. „Markaðsástandið hefur auðvitað áhrif á tímasetningar og ákvarðanir manna um skráningu.“

Þórður telur að þegar fram líða stundir komi í ljós gagnsemi iSEC og menn megi ekki gera sér of miklar væntingar um hraða og snögga þróun. „Aðalatriðið fyrir okkur er að geta boðið vaxandi og meðalstórum fyrirtækjum þennan valkost og fjárfestum þá um leið tækifæri til að fjárfesta í slíkum fyrirtækjum.“

Þegar Kauphöllin kynnti iSEC á sínum tíma var greint frá því að 3-Plus, framleiðandi dvd-kids leikjanna, yrði fyrsta félagið til að fá skráningu á markaðinn en samkvæmt heimildum Markaðarins hafa stjórnendur 3-Plus hætt við þau áform.

# Meðal stærstu í 7 félögum af 15

## Enginn stóru lífeyrissjóðanna í hópi stærstu eigenda í Atlantic og Dagsbrún.

Stærstu lífeyrissjóðir landsins, Gildi lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV), eru meðal tuttugu stærstu hluthafa í öllum þeim fimmtán félögum sem mynda Úrvalsvísitöluna nema tveimur. Félögin tvö eru annars vegar Dagsbrún, sem rekur 365 prentmiðla, og hins vegar Atlantic Petroleum, sem er að mestu leyti í eigu færeyskra fjárfesta.

Sjóðirnir þrír eru meðal stærstu þátttakenda á íslenskum hlutabréfamarkaði og voru heildareignir sjóðanna 600 milljarðar króna um síðustu áramót. Það gerir um helming af heildareignum íslensku lífeyrissjóðanna.

LSR kemur oftast fyrir á lista þeirra tuttugu stærstu, alls tólf sinnum, LV ellefu sinnum og Gildi tíu sinnum.

Lífeyrissjóðirnir voru allir í hópi tuttugu stærstu hluthafa í sjö Úrvalsvísitölufélögum. Þau eru: Actavis, Bakkavör Group, FL Group, Glitnir, KB banki, Landsbankinn og Straumur-Burðarás. Að minnsta kosti tveir áttu bréf í Alfesca, Atorku Group, Avion Group, Mosaic Fashions og Össuri. Aðeins LV var í hópi þeirra stærstu í Marel.

Miðast þessi upptalning við eigendalista frá Kauphöll frá 29. júní en í millitíðinni hefur LV bæst í hóp tuttugu stærstu í Glitni. - eþa





GEIMSTOFAN

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

www.volkswagen.is




**Tæknilegir yfirburðir** einkenna Volkswagen Passat. Fyrir utan glæsileikann og akstursEiginleikana státar Passat af ríkulegum búnaði. Rafstýrð stöðugleikastýring (ESP), spólvörn (ASR), loftkæling og loftræsting (AC), rafræn handbremsa, fjarstýrð opnun á farangursgeymslu og byltingarkenndur kveikjubúnaður tryggja Volkswagen Passat fyrsta sætið þegar kemur að tæknibúnaði. Og fyrir þá sem vilja enn meiri stöðugleika og akstursöryggi í vetrarfærð er 4Motion fjórhjóladrifið rétta lausnin.

**Verð frá 2.520.000 kr.**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Eyðni hægir á hagvexti

Útbreiðsla eyðni gæti hægt á hagvexti í Indlandi samkvæmt nýrri skýrslu heilbrigðisyfirvalda þar í landi. Rúmlega átta prósenta hagvöxtur var á Indlandi á liðnu ári.

„Hagvöxtur gæti minnkað um eitt prósent og landsframleiðsla um rúmlega hálft prósent á næstu árum takist ekki að hefta útbreiðslu veirunnar,“ segir í skýrslunni.

Meira en fimm milljónir Indverja eru með eyðni og eru hvergi í heiminum fleiri eyðnismitaðir. Í skýrslunni segir að stjórnvöld leiki lykilhlutverki við að hefta útbreiðslu veirunnar. „Reynslan af aðgerðum stjórnvalda er mjög góð. Með samhæfðu átaki stjórnvalda og almennings má hefta vöxt eyðniveirunnar í Indlandi.“ - jsk



**AF SJÚKRAHÚSI Í BANGALORE** Fimm milljónir Indverja eru eyðnismitaðar. Samkvæmt nýrri skýrslu leika stjórnvöld lykilhlutverk í baráttunni við veiruna.

# Disney einblínir á alla fjölskylduna

Barnvæni bandaríski afþreyingarrisinn Disney hefur ákveðið að segja um 650 manns upp hjá fyrirtækinu um allan heim. Fyrirtækið ætlar að draga úr framleiðslu á kvikmyndum fyrir fullorðna og einbeita sér framvegis að stórmyndum fyrir alla fjölskylduna.

Fyrirtækið framleiðir átján kvikmyndir á ári hverju en mun eftirleiðis einungis framleiða tólf myndir á ári. Dótturfyrirtæki Disney, Touchstone Pictures, sem meðal annars framleiddi myndir á borð við Cinderella Man og The Hitchhiker's Guide to the Galaxy, mun framvegis einungis framleiða tvær til þrjár myndir á ári.

Nýjasta kvikmynd Disney, The Pirates of the Caribbean, sem er framhald samnefndrar kvikmyndar frá 2003, hefur slegið í gegn í kvikmyndahúsum víða um heim. Þrátt fyrir það segist fyrirtækið ætla að breyta stefnu fyrirtækisins en Dick Cook, stjórnarmaður Disney, segir jafnt kvikmyndahúsagesti sem fyrirtækið koma til með að hagnast á breytingunni. - jab




**PIRATES OF THE CARIBBEAN** Afþreyingarrisinn Disney ætlar að einbeita sér að því að gera kvikmyndir fyrir alla fjölskylduna í framtíðinni.

# Kínverjar temja hagvöxtinn

Kínverska ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp að lögum sem takmarka á erlendar fjárfestingar á fasteignamarkaði samkvæmt AP-fréttastofunni. Er þetta liður í tilraunum ríkisstjórnarinnar til að koma í veg fyrir þenslu. Meðal þeirra ráðstafana sem gripið hefur verið til er hækkun stýrivaxta, þrenging lántökuskilyrða og bönn við ákveðnum framkvæmdum. Þykja þær ekki hafa skilað tilskyldum árangri. Með nýju reglunum yrðu takmarkanir settar á fjárfestingu útlendinga á fasteignamarkaði og verktökum gert að fjármagna sjálfir verkefni sín í auknum mæli til að takmarka lántökur.



Á fyrsta helmingi þessa árs jókst fjöldi nýrra byggingarverkefna í Kína um 22,2 prósent miðað við árið á undan og á sama tíma jókst erlend fjárfesting um 27,9 prósent. Kynti það vel undir 11,3 prósenta hagvexti á öðrum ársfjórðungi. - hhs

# Konur ýta undir hagnað Nintendo

**Hagnaður japanska tölvuleikja- og leikjatölvuframleiðandans Nintendo jókst um 10,2 prósent milli ársfjórðunga og var 15,6 milljarðar jena, um 9,9 milljarðar króna.**

**Vinsældum DS Lite leikjatölvunnar er að mestu þakkað þetta góða gengi. Margir leikjanna fyrir hana byggja frekar á vitsmunum en hraða. Eru þeir sagðir höfða betur til kvenna og roskins fólks sem megi að miklu leyti þakka hagnaðaraukninguna.**

**Eftir góða rekstrarafkomu á öðrum ársfjórðungi hefur Nintendo hækkað eigin afkomuspá fyrir yfirstandandi fjárhagsár. Er nú gert ráð fyrir 83 milljarða jena hagnaði fyrir árið, um 53 milljarða króna, sem er talsvert yfir fyrri spám.** - hhs



**DS LITE LEIKJATÖLVAN** Konur og roskið fólk er hrifið af tölvunni en margir leikjanna fyrir hana byggja frekar á vitsmunum en hraða.

# Olían flæðir yfir Fortune 500

## Níu af tíu stærstu fyrirtækjum heims eru á einn eða annan hátt háð olíu. Fimm þeirra framleiða olíu og fjögur þeirra framleiða bíla. Wal-Mart verslunarkeðjan er sér á báti þótt fæstir fari að versla án þess að hafa bensín á bílinn.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Árið 2005 var gjöfult ár fyrir stórfyrirtækin á árlegum lista fjármálatímaritsins Fortune yfir 500 ríkustu fyrirtæki heims. Samanlagðar tekjur fyrirtækjanna árið 2005 náðu 18,7 billjónum bandaríkjadala, samtals 1.388 billjónum íslenskra króna. Það jafngildir þriðjungi af samanlagðri landsframleiðslu heimsins.

Bandaríska verslunarkeðjan Wal-Mart, sem skipað hefur efsta sæti listans undanfarin fjögur ár, missti sæti sitt til bandaríska olíufyrirtækisins Exxon Mobil. Fjögur af tíu stærstu fyrirtækjum heims eru olíufyrirtæki og taka þau æ meira pláss á listanum. Skýrist það meðal annars af því að undanfarinn áratug hefur fjöldi samruna í geiranum, himinhátt olíuverð og sífellt aukin eftirspurn eftir olíu spilað saman. Nú eru það vaxandi markaðir sem leiða hagvöxt í heiminum og á þeim er eftirspurnin eftir grunnvörum á borð við olíu mikil. Það hefur því orðið kúvending frá því á síðasta tug tuttugustu aldarinnar þegar hugbúnaðarfyrirtæki, fjölmiðlafyrirtæki, heilbrigðisþjónusta og smásala stóðu fyrir mestum hluta hagvaxtar heimsins.

Olíufyrirtækin eru þó ekki þau einu sem dafna og stuðla að sífellt feitari lista Fortune. Þannig stækkaði til að mynda fjármálageirinn um 47 prósent á árinu, mest allra atvinnugreinaflokka. Bönkum fjölgaði jafnframt mjög, ekki síst á nýjum vaxandi mörkuðum, og voru þeir níunda hvert fyrirtæki á listanum. Það er þó greinilegt að orkueftirspurn heimsins fer síst minnkandi og að orkuframleiðslan drífur áfram hagvöxtinn á meðan hún er á góðri leið með að koma af stað þenslu á heimsvísu.

**EFST Á LISTA FORTUNE 500**

| | | Hagnaður 2005 í milljónum dollara |
|---|---|---|
| 1. Exxon Mobil | Bandaríkin | 36.130 |
| 2. Wal-Mart verslanakeðjan | Bandaríkin | 11.231 |
| 3. Royal Dutch Shell | Holland | 25.311 |
| 4. BP | Bretland | 22.341 |
| 5. General Motors | Bandaríkin | - 10.567 |
| 6. Chevron | Bandaríkin | 14.099 |
| 7. DaimlerChrysler | Þýskaland | 3.536 |
| 8. Toyota Motor | Japan | 12.119 |
| 9. Ford Motor | Bandaríkin | 2.024 |
| 10. Conocophillips | Bandaríkin | 13.529 |



**OLÍAN MIKILVÆGUST** Árið 2005 var gjöfult fyrir öll stórfyrirtækin á lista Fortune en olíufyrirtækin hafa tvímælalaust vinninginn.

Hvað ætlar þú að gera þegar þú verður stór?

Með viðbótarlífeyrissparnaði getur þú lagt 2–4% af launum þínum í sparnað og fengið 2% mótframlag frá launagreiðanda. Þannig leggur þú grunn að lífsgæðum síðar á ævinni.

SPRON Verðbréf bjóða upp á ýmsar fjárfestingarleiðir og persónulega og faglega ráðgjöf til að finna þá leið sem hentar hverjum og einum.

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spron.is

spron VERÐBRÉF



Himinn og haf / SÍA

# ALDREI AFTUR SPÓLUR – BYLTING Í HREYFIMYNDUM

# TÖKUVÉLAR MEÐ HÖRÐUM DISK




**JVC**

**GZMG21**

**20GB HARÐUR DISKUR**

## TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með **20GB** hörðum diski (**allt að 25 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél (640x480), 1/6" upptökuflögu með 800.000 pixela upplausn, 2.5" LCD skjá, 25x Optical Zoom og 800x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 6.7x7x10.9.

**TILBOÐ 74.990**

FULLT VERÐ kr. 79.990




**JVC**

**GZMG37**

**30GB HARÐUR DISKUR**

## TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með **30GB** hörðum diski (**allt að 37,5 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél (640x480), 1/6" upptökuflögu með 800.000 pixela upplausn, 2.7" LCD skjá, 25x Optical Zoom og 800x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 6.7x7x10.9.

**TILBOÐ 89.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990

**INNBYGGÐ KYRRMYNDAVÉL**




**JVC**

**GZMG70**

**30GB HARÐUR DISKUR**

## TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Digital TÖKUVÉL með **30GB** hörðum diski (**allt að 37,5 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél (1600x1200), 1/4,5" upptökuflögu með 2.12 pixela upplausn, 2.5" LCD skjá, 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 7,1x7x10.9.

**TILBOÐ 109.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990

**JVC**

**GZMC500**

5 MILLJÓN PUNKTA MYNDAVÉL OG STAFRÆN TÖKUVÉL Í EINU TÆKI



**MEÐ 4GB MicroDrive**

## TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

Ótrúlega Nett **Digital Media TÖKUVÉL** með þremur 1/4.5" upptökuflögum með 1,33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel **KYRRMYNDATÖKU** (2.560x1.920 Pixlar), 1,8" LCD skjá, 4GB MicroDrive, hægt er að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort. Með 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef- og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóðupptöku, Snapshot möguleika, titringsdeyfi og USB2 tengi. Stærð í sm (bxhxd): 8.0x5.5x11.8. Þyngd 400 grömm.

**5 MEGA PIXEL**

**TILBOÐ 119.990**

FULLT VERÐ kr. 179.990

**Alltaf gæði og góð kaup!** 1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# Símarisi sest að í Garðabænum

**Stjórnendur Strax more hafa eftir yfirtökuna á more skapað einn af þremur stærstu birgjunum á Evrópumarkaði, með farsíma og aukabúnað með veltu upp á átján milljarða króna og skrifstofur í ellefu löndum. Fyrirtækið hefur opnað skrifstofu á Íslandi og boðar lækkun á verði á farsímabúnaði til endursöluaðila. *Eggert Þór Aðalsteinsson* ræddi við Kjartan Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóra félagsins á Íslandi.**



KJARTAN ÖRN SIGURÐSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI STRAX MORE Á ÍSLANDI „Við erum að senda tvö til fjögur tonn á dag af aukahlutum. Gámarnir bíða fyrir utan, allt frá smásendingum í minni verslanir yfir í stærri sendingar til smásölukeðja og farsímafyrirtækjanna.“ MARKAÐURINN/HÖRÐUR

Strax more hefur komið sér upp lítilli skrifstofu í Garðabænum sem Kjartan Örn Sigurðsson stýrir. Það fer alls ekki mikið fyrir þessu fyrirtæki þegar haft er í huga að velta þess verður líklega átján milljarðar á þessu ári en þetta er í samræmi við þá stefnu að lágmarka yfirbyggingu.

Kjartan Örn hóf störf hjá Strax fljótlega eftir stofnun þess fyrir tilstilli Birgis Arnar Birgissonar, eins af stjórnendum félagsins, og hefur gegnt starfi sölustjóra fyrirtækisins á undanförnum misserum. Kjartan tók þá ákvörðun að flytjast búferlum aftur til Íslands með fjölskyldu sína. „Það var því ekki annað hægt en að opna skrifstofu hér á landi fyrst maður var á leiðinni heim,“ segir Kjartan Örn og kímir.

Strax more er ansi stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða þegar veltutölur eru hafðar til hliðsjónar, en hvaða fyrirtæki er þetta sem ekki margir Íslendingar hafa heyrt minnst á?

**SKRIFSTOFUR Í ELLEFU LÖNDUM**

Tíu ára saga fyrirtækisins er lygasögu líkust. Það hefur farið frá því að vera þriggja manna fyrirtæki í Bretlandi, sem hafði tíu milljónir króna á milli handanna, í það að vera einn stærsti dreifingaraðili með farsíma og farsímabúnað í Evrópu eftir yfirtöku á þýska keppinautinum more snemma á þessu ári. Rekur félagið nú skrifstofur í ellefu löndum í þremur heimsálfum en meginskrifstofur eru staðsettar í Hong Kong, Miami og Lundúnum. Viðskiptavinir Strax more koma frá fjörutíu löndum en í þeim hópi eru farsímafyrirtæki, verslunarkeðjur, sjálfstæðir kaupmenn, vefsalar og heildsalar. Meðal stærstu viðskiptavina er danska símafélagið TDC en Strax more er langstærsti birgir þess; auk þess er breska símafyrirtækið O2 stór kúnni.

Öll stóru farsímafyrirtækin, Motorola, Nokia, Samsung, Siemens og Sony Ericsson, eru einnig í miklum viðskiptum við félagið. Liður í því að byggja sig undir aukinn vöxt á þessum markaði var að ná í ISO 9001 vottun en án þessarar viðurkenningar getur félagið ekki tekið þátt í útboðum um viðskipti með aukahluti hjá evrópskum farsímafyrirtækjum.

**KOTHEILDSALAR VÍKJA**

Yfirtakan á more markar mikil þáttaskil. Kjartan Örn segir að félagið hafi leitað lengi að heppilegum fjárfestingarkostum áður en more datt í hendurnar á þeim. „Ferlið var langt og strembið en á endanum fundum við more sem féll frábærlega saman við okkur. Þeir höfðu allt sem við höfðum ekki og við höfðum hluti sem þeir höfðu ekki. Þeir voru með sterk birgjasambönd á þessum tíma en við sterkari kúnnahóp.“ Enn er unnið að því að sameina góðu kostina eins og hann orðar það.

Að sögn Kjartans horfa stjórnendur félagsins meðal annars til Austur-Evrópu varðandi næstu leiki. „Næstu skref okkar erlendis eru að fullkomna samrunaferlið og halda áfram að treysta stöðu okkar á mörkuðum með yfirtökum á félögum í tengdum rekstri. Auk þess viljum við halda áfram að skoða yfirtökur á eða kaup í félögum í sams konar rekstri á mörkuðum sem við höfum lítið viðhaft, sérstaklega í Austur-Evrópu þar sem möguleikarnir eru ótæmandi.“

Samþjöppun er óhjákvæmileg á evrópska markaðssvæðinu að mati Kjartans. Kotheildsalar með umboð fyrir einstaka lönd munu víkja eða sameinast stærri einingum sem bjóða lausnir fyrir verslunarkeðjur og farsímafyrirtæki sem kalla sig ekki lengur bresk eða frönsk símafyrirtæki heldur evrópsk svo sem Vodafone, Orange, T-mobile, Phone House, Telefonica og fleiri félög.

**RAUÐGLÓANDI GÁMAR**

Fyrirtækið var að flytja í eitt þúsund fermetra vöruhús í Bretlandi og taka í notkun stóra skrifstofu. Í Þýskalandi standa einnig flutningar yfir en félagið flytur í sex þúsund fermetra vöruhús. Þessar tvær vörumiðstöðvar þjónusta samstarfsaðila um alla álfuna. „Við erum að senda tvö til fjögur tonn á dag af aukahlutum. Gámarnir bíða fyrir utan, allt frá smásendingum í minni verslanir yfir í stærri sendingar til smásölukeðja og farsímafyrirtækjanna.“

Velta samstæðunnar hefur vaxið hröðum skrefum eða um 60-80 prósent á hverju ári. Á þessu ári er áætlað að félagið velti átján milljörðum króna, eins og fyrr var getið, sem gerir það að einu veltuhæsta félagi Íslands. Stefnt er að því að árið 2010 verði veltan orðin helmingi meiri. Kjartan Örn nefnir að í þessum geira sé hlutfall framlegðar af veltu lágt og því skipti máli að auka veltu enn frekar með langtímasamningum við endursöluaðila. Félagið var rekið með hagnaði á síðasta ári.

**HÁMARKSNÝTING Á FERMETRA**

Viðskiptavinir gera miklar kröfur til fyrirtækisins að það bjóði upp á allar vörur sem hugsast getur fyrir farsímanotendur. Mikið vöruúrval leiðir til þess að endursöluaðilar versla við færri birgja sem eykur hagkvæmni fyrir þá. „Ef þú pantar vöru hjá mér í dag, og ég hef hana ekki á lager, þá getur hún verið komin til mín um tíuleytið morguninn eftir. Við getum boðið upp á þessa þjónustu sökum þess hversu mikið úrval við eigum á lager.“

Með því að styðjast við hillustanda frá Strax more nær smásali að spara mikið pláss. „Með OAP conceptinu okkar eykst nýting á hvern fermetra hjá endursöluaðila og við sköpum með því tækifæri til að sýna og selja aðrar vörur. OAP snýst um það að vera með leyfi til að endurpakka vörum frá einstaka framleiðanda í einsleitar umbúðir til að ná sem mestu út úr rými og skilar það sér í betri útstillingu vara. Þannig fáum við vörurnar ópakkaðar frá framleiðendum og pökkum sjálfir í samþykktar, staðlaðar umbúðir.“ Auk þess að endurpakka símum og aukahlutum frá stóru farsímaframleiðendunum er fyrirtækið með eigin framleiðslu og vöruþróun undir eigin merkjum Strax eða more. Framleiðslan fer fram í Kína og Taívan.

**EIGENDUR STRAX MORE**

Stærstu hluthafar Strax more eru annars vegar Landsbankinn og hins vegar sænski fjárfestingasjóðurinn Novestra. Aðrir eigendur eru Brú fjárfestingar, sem er dótturfélag Straums-Burðaráss, starfsmenn Strax more og stjórnendur.

**BOÐA VERÐLÆKKUN**

Talið berst að Íslandi og markmiðum Strax more. Kjartan telur að með innkomu félagsins á innanlandsmarkað megi lækka heildsöluverð á farsímum og farsímabúnaði yfir heildina um 15-30 prósent í gegnum heildarinnkaupastefnu fyrirtækisins. Í sumum tilvikum geti verð á vinsælustu vörunum lækkað allt að 40 prósent. „Það er okkar markmið að skapa enn samkeppnishæfara umhverfi á Íslandi en nú er. Við erum fyrst og fremst heildsala og þjónustuaðili fyrir aukahluti með farsíma, til farsímafyrirtækja og endursöluaðila með það að markmiði að bjóða úrvals þjónustu, samkeppnishæft verð, aukna framlegð til endursöluaðila um leið og við viljum stuðla að lægra verði til almennings.“






www.1928.is
1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
Kynningarverð fyrir heimilið og sveitasetrið
LÁGT VERÐ
Vínrekki 65x35x85
~~Verð áður 17.800~~
Verð nú 14.200
Bekkur 116x46x80
~~Verð áður 29.800~~
Verð nú 23.800
Consola 120x40x80
~~Verð áður 28.000~~
Verð nú 23.000
Borð 135x90x80
~~Verð áður 36.000~~
Verð nú 28.800
Veggskápur 50x21x69
~~Verð áður 13.900~~
Verð nú 11.000
Hilluhengi 70x20x40
~~Verð áður 5.800~~
Verð nú 4.600
Kertastjakar frá 1000.- kr
UPPSELT
Diskarekki 62x24x76
~~Verð áður 9.900~~
Verð nú 7.900
Náttskápur 46x36x71
~~Verð áður 15.800~~
Verð nú 12.650
Kommóða 60x38x100
~~Verð áður 33.800~~
Verð nú 27.000
Kommóða 85x40x96
~~Verð áður 39.000~~
Verð nú 31.000
Speglar
3 stærðir
verð frá 2.960.- kr
Tvöfaldur glerskápur
107x40x184
~~Verð áður 68.000~~
Verð nú 54.500
Glerskápur 49x39x180
~~Verð áður 39.000~~
Verð nú 31.000
Skápur á borð eða vegg
71x22x52
~~Verð áður 9.900~~
Verð nú 7.900
UPPSELT
Bókahillur tvær stærðir
64x33x181 og
90x38x185
Verð frá 28.000
Náttborð 41x33x64
~~Verð áður 9.900~~
Verð nú 7.900
Hornskápur 67x40x180
~~Verð áður 33.800~~
Verð nú 27.000
Glerskápur 60x36x182
~~Verð áður 44.000~~
Verð nú 35.000
Hár skenkur 86x40x190
~~Verð áður 68.000~~
Verð nú 54.400
Skenkur 130x43x87
~~Verð áður 49.900~~
Verð nú 39.900
CD standur 26x20x107
~~Verð áður 13.000~~
Verð nú 10.400
Skatthol 80x48x102
~~Verð áður 23.000~~
Verð nú 18.400
Nýtt kortatímabil
Söluaðilar: Versluninni Þórðarhöfða Sauðárkrók, Draumland Keflavík, Blómaborg Hveragerði og Hólmar húsgagnaverslun á Reyðarfirði
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnunartími: mán - föst 10-18 og lau 11-16

# Sviðsmynd umræðunnar

Viðskiptaráð Íslands hefur sent frá sér skýrslu þar sem horft er á reynsluna af núve
við viljum stefna og hvaða gjaldmiðill verði hér til framtíðar. Kostirnir eru að mati sk
Hafliði Helgason kynnti sér skýrsluna þar sem lögð er áhersla á að forsenda þess a
vægi og stöðugleiki ríki í efnahagsmálum.

Krónan og atvinnulífið er yfirskrift skýrslu sem Viðskiptaráð Íslands hefur látið vinna. Skýrslan markar upphaf að umræðu sem ekki verður komist hjá að taka fyrr eða síðar. Spurningin sem líklegt er að þjóðin þurfi að gera upp við sig fyrr eða síðar er einföld. En eins og með margar einfaldar spurningar þarf að taka tillit til fjölmargra sjónarmiða og forsendna áður er henni er svarað af einhverju viti.

Spurningin er einfaldlega hvers konar gjaldmiðil þjóðin eigi að hafa í framtíðinni. Skýrsla Viðskiptaráðs gerir ekki tilraun til að gefa endanlegt svar við spuriningunni. Hún fer yfir helstu þætti efnahagsmála og kemst að niðurstöðu um hvaða kostir eru raunverulegir og skynsamlegir og hverjir ekki.

**„Ég ætla að leyfa mér að orða það þannig að það hafi orðið einhvers konar brotalamir í því sem kalla mætti samhæfingu í hagstjórninni. Opinberir aðilar hafa verið með aðgerðir sem hafa gengið gegn markmiðum í verðbólgumálum og aðgerðir í peningamálum hafa reynt að vinna gegn ... Hér voru teknar mikilvægar ákvarðanir í þeim efnum um skipan húsnæðislána, án þess að því hafi kannski verið nægjanlega mikill gaumur gefinn hvaða afleiðingar þær kynnu að hafa varðandi önnur markmið svo sem jafnvægi, stöðugleika og farsæla þróun í verðlagsmálum.“**




### BREIÐUR HÓPUR

Að skýrslunni vann stór hópur fólks sem tengist atvinnulífinu með ýmsum hætti. Hópurinn var einhuga um meginþætti skýrslunnar og að baki sjónarmiðunum sem hún birtir er því mikil breidd. Þeir sem leiddu verkefnið voru Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík sem var formaður nefndarinnar og Halldór Benjamín Þorbergsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, sem vann skýrsluna með Ólafi.

„Það sem er útgangspunktur skýrslunnar er að fjalla um fyrirkomulag gengismála eins og það hentar best hagsmunum viðskiptalífsins. Í skýrslunni er farið yfir reynslu þess fyrirkomulags sem tekið var upp fyrir fimm árum þegar krónan var sett á flot,“ segir Ólafur Ísleifsson.

### ERFIÐLEIKAR Í STJÓRN PENINGAMÁLA

Ólafur segir að þegar horft sé yfir sviðið þá sé staðan sú að vextir eru háir og mikill vaxtamunur við útlönd. „Gengið var hátt lengst af og er reyndar ennþá. Þessu hafa fylgt erfiðleikar atvinnugreina ekki síst útflutningsfyrirtækja og svonefndra sprotafyrirtækja. Afleiðingarnar birtast síðan í gengisfalli og verðbólgu í kjölfarið. Þetta er sú reynsla sem liggur fyrir í hagtölum eftir tímabilið og allir þekkja.“

Ólafur segir að í skýrslunni sé farið yfir þau atriði sem unnið hafi gegn markmiðum Seðlabankans um lága verðbólgu. „Að sumu leyti eru þetta atriði sem einkenna íslenskan markað umfram það sem við þekkjum annars staðar. Þar er stærsta atriðið verðtryggingin. Menn eru hér að hækka skammtímavexti, en þorri lánsfjár er á öðrum kjörum. Í annan stað er fjallað um mikla notkun á erlendu lánsfé og í þriðja lagi nýtt atriði sem hefur komið til skjalanna sem er útgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum. Í skýrslunni er farið rækilega yfir það hvernig þetta atriði hefur hamlað virkni peningastefnunnar.“

HLUTFALLSLEG STÆRÐ MYNTSVÆÐA HEIMSINS




### ÁHRIFIN FYRST OG FREMST Á GENGIÐ

Ólafur segir að þessar hindranir í virkni peningastefnu Seðlabankans skapi efasemdir um áhrifamátt aðgerða Seðlabankans og því að hve miklu leyti bankinn hafi vald á gjaldmiðlinum. „Þetta er rækilega tíundað í þessari skýrslu. Það er sömuleiðis rækilega tíundað í skýrslunni að það er gert ráð fyrir því að aðgerðir af þessu tagi skili sér í gegnum vaxtarófið. Þarna er búið að nefna nokkur atriði sem standa því fyrir þrifum og valda því að áhrifin hafa helst komið fram um farveg gengisins. Þannig má segja að einstakar ákvarðanir bankans, einkum á fyrri hluta tímabilsins, hafi snúið að því að hækka gengi krónunnar.“

Ólafur segir að afleiðingin sé sú að stefnan hafi komið mjög illa niður á einstökum atvinnugreinum. „Framkvæmd Seðlabankans er einnig tekin til skoðunar og í skýrslunni er fjallað um það að aðgerðir bankans hafi í einhverjum tilvikum komið of seint. Við gerum einnig að umtalsefni þá viðmiðun sem bankinn beitir.“ Ólafur segir að það hafi legið ljóst fyrir að vandasamt gæti verið að velja viðmiðunarvísitölu. Niðurstaðan hafi verið að velja vísitölu neysluverðs, en jafnframt hafi verið áréttað að inn í hana blandist þættir sem erfitt væri að ráða við svo sem skattar og hækkanir á olíuverði sem ekki séu viðfangsefni sem séu auðveld fyrir Seðlabanka að hafa áhrif á. Húsnæðisliðurinn falli undir þetta og sé margræddur. Þessir þættir hafi verið hafðir til hliðsjónar í stefnu Seðlabankans.

### TRÚVERÐUGLEIKI OG GAGNSÆI

„Við fjöllum einnig um trúverðugleika bankans. Þar er lykilorðið gagnsæi. Vissulega hefur bankinn stigið mörg ágæt skref í þeim efnum, en samt sem áður hefur Alþjóðagjald-

# um *framtíðargjaldmiðilinn*

andi hagstjórn og peningamálastefnu. Skýrslan er umræðugrundvöllur þess hvert rslunnar einungis tveir. Fljótandi króna eða evra með inngöngu í Evrópusambandið. eiga val um þessa tvo kosti sé að samræmis sé gætt í hagstjórn þannig að jafn-




**UPPLÝST UMRÆÐA UM FRAMTÍÐINA** Halldór Benjamín Þorbergsson, Erlendur Hjaltason og Ólafur Ísleifsson ræða efni nýrrar skýrslu Viðskiptaráðs þar sem hagstjórn og framtíðarval á gjaldmiðli er tekið til gaumgæfilegrar skoðunar.

**KOSTIR OG GALLAR FLJÓTANDI MYNTAR (NÚVERANDI STAÐA)**

| Kostir: | Gallar: |
|---|---|
| Sjálfstæð peningamálastefna | Miklar gengissveiflur hugsanlegar |
| Gjaldmiðill er verðlagður á grundvelli framboðs og eftirspurnar á gjaldeyrismarkaði | Aukin óvissa vegna gengis- og verðbólguáhættu |
| Hraðari aðlögun raungengis að langtímajafnvægi | Árásir spákaupmanna líklegri en ef mynt er bundin myntbandalagi |
| Vaxtastefna miðast í höfuðdráttum við innlent efnahagsástand | Aukinn viðskipta- og vaxtakostnaður |

**KOSTIR OG GALLAR FASTGENGISSTEFNU. (UPPTAKA EVRU ER MEÐAL SLÍKRA KOSTA)**

| Kostir: | Gallar: |
|---|---|
| Minni viðskiptakostnaður í milliríkjaviðskiptum | Hendur stjórnvalda eru bundnar í peningamálum svo erfitt er að bregðast við þjóðhagslegum áföllum af ýmsum toga s.s. vegna aflabrests eða bankakreppu |
| Stjórnvöldum gert auðveldara að halda verðbólgu niðri | Hætta á árás spákaupmanna sem raskað getur fjármálastöðugleika |
| Getur aukið trúverðugleika Seðlabankans þar sem fastgengisstefna setur stjórnvöldum skýrt markmið í hagstjórn. | Missir sjálfstæðrar stefnu í peningamálum þar sem Seðlabanki íslands myndi fylgja vaxtastefnu viðmiðunarlanda |
| Minni óvissa sem getur lagt grunn að dýpri fjármálamarkaði | Mikið ósamræmi getur myndast í hagsveiflunni á milli Íslands og viðmiðunarlanda. |

eyrissjóðurinn séð ástæðu til þess að kalla eftir auknu gagnsæi sem auki tiltrú á bankann og aðgerðir hans."

Ólafur segir að ekki verði komist fram hjá því þegar staðan sé metin að líta til hagstjórnarinnar í það heila tekið. „Ég ætla að leyfa mér að orða það þannig að það hafi orðið einhvers konar brotalamir í því sem kalla mætti samhæfingu í hagstjórninni. Opinberir aðilar hafa verið með aðgerðir sem hafa gengið gegn markmiðum í verðbólgumálum og aðgerðir í peningamálum hafa reynt að vinna gegn."

**KRAFA UM SAMSTILLTA HAGSTJÓRN**

Ólafur segir að þar hafi ríkisfjármálin borið hæst í umræðunni. „Þar viljum við draga fram að árangur í því efni þarf að meta ekki bara með tilliti til fjárhæða heldur hvar menn eru staddir í hagsveiflu. Í annan stað er í skýrslunni lögð áhersla á fjármál sveitarfélaga í ljósi þess að fjármálaleg umsvif þeirra hafa aukist. Hagstjórnarlegri ábyrgð sem því fylgir hefur kannski ekki verið nægjanlega mikill gaumur gefinn. Við sýnum fram á þráfelldan og allt að því stórfelldan hallarekstur á ýmsum mikilvægum sveitarfélögum."

Í skýrslunni er einnig horft til atvinnustefnu stjórnvalda. „Hún verður ekki skilin frá því sem menn eru að gera á öðrum sviðum. Við teljum að óvissa um stórar framkvæmdir sé ígildi, að minnsta kosti upp að vissu marki, ákvarðana. Það að eyða óvissu er eitthvað sem er því nauðsynlegt að gera."

Ólafur segir að í skýrslunni sé einnig farið í gegnum breytingar á fjármálamarkaði. „Hér voru teknar mikilvægar ákvarðanir í þeim efnum um skipan húsnæðislána, án þess að því hafi kannski verið nægjanlega mikill gaumur gefinn hvaða afleiðingar þær kynnu að hafa varðandi önnur markmið svo sem jafnvægi, stöðugleika og farsæla þróun í verðlagsmálum. Síðasta atriðið varðandi hagstjórnina er sá punktur að launastefna hins opinbera sé þannig vaxin að hún sé ekki í leiðandi hlutverki, heldur að hún fylgi því sem almennt gerist."

**AÐEINS TVEIR KOSTIR**

Í skýrslunni er farið ítarlega yfir þá kosti sem tæknilega eru mögulegir varðandi framtíðarskipan gjaldmiðlamála. „Við stöndum frammi fyrir tveimur kostum þegar búið er að útiloka aðra tæknilega mögulega kosti. Það er annars vegar núverandi ástand með því sem því fylgir og við höfum rakið. Hitt er evran sem þáttur í aðild að myntbandalagi og inngöngu í Evrópusambandið sem er annað og miklu stærra mál." Ólafur segir að farið sé yfir aðra kosti tengingar við gjaldmiðla, en þeim ýtt út af borðinu sem óraunhæfum framtíðarmöguleika. Lausari tengingar virki ekki og skapi ekki nauðsynlegan stöðugleika og því séu kostirnir einungis tveir. Fljótandi króna eða evra með inngöngu í Evrópusambandið.

Í skýrslunni er lögð rík áhersla á að evra leysi ekki þann vanda sem hagstjórn á Íslandi glímir við um þessar mundir. „Til þess að Íslendingar geti átt raunhæft val milli þessara tveggja kosta þarf skipan og stjórn efnahagsmála að vera með þeim hætti að hún sé til þess fallin að stuðla hér að jafnvægi. Fram hjá því verður ekki komist ef menn ætla að eiga þetta val. Það er von okkar að í þessari skýrslu sé tekið saman efni sem sé til þess fallið að stuðla að málefnalegri, faglegri og uppbyggilegri umræðu um framtíðarskipan gjaldeyrismála hér á landi."



**ERLENDUR HJALTASON, FORMAÐUR VIÐSKIPTARÁÐS** Tilgangur útgáfu skýrslunnar, Krónan og atvinnulífið, er að skapa grunn að upplýstri umræðu um framtíðarskipan gengismála á Íslandi.

## Tilgangurinn að þroska umræðuna um gjaldmiðilinn

Erlendur Hjaltason, formaður stjórnar Viðskiptaráðs Íslands, segir það hafa verið metnaðarmál að breiður hópur kæmi að gerð skýrslunnar, Krónan og atvinnulífið. „Það sem við vildum fá fram er að góð umræða um krónuna og gjaldeyrismálin og hvaða kostir eru í stöðunni fyrir Ísland og Íslendinga skapaðist. Við hlaupum ekki að niðurstöðu, heldur viljum við fá vel mótaða umræðu um efnið." Erlendur segir ekki hægt að hlaupa að niðurstöðum í jafn stóru máli og því hvernig framtíðarfyrirkomulagi gjaldmiðils þjóðarinnar verði háttað. „Okkar skoðun er að þessi umræða hafi ekki farið fram og þörf sé á að fara djúpt í þessa umræðu." Hann segir þess ekki hafa verið vænst að sá breiði hópur sem kom að skýrslunni skilaði niðurstöðu, enda skoðanir skiptar. „Við vildum undirbyggja framtíðarumræðu um málið. Það sem vakir fyrir okkur er að lækka kostnað fyrir Ísland og Íslendinga og minnka hagsveiflurnar."

Erlendur segir að skoða þurfi vel þá kosti sem við stöndum frammi fyrir. „Það er of snemmt að gefa sér nokkra niðurstöðu um það hvaða stefnu við viljum taka með gjaldmiðilinn. Ég tel að slík umræða þurfi jafnvel nokkur ár til þess að ná þeim þroska að hægt verði að komast að skynsamlegri niðurstöðu."

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ástæða er til að fagna skýrslu Viðskiptaráðs um framtíð gjaldmiðilsins.

## *Jarðvegur umræðu gerður frjórri*

**Hafliði Helgason**

Viðskiptaráð Íslands hefur á undanförnum árum lagt mikilvægt lóð á vogarskálar umræðu hér á landi. Með yfirveguðum og skynsamlegum hætti hefur ráðið vakið máls á ýmsum málum sem vert er að horfa til þegar móta þarf framtíðarsýn samfélags okkar.

Skemmst er að minnast hugmynda Viðskiptaráðs um einfaldað skattkerfi með fimmtán prósenta skatti yfir línuna. Þær hugmyndir sem lagðar voru fram fyrir rúmu ári eru þess eðlis að menn hljóta að horfa til þeirra við mótun framtíðarstefnu í skattamálum.

Viðskiptaráðið hefur einnig brugðist við umræðu um íslenskt efnahagslíf og beitt sér til að hún renni í upplýstan og yfirvegaðan farveg. Þannig var skýrsla ráðsins, sem unnin var af Frederic Mishkin og Tryggva Þór Herbertssyni, um fjármálastöðugleika, mikilvægt verk til að koma í veg fyrir ógöngur fordómafullrar umræðu sem var hafin um íslenskt efnahagslíf og fjármálakerfi þjóðarinnar.

**Við munum líklega seint teljast til forsjálustu þjóða. Umræða um krónuna, evruna og hugsanlega aðild að Evrópusambandinu hefði að ósekju mátt hefjast fyrr í formi heilbrigðar rökræðu fremur en háværrar kappræðu eða þumbaralegrar þagnar.**

Enn er lagt upp í ferðalag og grunnur að nýrri umræðu. Í þetta sinn hefur Viðskiptaráð látið vinna skýrslu um framtíðarskipan gengismála þjóðarinnar. Breiður hópur sem sprottinn er úr ranni ólíkra sjónarmiða og hagsmuna kom að því verki. Sú ráðstöfun og sú leið sem farin er í skýrslunni að plægja fremur jarðveg umræðunnar en að planta trjákrónum mótaðrar afstöðu er skynsamleg. Umræðan um framtíðargjaldmiðilinn mun verða eitt af stóru umræðuefnum komandi tíðar. Þar skiptir miklu að vönduð umræða fari fram án gífuryrða kokhraustrar vissu.

Niðurstaða skýrslu Viðskiptaráðs kemur ekki á óvart. Flestir sem fylgst hafa með efnahagsumræðu gera sér grein fyrir því að við stöndum frammi fyrir tveimur raunhæfum kostum. Annar er núverandi fyrirkomulag fljótandi örmyntar í ólgusjó opins hagkerfis. Hitt er aðild að myntbandalagi með inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evru. Þessir kostir eru nokkuð skýrir, en ekki er augljóst hvorn á að velja. Til þess þarf mikla og upplýsta umræðu. Sú umræða getur einungis farið fram að skilgreindir hafi verið hagsmunir, forsendur og afleiðingar af valinu. Skýrslan er því gott upphafsinnlegg í umræðu sem mun fara fram á næstu árum.

Við munum líklega seint teljast til forsjálustu þjóða. Umræða um krónuna, evruna og hugsanlega aðild að Evrópusambandinu hefði að ósekju mátt hefjast fyrr í formi heilbrigðar rökræðu fremur en háværrar kappræðu eða þumbaralegrar þagnar. Skýrslan nú getur, ef vel er á málum haldið, markað upphaf umræðu sem leiðir til upplýstrar ákvörðunar þegar fram líða stundir. Sú stund kann að vera nær í tíma en okkur grunar nú. Hvort sem hún er nær eða fjær þá töpum við aldrei á því að hafa mótað skynsamlega sýn á umræðuna, þar sem vegnir eru og metnir hagsmunir okkar til lengri tíma. Bæði hvað varðar almenna hagsæld eða í menningarog sögulegu tilliti.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is




# Drap sjónvarpið útvarpsstjörnuna?

ORÐ Í BELG



**Guðmundur Arnar Guðmundsson**
Kynningarstjóri og MBA nemi

Buggles söng á áttunda áratugnum „Video killed a radio star" en á þeim tíma var það á allra vörum að sjónvarpið myndi gera útaf við útvarpið. Í dag er það á allra vörum að iPod spilarar og auðvelt aðgengi að lögum á netinu, muni ganga frá útvarpi í eitt skiptið fyrir öll. Útvarpið virðist þó vera að standa af sér iPod ógnina, rétt eins og það gerði hér forðum með sjónvarpið. Útvarpshlustun hefur ekki breyst mikið í löndunum í kringum okkur, á sumum stöðum staðið í stað en aukist lítillega annars staðar. Útvarpsbransinn er búinn að taka mikið við sér og mikil framþróun átt sér stað innan hans. Þar ber helst að nefna fjölgun dreifileiða útvarpsstöðva og nú er svo komið að dreifileiðir þeirra eru orðnar GSM símar, netið, digital útvörp, gömlu analog tíðnirnar (FM/AM), gervihnattaútvörp og digital móttökubúnaður fyrir sjónvarp.

Næstum allir Íslendingar hlusta eitthvað á útvarp í hverri viku. Mesta hlustunin er á morgnana, í hádeginu og síðdegis. Flestir Íslendingar hlusta á útvarpsstöðvar í bílnum, þar næst heima hjá sér og svo loks í vinnunni. Það er hins vegar ólíkt frændum okkar á Bretlandseyjum sem hlusta mest heima hjá sér. Kannanir Gallup (dagbókakannanir) sýna að Íslendingar flakka ekki mjög mikið á milli útvarpsstöðva, rúmlega 60% segjast oftast hlusta á sömu stöðina.

Aftur á móti hefur Erwin Ephron, faðir nútíma birtingafræða (e. media planning), komist að því við rannsóknir sínar að fólk hlustar á mun fleiri útvarpsstöðvar en dagbókakannanir sýna og hver stöð hafi meiri dekkun en þær endurspegli. Fólk hlustar einnig oftar á hverja stöð en styttra í hvert skiptið. Rannsóknir hans hafa ennfremur sýnt að útvarpshlustun er mun jafnari yfir daginn en dagbókakannanir sýna og er kvöld- og helgarhlustun mun meiri í raun en dagbókakannanir gefa í skyn. Hér er mikið tækifæri fyrir auglýsendur þar sem þessir tímar eru yfirleitt ekki verðlagðir eins hátt. Þessir auglýsingatímar eru heldur ekki eins fullir sem eykur áhrifamátt þeirra auglýsinga sem þar eru.

Útvarp er sennilega einn vannýttasti auglýsingamiðill Íslands. Aðeins 10% af því fjármagni sem fór í auglýsingar árið 2004 fór í útvarp. Rúmlega 51% af fjármagninu fór í prentmiðla og 31% í sjónvarp sama ár. Þetta er raunin þrátt fyrir að rannsóknir hafi sýnt fram á að útvarpsherferðir geti náð 60% til 80% af auglýsingaeftirtekt sjónvarpsherferða fyrir margfalt lægra verð. Það er einnig þekkt stærð að því nærri kaupum sem fólk sér auglýsingu því líklegra er að auglýsingin skili árangri. Mesta útvarpshlustunin er á þeim tíma sem flestir fara að versla, í hádeginu og eftir vinnu. Það gerir miðilinn mjög verðmætan fyrir auglýsendur sem geta með honum náð til viðskiptavina í bílnum á leið að versla.

Kostir útvarpsauglýsinga eru þessir helstir: þeim fylgir lágur framleiðslu- og birtingarkostnaður, auglýsingarnar ná til viðskiptavinarins mjög nálægt kaupum, þær ná til hópa sem að öðrum kosti getur verið erfitt að ná til (t.d. ungt fólk), þrír af hverjum fjórum upplifa sjónvarpsauglýsingu aftur þegar þeir heyra útvarpsauglýsingu með sömu hljóðhrifum og útvarpsauglýsingu er hægt að setja af stað með mjög litlum fyrirvara.

Þegar auglýsingaeftirtekt er könnuð er það mjög algengt að fólk haldi að það hafi séð auglýsingu í sjónvarpi, þegar hún heyrðist í rauninni í útvarpi. Útvarp er mjög persónulegur miðill. Útvarpsstöðvar eru yfirleitt sniðnar að ákveðnum hópi og hlustendur upplifa þær sem mjög persónulegar, m.ö.o. að viðkomandi útvarpsstöð sé útvarpsstöðin „sín". Af þessum sökum upplifa hlustendur auglýsingarnar á „sinni stöð" oft sem auglýsingarnar „sínar". Rannsóknir hafa ennfremur ýtt undir það að hlustendur upplifa útvarpsauglýsingar sem áreiðanlegri, traustari og heiðarlegri en auglýsingar í öðrum miðlum.

Það er betra að auglýsa í styttri auglýsingahléum en lengri, einnig næst mesti árangur af útvarpsauglýsingum sem eru annaðhvort fyrstar í auglýsingatímum eða síðastar. Eins og áður hefur verið getið er hægt að ná gríðarlega miklum árangri af auglýsingaherferðum með birtingum eingöngu í útvarpi. Þrátt fyrir þetta hefur útvarp mest verið notað sem stoðmiðill með herferðum í öðrum miðlum, aðallega sjónvarpi. Mikil samvirkni (e. synergy) næst með því að keyra útvarpsauglýsingar með herferðum í öðrum miðlum. Sem dæmi hafa rannsóknir sýnt fram á það að ef 10% af því fjármagni sem veitt er í sjónvarpsherferð er sett í útvarp næst 15% meiri árangur að jafnaði.

Eins og með auglýsingar í öllum miðlum skiptir gríðarlega miklu máli að útvarpsauglýsing sé góð til að skila þeim árangri sem útvarpsauglýsingar eru megnugar. Hver er lykillinn að góðum útvarpsauglýsingum? Hér að lokum er listi yfir atriði sem rannsóknir hafa sýnt að geti aukið mikið líkur á árangri útvarpsauglýsinga.

1. Einfaldar
2. Skilaboðin eru skýr
3. Hugmyndaríkar
4. Húmor virkar vel, ef fólki líkar vel við auglýsinguna er það mikill plús
5. Persónulegar, tala alltaf við „hlustandann" og ganga í skugga um að auglýsingin sé sniðin að þeim hópi sem hlustar á útvarpsstöðina sem birt er á
6. Lengri auglýsingar virka betur en styttri (45-60 sekúndur á móti styttri)
7. Minnast á vörumerkið mjög snemma í auglýsingunni
8. Minnast á vörumerkið nokkrum sinnum
9. Hanna hljóðrænt vörumerki ef hægt er. Nota alltaf sömu rödd, stef eða álíka
10. Forðast að hafa auglýsingar í tveimur hlutum
11. Ganga úr skugga um að nægjanlegt fjármagn sé til birtinga.

**Kostir útvarpsauglýsinga eru þessir helstir: þeim fylgir lágur framleiðslu- og birtingarkostnaður, auglýsingarnar ná til viðskiptavinarins mjög nálægt kaupum, þær ná til hópa sem að öðrum kosti getur verið erfitt að ná til (t.d. ungt fólk), þrír af hverjum fjórum upplifa sjónvarpsauglýsingu aftur þegar þeir heyra útvarpsauglýsingu með sömu hljóðhrifum...**

STARFSMANNAMÁL

## Atvinnuviðtöl

Viðtöl við umsækjendur starfa hafa ætíð gegnt veigamiklu hlutverki við ráðningarferli og eru notuð í áttatíu til hundrað prósentum ráðningartilfella um heim allan. Þrátt fyrir lágt forspárgildi eru vinsældir óformlegra viðtala miklar þar sem umsækjendur eru spurðir spurninga án skipulags eða forms. Formleg viðtöl þar sem sömu spurningar eru lagðar fyrir alla umsækjendur í skipulagðri röð hafa hins vegar meira forspárgildi fyrir frammistöðu í starfi.

**UNDIRBÚNINGUR FYRIR VIÐTAL**

Viðtal við umsækjendur starfa ætti að innihalda ferli sem felst í kynningu á aðilum ásamt kynningu á starfinu og fyrirtækinu. Nauðsynlegt er að hafa fleiri en einn spyril í viðtölum, því það styrkir hugmyndir umsækjandans um að ráðningin sé sanngjörn og hún sé ekki byggð á mati eins aðila sem gæti stuðlað að hlutdrægni. Til þess að ná góðum árangri í viðtali þarf að hafa í huga að staðsetning skiptir máli. Gott er að hafa viðtalið í sér herbergi þar sem hægt er að loka hurð og hafa næði. Þá þarf að flytja símtöl úr herberginu, einbeita sér að viðtalinu sjálfu og forðast að raða stólum eða húsgögnum á þann hátt að umsækjanda finnist hann vera yfirheyrður.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að sá sem fer fyrstur í viðtal á minnstu möguleika á að verða ráðinn þar sem spyrlar skrá ekki hjá sér athugasemdir og gleyma viðkomandi. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir spyrla að skoða umsóknareyðublað og ferilskrá vandlega áður en viðtalið hefst, skrifa niður spurningar sem koma upp í sambandi við bakgrunn og metnað umsækjanda og vera tilbúnir með opnar spurningar sem hvetja umsækjanda til að hugsa og segja frá. Þá þarf að ákveða fyrirfram hversu mikinn tíma viðtalið muni taka og gera ráð fyrir hléum á milli viðtala. Þegar kemur að viðtalinu sjálfu er gott að nota 20/80 regluna. Þ.e á meðan á viðtali stendur þarf að hvetja umsækjandann til þess að tala áttatíu prósent af tímanum og spyrill ætti að nota um tuttugu prósent tímans.



**Sif Sigfúsdóttir**
**M.A. í mannauðsstjórnun**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Slys á börnum í innkaupakerrum

Í fyrravor var gerð rannsókn á heima- og frítímaslysum barna á aldrinum 0-4 ára sem komið höfðu á slysadeildina árið 2003. Í niðurstöðunum kom í ljós að fimm prósent barna á þessum aldri slösuðust í verslunum.

Þarna er um að ræða tæplega 80 börn. Eitt af þeim alvarlegustu slysum sem verða í verslunum eru slys við fall. Helsta ástæða þessara slysa er fall úr innkaupakerrum. Sum þessara slysa eru mjög alvarleg þar sem flest barnanna hljóta höfuðáverka. Fyrir lítið barn að detta úr innkaupakerru niður á steingólf samsvarar því að fullorðinn detti ofan af bílskúr niður á steypta stétt. Það skýrir hversu alvarlegir áverkarnir geta orðið.

Hvað geta foreldrar gert til að fyrirbyggja þessi slys?

- Látið barnið alltaf sitja í þar til gerðu sæti.
- Athugið að barn sem er þyngra en 15 kíló á ekki að sitja í innkaupakerru.
- Börn eiga aldrei að sitja í körfunni sjálfri
- Ekki má yfirgefa smábarn eitt augnablik í körfunni
- Veljið alltaf körfu sem er með belti fyrir barnið ef hún er til
- Hægt er að nota venjulegt beisli með smá breytingu til að festa barnið í sætinu.
- Þegar að ekið er út á bílastæðin gætið þess að forðast holótt malbik
- Þegar kerra er valin er mikilvægt að gæta þess að hjólin virki eðlilega

Þessi atriði sem eru talin hér upp að framan byggjast öll á slysum sem hafa orðið á börnum í innkaupakerrum. Það er því mikilvægt að foreldrar og forráðamenn fari eftir þessum ábendingum til að koma í veg fyrir þessi slys. Fyrirtækið gæti látið útbúa skilti með þessum upplýsingum til að foreldrar átti sig á hættunni. Skiltið mætti svo staðsetja á áberandi stað hjá kerrunum.

**HLUTVERK VERSLANA**

Hlutverk verslana er ekki síður mikilvægt til að fyrirbyggja þessi slys. Til dæmis mætti fræða starfsfólk um þessar hættur þannig að það geti verið í stakk búið til að benda foreldrum á hætturnar.

Mikilvægt er að verslanir hafi belti í sætum fyrir börnin. Mikilvægt er að eiga eitthvað af tvíburakerrum en þær eru ekki síður nauðsynlegar fyrir foreldra með tvö smábörn, sem oft neyðast til að setja annað barnið í vöruhlutann. Það er ekki síður mikilvægt að hafa reglubundið eftirlit með innkaupakerrum. Það má rekja nokkur alvarleg slys til þess að kerran var í ólagi, hjólin stóðu á sér eða grindin var skökk eftir að ekið hafði verið á hana.

Það er ekki síður nauðsynlegt að lýsing á bílastæðum og aðkoma að verslunum sé í lagi. Hálkuvörnum er oft á tíðum mjög ábótavant og dæmi eru um að foreldrar hafi dottið og kerran farið á hliðina og barnið kastast úr henni. Skemmdir á malbiki og fláum við inngang verslana eru líka hættulegar, dæmi eru að kerrur hafi farið á hliðina og börn slasast við það.

Klaki þar sem erfitt hefur verið að keyra kerrur hefur líka valdið slysum en mikilvægt er að fjarlægja klakann þannig að viðskiptavinirnir komist heilu og höldnu til og frá versluninni.

ÖRUGG FYRIRTÆKI
Átak Markaðarins og Sjóvá

Herdís L. Storgaard
herdis.storgaard@sjova.is
Forstöðumaður Sjóvá forvarnahúss
www.forvarnahusid.is

SPÁKAUPMAÐURINN

## Uppistand í Straumi

Eina ljósglætan í sumar á þessum steindauða markaði er hamagangurinn í Straumi. Ég mætti náttúrulega á hluthafafundinn, fékk mér samlokur og kók og smá kaffi og konfekt og skemmti mér vel.

Víglundur sá um að halda lífi í þessu og fundarstjórinn gerði náttúrulega sitt til þess að koma í veg fyrir það. Það vantar miklu meira af svona uppákomum á hluthafafundum. Ég átti í FBA í gamla daga. Þá sté Víglundur líka á stokk og lét hvína í sér. Þá voru menn svolítið hræddir við kallinn.

Nú var meira eins og þetta væri óþægilegt, en ég sá engan skjálfa undan Víglundi í þetta sinnið, kannski sat ég of aftarlega í salnum.

Þessi nýja stjórn er líka spennandi. Þarna eru þrír hákarlar og tveir gullfiskar í söm stjórn. Einn hákarlinn á báða gullfiskana sem vita að hann getur gleypt þá báða í einum bita.

Svo er bara að sjá hvernig menn spila úr stöðunni. Ég hef litla trú á að þetta sé hjónaband sem endist. Frekar hugguleg framhjáhaldshelgi, reyndar með möguleika á skammvinnu hagsmunahjónabandi.

Allavega þá var frísklegt að fá svona snarpan hluthafafund með smá látum og látalátum. Svo hitti maður svolítið af liði á markaðnum og gat slúðrað við það um þessa deyfð sem ríkir.

Menn einfaldlega búast ekki við neinu á næstunni. Þannig er nú bara það. Þá er bara að stafla upp aur á hliðarlínuna og bíða þess að tími komi til að koma sér inn á völlinn. Það er líka fátt að gerast út í hinum stóra heimi. Sama ruglið á öllum mörkuðum.

Ef maður væri harður á túlkuninni, þá myndi ég skilgreina mig atvinnulausan og fara á bætur. Það á illa við mig að vera á kerfinu þannig að ég skilgreini mig bara í sumarfríi í bili.

Það eiginlega passar ekki saman að mæta með flugustöngina í góða laxveiðiá og veifa spjaldi frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Nei, ég er í fríi þangað til eitthvað fiskast og það mun fiskast, sannið þið til.

Spákaupmaðurinn á horninu



Viðskiptahúsið

**Til sölu mjög áhugavert fyrirtæki í byggingageiranum**
Félagið sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á sérbýlum. Fyrirtæki með góða veltu og EBITDA og hefur verið rekið með góðum hagnaði undanfarin ár. Þetta er fyrirtæki sem er áhugavert að skoða.

**Erum með til sölu áhugaverða fiskvinnslu á höfuðborgarsvæðinu**
Um er að ræða mjög áhugavert fyrirtæki sem hefur á að skipta góðu starfsfólki, sölusamböndum, tækjum og tólum til vinnslu og markaðssetningar á ferskum og frystum afurðum.

**Til sölu er ein áhugaverðasta húsgagna- og gjafavöruverslun**
Verslunin er með mikið af góðum umboðum og hefur að skipa vöruúrvali og faglegu starfsfólki. Fyrirtækið hefur verið vel rekið miklum metnaði en fyrir liggja uppgjör og áætlanir til 2008

**Til sölu rótgróið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki í sjávarútvegi.**
Félagið hefur ávalt verið rekið með hagnaði enda með góða starfsfólk. Fyrir liggur skýrsla um félgið fyrir fjárfesta að skoða.

**Til sölu innflutnings- og sölufyrirtæki á sviði véla og tækja.**
Félag með mikið af góðum merkjum og víðu sviði frá iðnaði og allt til sjávarútvegs. Vaxandi félag með mikla framtíðarmöguleika.

**Til sölu Innflutnings- og dreifingarfyritæki í efnageiranum.**
Gróið félag með góða afkomu sem auðvelt er að bæta við annað.

Til sölu er áhugavert fyrirtæki í innflutningi á vélum og tækjum.

Til sölu Fiskeldisstöð tilbún til rekstar.

**Erum með kaupendur af félagi:**
með innflutning eða framleiðslu á umbúðum.
með innflutning og dreifingu á efnum og olíum.
með innflutning og dreifingu á tölvum og tölvubúnaði.
með innflutning og dreifingu fyrir heilsugeiran.



**Jón Sigfús**
Sigurjónsson
Hdl. & Löggiltur FFS
Gsm: 893 3003
jon@vidskiptahusid.is



**Jóhann Ólafsson**
Löggiltur FFS
Gsm: 863 6323
johann@vidskiptahusid.is

Viðskiptahúsið
Skúlagata 17 101 Reykjavík sími : 566 80 00 e-mail : vidskiptahusid@vidskiptahusid.is www.vidskiptahusid.is




**GAMALT SJÓNVARP** Þeir sem vilja ekki sjá á eftir gamla túbusjónvarpinu þegar þeir fá sér flatskjá geta breytt því í fiskabúr með litlum tilkostnaði.

# Gamli imbinn í endurnýjun lífdaga

Mörg tæknifyrirtæki hafa hætt framleiðslu á túbusjónvörpum og einbeitt sér að framleiðslu flatra sjónvarpa. Margir þeirra sem endurnýja viðtækjakostinn sjá á eftir gömlu tækjunum og fella jafnvel tár þegar þeir henda þeim í gám hjá Sorpu. En nú er lausn í sjónmáli fyrir þá handlögnu einstaklinga sem ekki geta hugsað sér að henda gamla imbakassanum.

Maður nokkur í Ástralíu að nafni Michael Kohr breytti hlutverki gamla sjónvarpsins hjá sér. Hann tók innviðið úr kassanum, lét sérsmíða glerkassa og breytti gamla sjónvarpinu í fiskabúr. Glerkassinn var álíka stór sjónvarpsskjánum. Við hlið hans, þar sem stillingar eru á gömlum sjónvörpum, setti hann tengibúnað og aðra fylgihluti.

Þegar búið var að tengja rafmagn við hreinsibúnað búrsins, setja skraut í það, vatn og fiska, þá gat Kohr sest hamingjusamlega framan við gamla sjónvarpið og virt fyrir sér fiskana synda fram og aftur.

Verkið var tiltölulega einfalt og tók einungis um vikutíma, að hans sögn.

Hyggilegra þykir að nota 26 tommu sjónvarp eða stærra því hætta er á að smáfiskarnir hoppi upp úr búrinu ef það er í minna lagi.

**- jab**




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

# VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma aksturseiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf." Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

**Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40**

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is



GÓ ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Volvo S40 bensín.
Verð frá 2.595.000 kr.***

**Volvo S40 dísil.
Verð frá 2.965.000 kr.***

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Microsoft vill skerf af spilarakökunni

Talsmenn bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft hafa staðfest að fyrirtækið sé að þróa stafrænan tónlistarspilara sem muni etja kappi við iPod-inn frá Apple.

Að sögn Microsoft er fyrirtækið að vinna að nokkrum gerðum spilara, sem nefnast Zune, og muni sá fyrsti líta dagsins ljós síðar á þessu ári.

Orðrómur hefur lengi verið uppi um að Microsoft ætli að keppa við Apple á spilaramarkaðnum. Sérfræðingar í markaðsmálum telja hins vegar að Apple hafi náð það miklu forskoti að Microsoft muni reynast erfitt að ná fótfestu í keppninni. iPod-ar hafa helming markaðshlutdeildar á spilaramarkaðnum en sjötíu prósent stafrænnar tónlistar á netinu selst á iTunes vefsvæði Apple.

„Við sjáum mikla möguleika," segir Chris Stephenson, yfirmaður markaðsmála hjá Microsoft, og bætti við að fyrirtækið muni bæði framleiða spilara og hugbúnað undir merkjum Zune.

Markaðssérfræðingar segja vinsældir spilarans byggjast einna helst á því hvort hægt verði að hlaða niður tónlist og myndböndum á hann með þráðlausum hætti.

- jab



**FORSTJÓRI APPLE OG IPOD NANO** Microsoft ætlar að setja stafræna tónlistarspilara á markað síðar á árinu. Markaðssérfræðingar segja vinsældir spilarans velta á því hvort hægt verði að hlaða niður tónlist og myndböndum þráðlaust af netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Vinna lengur

Eigendur og framkvæmdastjórar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Bretlandi vinna oft fram eftir á virkum dögum til að eiga frí um helgar.

Í niðurstöðum könnunar á vegum bankans Barclays, kemur fram að stjórnendur fyrirtækjanna unnu að meðaltali í 61,1 klukkustund í hverri viku á síðasta ári. Þetta er 23,7 klukkustundum meira en meðal Breti vann á sama tíma.

# Lánadrottnar studdu gjaldþrot Yukos

Meirihluti lánadrottna olíufyrirtækisins Yukos var fylgjandi því í gær að fyrirtækið yrði lýst gjaldþrota. Eigendur fyrirtækisins, sem eitt sinn var eitt stærsta olíufyrirtæki heims í einkaeigu, vildu hins vegar hagræða í rekstri.

Yukos skuldar sem nemur rúmum 1.200 milljörðum íslenskra króna en stærstu lánadrottnar fyrirtækisins eru rússnesk skattayfirvöld og rússneski ríkisolíurisinn Rosneft.

Nú þegar búið er að ákveða að fara gjaldþrotaleiðina þykir líklegast að eignir fyrirtækisins verði seldar upp í skuldir. Á meðal eigna fyrirtækisins er stærsta olíuvinnslustöð Rússlands sem líklegt þykir að Rosneft kaupi.

Yukos var dæmt til að greiða rúmlega 2.000 milljarða króna skattaskuld fyrir tveimur árum eftir að stjórnendur fyrirtækisins voru fundnir sekir um skatt- og bókhaldssvik. Í kjölfarið var stofnandi fyrirtækisins, Mikhaíl Khodorkovskí, dæmdur til átta ára fangelsisvistar í Síberíu.

Steven Theede, forstjóri Yukos, sagði starfi sínu óvænt lausu í síðustu viku og lýsti því yfir að fundur lánadrottna fyrirtækisins væri leiksýning enda hefði verið vitað fyrirfram að þeir hygðust lýsa fyrirtækið gjaldþrota svo að Rosneft og rússneska ríkið gætu komist yfir eignir fyrirtækisins.



**MIKHAÍL KHODORKOVSKÍ** Stofnandi og fyrrum forstjóri Yukos situr af sér átta ára fangelsisdóm í Síberíu. Lánadrottnar ákváðu í gær að fyrirtækið yrði lýst gjaldþrota. MYND/AP






Markmál
Þýðingar og skjalagerð
Aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003

TILBOÐ
LÆKKAÐ VERÐ

Stór og smá loftkælikerfi!
Skrifstofur
Tölvurými
Fundasalir
Færanleg loftkælikerfi
ís-húsið 566 6000
kælivélalagerinn

Skrifstofuhúsgögn

Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

# Greiddi fyrir ferð út í geim

## Kona frá Íran er sjötti auðkýfingurinn sem borgar fyrir ferð til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Íranska konan Anousheh Ansari er sjötti einstaklingurinn sem borgar fyrir að fara með Soyuz geimfarinu frá Baikonur í Rússlandi til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar og dvelja þar í tíu daga á næsta ári. Ansari, sem er 39 ára milljarðamæringur frá Íran en hefur verið búsett í Bandaríkjunum frá sextán ára aldri, er jafnframt fyrsta konan sem kaupir sér slíkan farmiða.

Asari fæddist í Teheran í Íran árið 1967. Að sögn breska blaðsins Sunday Times var hún hugfangin af bandarísku sjónvarpsþáttunum Star Trek og langaði til að verða geimfari.

Ansari, sem er rafmagnsverkfræðingur að mennt, stofnaði hugbúnaðarfyrirtækið Telecom Technologies Inc. ásamt eiginmanni sínum og mági árið 1993 en seldi fyrirtækið sjö árum síðar með gríðarlegum hagnaði. Þá hlaut hún frumkvöðlaverðlaun kvenna í Bandaríkjunum árið 2000 og var á lista bandaríska viðskiptatímaritsins Fortune yfir fjörutíu ríkustu konur Bandaríkjanna undir fertugu.

Þótt verð farmiðans til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar hafi staðið nokkurn veginn í stað á milli ára þá er harla ólíklegt að stöðin verði einn af áfangastöðum hins almenna launþega. Bandaríski auðkýfingurinn Greg Olsen, sem var þriðji geimferðalangurinn, greiddi rúmlega 1,4 milljarða íslenskra króna þegar hann fór til geimstöðvarinnar í október á síðasta ári. Ansari, sem fer út í geim snemma á næsta ári, þarf að reiða fram svo til sömu upphæð fyrir ferðina.


**VIÐ ÆFINGAR FYRIR GEIMFERÐINA** Anousheh Ansari veifar til ljósmyndara. Hér er hún við æfingar fyrir geimferðina ásamt Daisuke Enomoto, sem fer til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar í september. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þrír geimferðalangar hafa látið drauminn rætast síðan farið var að bjóða ferðir sem þessar árið 2001. Tveir þeirra voru Bandaríkjamenn en sá þriðji Suður-Afríkumaður, sem búsettur er í Bretlandi. Í september næstkomandi fer fjórði geimferðalangurinn áleiðis til geimstöðvarinnar frá Rússlandi. Það er hinn 35 ára japanski auðkýfingur Daisuke Enomoto, fyrrum framkvæmdastjóri japanska netfyrirtækisins Livedoor.

Hætti Enomoto við ferðina mun Ansari taka sæti hans og fara fyrr en áætlað var.

# Vítamín örvar ástleitni

Spænskir vísindamenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að inntaka D-vítamíns hjá karldýrum getur átt sinn þátt í því að heilla hitt kynið. Vísindamennirnir byggja niðurstöður sínar hins vegar ekki á ástleitni manna heldur með rannsóknum á karlkyns eðlum.

Vísindamennirnir, sem greindu frá niðurstöðum sínum í vísindatímaritinu Proceeding B of the Royal Society, gáfu nokkrum karleðlum D-vítamín og tóku eftir því að kveneðlurnar löðuðust fremur að þeim sem voru vítamínríkari en þeim karleðlum sem ekki fengu vítamínið.


**EÐLA** Óvíst er hvort konur greini magn D-vítamíns í körlum. Kveneðlur laðast fremur að karleðlum sem hafa mikið af vítamíninu í búknum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Telja þeir að eðlur taki eftir vítamínmagni í öðrum dýrum og telji kveneðlur það merki um góða heilsu hjá karldýrum greini þær mikið magn D-vítamíns í þeim þegar þær eru í makaleit.

Jose Martin, einn þeirra spænsku líffræðinga sem tóku þátt í rannsókninni, segir búk dýranna endurspegla vítamínmagn líkamans og sýni hversu heilsuhraust viðkomandi dýr sé. „Við höfum tekið eftir því að stórir skammtar af E-vítamíni hafa svipuð áhrif á eðlur og D-vítamín," segir hann. Að sögn vísindamanna er óvíst hvort vítamínið hafi sömu virkni fyrir menn og karleðlur. - jab

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði til leigu


Stórglæsilegt skrifstofuhúsnæði, 329 m², á 2. hæð að Laugavegi 182, Reykjavík.
Mjög vandað húsnæði með einstöku útsýni og mikilli lofthæð. Nánari upplýsingar veitir Örn Kjartansson í síma 825 9000.
FASTEIGNAFÉLAGIÐ STOÐIR HF.
Kringlunni 4 - 12 103 Reykjavík Sími 575-9000
Fasteignafélagið Stoðir hf. er stærsta fasteignafélag landsins með um 310.000 fermetra í sinni eigu og sérhæfir sig í útleigu fasteigna til traustra leigutaka til langs tíma.

## FÓLK Á FERLI



**Halldór Jörgensson** hefur verið ráðinn í starf framkvæmdastjóra Microsoft á Íslandi í stað Elvars Steins Þorkelssonar, sem fer til starfa hjá Microsoft í Rússlandi í ágúst. Halldór hefur að undanförnu gegnt stjórnunarstöðu hjá viðskiptalausnadeild Microsoft í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Framkvæmdastjóraskiptin fara formlega fram í ágúst. Halldór hóf störf hjá Microsoft í júní 2002 og var fyrst um sinn sölustjóri fyrir lausnir samstarfsaðila Microsoft, en fór fljótlega í stjórnunarstöðu hjá stórfyrirtækja- og samstarfsaðiladeild Microsoft. Núverandi stöðu hjá viðskiptalausnadeild Microsoft hefur hann gegnt síðustu átján mánuði. Áður en Halldór kom til Microsoft starfaði hann hjá Software AG í sjö ár, en hann hóf feril sinn í hugbúnaðargeiranum hjá Streng á Íslandi. Halldór er með MSC gráðu í tölvunarfræði frá Iowa-háskóla í Bandaríkjunum.



**Elvar Steinn** Þorkelsson, sem gegnt hefur stöðu framkvæmdastjóra Microsoft á Íslandi frá stofnun þess árið 2003, flytur sig um set til Moskvu þar sem hann mun stýra Information Worker einingu Microsoft í Rússlandi, með ábyrgð á allri sölu- og markaðssetningu á Office, Visio, Project og öðrum hugbúnaði sem Microsoft framleiðir. Elvar hefur náð góðum árangri í að auka sölu Microsoft-hugbúnaðar hér á landi og gera Microsoft að virkum þátttakanda í íslensku viðskiptalífi. Hann hefur jafnframt verið ötull talsmaður hugbúnaðarfyrirtækja sem berjast gegn hugbúnaðarstuldi hér á landi.



**Helgi Björn** Kristinsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri tekjusviðs 365. Hefur hann umsjón með auglýsinga-, áskrifta- og sértekjum fyrirtækisins. Helgi starfaði sem sölu- og markaðsstjóri Plastprents frá árinu 2001. Áður starfaði hann sem sölustjóri hjá Toyota og við markaðsrannsóknir og ráðgjöf hjá PWC. Helgi hefur lokið BA-prófi í stjórnmálafræði frá HÍ og viðskipta- og rekstrarfræði frá Endurmenntun HÍ. Hann útskrifaðist með MBA-próf frá Háskólanum í Reykjavík í vor. Helgi er giftur Helgu Ólafs og eiga þau þrjú börn.













MARKAÐURINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**75%** samdráttur í íbúðalánum bankanna síðan mest lét fyrir tuttugu mánuðum.

**171.600** starfandi á vinnumarkaði í júní.

**70%** hlutur Eimskips í skipafélaginu Kurisu Linija eftir kaup á tuttugu prósenta hlut í vikunni.

## BANKAHÓLFIÐ



### Manndómsvígsla með Destiny´s Child

Phillip Green, gamli viðskiptafélagi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, er þekktur fyrir allt annað en að láta lítið fyrir sér fara, segir í hinu virta bandaríska viðskiptablaði Wall Street Journal. Samkvæmt blaðinu hélt Green ærlega upp á bar mitzvah veislu sonar síns, en slíkar manndómsvígslur eru nokkurs konar fermingar hjá gyðingum. Veislan var haldin um borð í risasnekkju sem lá við landfestar í Frönsku rívíerunni og tróðu upp ekki ómerkari skemmtikraftar en bandaríska stúlknahljómsveitin Destiny´s Child. Sonur Greens er víst yfir sig hrifinn af ofurbombunni Beyoncé, aðalsöngkonu hljómsveitarinnar. Flestir foreldrar hefðu líklega látið sér nægja að kaupa nýjasta geisladiskinn.

### Sumir græða en aðrir tapa

Breska olíufélagið BP hagnaðist um jafnvirði rúmra 829 milljarða íslenskra króna á fyrri helmingi ársins. Þetta er tæpum 68 milljörðum krónum meira en á sama tímabili á síðasta ári og jafngildir því að fyrirtækið hafi hagnast um jafnvirði 190 milljóna króna á hverri klukkustund á degi hverjum fyrstu sex mánuði ársins. Ekki liggur fyrir hverju má þakka aukinn hagnað olíufélagsins. Hins vegar er ljóst að met í sögulegu hámarksverði á hráolíu- og eldsneytisverði eru slegin á svo til hverjum degi. Þetta þýðir auðvitað að hinn almenni neytandi þarf að kafa dýpra ofan í vasa sína til að fylla á tankinn á fjölskyldubílnum. Olíufélög verða vissulega seint flokkuð með góðgerðafélögum en mörgum þykir nóg um á þessum síðustu og verstu tímum.

### Langur hádegisverður

Þau undur og stórmerki áttu sér stað á hlutabréfamarkaði í gær að 51 mínúta leið á milli viðskipta, frá klukkan 12.02 til 12.53. Mætti ætla að viðskiptakerfið hafi frosið á þessum tíma eða sumarstarfsmennirnir á miðlunarborðunum hafi gleymt sér í hádegismat. Algjört stemmingsleysi ríkir um þessar mundir á hlutabréfamarkaði og telja flestir að lítið sem ekkert gerist fyrr en á haustmánuðum þegar þeir sem eiga peninga á milli handanna mæta aftur til leiks. Á mánudaginn liðu til dæmis eitt sinn 35 mínútur á milli viðskipta.






## Aðföng vöruhús Haga

óska eftir starfsfólki. Leitað er að duglegum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki. Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík.

**Einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is. Upplýsingar er hægt að fá í síma 693 5602.**

## Starfsmaður óskast

á vinnupallaleigu í útkeyrslu, afgreiðslu og fleira.

**Uppl. í s. 553 2280 & 893 9678.**

## Í hlaupavinna / aukavinna

Starfsmenn óskast í íhlaupavinnu við uppsetningu á vinnupöllum og fleira.

**Uppl. í s. 553 2280 & 893 9678.**

## The Deli Bankastræti

Starfsfólk óskast. Framtíðarstarf og hlutastarf. The Deli Bankastræti. Uppl. í s. 660 6490, Sigurður.

## Bakaríið Kornið

Kornið Bakarí óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Einnig vantar fólk hálfan daginn. Hentar fólki á öllum aldri. Upplýsingar í síma 864 1585 - Dagbjartur eða á kornid.is

## Múrarar, byggingaverka

Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari

Starfskraftur óskast .Vinnutími 12-16. Uppl. í síma 561 9444. 4 O Dot laugavegi 100.

Viltu sjá árangur í starfi! Eigum laus störf við ræstingar á Höfuðborgarsvæðinu, afkastakvetjandi laun. Uppl. í síma 581 4000.

## Atvinna atvinna

Vantar deildarstjóra hjá Rúmfatalagernum í Holtagörðum. Góð laun, góður vinnutími fyrir gott fólk. Hafið samband við Njál í síma 820 8001 eða á staðnum, Rúmfatalagerinn Holtagörðum.

Vegan veikinda starfsmanns vantar mig tímabundið aðstoðarmann á málningaverkstæðu f. tréiðnað. Útvega herb. Uppl. í s. 895 7496.

## Mest

Óskar eftir að ráða Starfsmann á Mest leigu sem leigir út meðal annars byggingarkrana og byggingarmót. Nánari uppl. veitir Alfreð Karl Alfreðsson í s. 825 0704.

## Starfsfólk í Garðvinnu

Óska eftir starfskröftum í garðslátt og umhirðu. Uppl. í s. 691 9151. Garðlíf.

Óskum eftir að ráða starfsfólk í almenna afgreiðslu og við kjötborð, um er að ræða kvöld og helgarvinnu. Þín Verslun Seljabraut 54. Upplýsingar gefur María Dögg á milli 8 og 16 eða í síma 557 1780.

Kaffibrennslan óskar eftir kokkum sem fyrst. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í sima 561 3600 eða á brennslan@brennslan.is

Smiðir og/eða svuntuvanir byggingarverkamenn óskast við uppslátt á sökklum og uppbyggingu á plastkubbahúsum. Ath langtímaverkefni. S. 897 1309.

Myllan ehf. verktakar og vélsmiðja á Egilsstöðum, leitar eftir tveimur iðnmenntuðum starfskröftum í vélsmiðju. Krafa er að viðkomandi hafi iðnmenntun í einu af eftirfarandi vélsmíði, vél eða bifvélavirkjun, einnig er gerð Krafa um sjálfstæð vinnubrögð og góð manleg samskipti. Umsóknum skal skila í tölvupóst heidar@myllanehf.is nánari upplýsingar um starfið má nálgast í síma 471 1717

## Bakarí

Sveinsbakarí óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa hálfan daginn og aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Upplýsingar í síma 820 7370.

## Dekkja og smurverkstæði

Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Ekki yngri en 25 ára. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

We are hiring people to work at Bilkó, a tire and oil service. This is a future job for people older then 25. Applicants should be able to speak english. Information in tel. 660 0560.

## Hrói Höttur

Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki í allar stöður. Grill - pizzabakstur -afgreiðsla- úkeyrsla. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Aldur 18 skilyrði. Fólk eldri en 30 ára sérstaklega velkomið. Uppl. í s. 844 6292 milli kl13 og 15 og umsóknareyðublöð á staðnum.

## Atvinna óskast

Starfsfólk frá Lettlandi. S.845 7158.

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál







Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Opið allan sólahringin, engin bið

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Hefur þú farið á stefnumót nýlega? www.stefnumot.is

Erum par í leit af öðrum manni til að kynnast, hringið eða sendið sms 860 2015.

## Fyrir ári síðan

Þú bauðst mér upp á léttvín og kaffi fyrir utan kaffi Rósenberg, ég var í grænum bol, svörtum jakka og svörtum buxum. Ef þú hefur enn áhuga skildu eftir nafn og símanúmer hjá fréttablaðinu merkt "fyrir ári síðan"

50 ára karlmaður óskar eftir að kynnast konu sem er raunsæ á lífið og tilveruna. 40-55 ára. Þær sem hafa áhuga sendi svar til FBL merkt "Lífsgleði".

# FASTEIGNIR



## HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

## HB FASTEIGNIR KYNNA HEITAR EIGNIR

### Einbýlishús

Einimelur 107 glæsilegt einb tilb óskast
Grettisgata 101Rvík verð 41 millj.
Logafold 112 Rvík - verð 66,6 millj.
Miðtún m/aukaíbúð 800 Selfss

### Raðhús

Miðtún 800 Selfoss verð 22 millj.
Efstahraun 240 grindavík Nýtt

### 4ra herbergja

Laugavegur 101 Rvík ATH lækkað verð
Álftamýri 108 Rvík ATH lækkað verð
Kleppsvegur 104 Rvík Ath lækkað verð

### 3ja herbergja

Barónsstígur 101 Rvík verð 10,9 millj.
Lyngmóar 210 Garðabæ verð 24,6 millj.
Strandasel 109 Rvík verð 16,9 millj.

### Fyrir fjárfesta

Iðnaðarhúsn. Hveragerði u.þ.b. 500fm
Lóðir víðsvegar um land

### Jarðir, lóðir og sumarhús

Glæsileg jörð í Haukadal
Veiði + hestar verð 45 millj.
Frístundajörð í Borgarfirði verðtilboð.
Glæsilegur sumarbústaður í Eyrarskógi verð 18 millj
3 sumarbústaðir Grímsnesi, afh. fokheldir
Ca. 22 fm bústaður til flutnings, verð 700þús.
2 sumarhúsalóðir í Borgarfirði, upplagt fyrir hestafólk

**Kaupendur/ hjá okkur er alltaf opið hús Seljendur/skoðum / og verðm samdægurs.**



Kári Kort, sölustjóri
S. 892-2506

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

## VALHÖLL FASTEIGNASALA

Nýtt í sölu

### Brekkustígur - Vesturbær Rvk



Nýkomin í einkasölu falleg talsvert endurn. 80 fm íb. á 1.hæð í litlu 6 íb. húsi sem er verið að ljúka við að gera við+mála, ásamt standsetn. á stigahúsi. Nýtt glæsil. eldhús, merbau parket og fl. Frábær staðsetning á rólegum stað í Vesturbæ Reykjavíkur. **Verð 20,5 m.**

Nýtt í sölu

### Hvannalundur Garðabæ afhending við kaupsamn



Nýkomið vandað talsv. endurn. einbýli á þessum vinsæla stað í Garðabæ. Húsið er samt. 163,5 fm með bílskúr sem er 41,2 fm. Parket, nýlegt vandað eldhús með Granít borðpl. Fallegur garður. 3-4 svefnherb. **Verð 41,9 m/tilboð**

Nýtt í sölu

### Digranesheiði - Suðurhlíðar Kópavogs Falleg sérhæð á útsýnisstað



Í einkasölu mjög góð og velskipul. 4ra herb. 85 fm miðhæð í góðu þríbýlishúsi á mjög góðum stað. Húsið nýl. viðgert+málað og nýlegt á þaki. Sérinngangur (beint inn), 3 svefnherbergi, parket, og fl. Áhv: ca 14,5 m. langt. sparisj.lán. **V. 19,8 m**. Bein sala eða skipti á sérbýli í Kópav. 30-40 m

VALHÖLL FASTEIGNASALA

Sími 588 4477

*Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali.*

Starfsfólk Hraunhamars kann að meta eignina þína

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali

## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

### Fagrakinn - Hf





Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í sölu glæsilegt tvílyft einbýlishús með kjallara undir að hluta til og bílskúr samtals um 153 fermetrar vel staðsett í Kinnahverfi í Hafnarfirði. Eignin skiptist í forstofu, hol, samliggjandi stofur (stofa, borðstofa), eldhús, gestasnyrtingu, sjónvarpsherbergi ( eða vinnustofu ofl.) . Á efri hæð er glæsilegt baðherbergi, gott svefnherbergi með útgengi út á stórar svalir yfir bílskúr í suð-austur, tvö ágæt barnaherbergi og geymsla. Í kjallara er þvottahús og herbergi. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Glæsilegur gróinn garður . **Verð 47.millj. Myndir af eigninni á mbl.is**

## STUÐLABERG FASTEIGNASALA

Hafnargötu 29, 2. hæð, Keflavík • Sími 420 4000 • fax 420 4009 • studlaberg.is

### Akurbraut 2-8, Tjarnahverfi í Reykjanesbæ

**Opið hús fimmtudaginn 27. júlí frá kl. 17:00-19:00**





- Fullbúin 4ra herbergja raðhús með tyrfðri lóð og hellulagðri innkeyrslu.
- Fallegar eikar-innréttingar.
- Þvottavél og þurrkari.
- Bakaraofn, keramik helluborð, örbylgjuofn, uppþvottavél og ísskápur.
- Er í nágrenni við Akurskóla og leikskóla.
- Fjölskylduvæn hús – tilbúin til afhendingar.
- Hagstæð lán til yfirtöku.

**Verð frá 24,8 m.**

# Kvótakerfið, laxinn og George Bush eldri

**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**
ATHUGASEMD VIÐ LEIÐARA

Fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, núverandi ritstjóri og meðlimur stjórnarskrárnefndar, Þorsteinn Pálsson fjallaði í leiðara blaðs síns 8. júlí sl. um kvöldverð sem núverandi forseti lýðveldisins Íslands bauð fyrrverandi forseta Bandaríkja Norður-Ameríku til.

Sjávarútvegsráðherrann fyrrverandi hrósar forseta lýðveldisins fyrir að neita ekki að borða með fyrrverandi forseta Bandaríkjanna þrátt fyrir að tengja megi komu Bush eldri við baráttu íslenskra kaupsýslumanna fyrir því að laxveiðum í sjó verði hætt. Ritstjóranum núverandi tekst með undarlegum hætti að tengja starf Orra Vigfússonar við lögleiðingu kvótakerfisins í íslenskum sjávarútvegi. Virðist sem sjávarútvegsráðherrann fyrrverandi telji að afstaða Ólafs Ragnars til þess gjörnings hefði réttlætt að hann neitaði að snæða kvöldverð með Bush eldri á þjóðhátíðardegi Bandaríkjamanna!

Gera má marghátttaðar athugasemdir við skrif ritstjórans. Í lokuðum löndum skoða pólitískir ritstjórar gestalista í opinberum veislum og reyna að lesa dulin skilaboð á milli línanna. í okkar heimshluta eru það fyrst og fremst ritstjórar blaða á borð við Hello og Séð og heyrt sem hafa áhuga á slíkum listum, enda kæmist sá stjórnmálaritstjóri ekki langt sem ætlaði að grundvalla greiningar sínar á stjórnmálaástandinu á slíkum efnivið.

En alvarlegast er að sjávarútvegsráðherrann fyrrverandi virðist ekki skilja þann grundvallarmun sem er á kvótakerfinu íslenska og samningum þeim sem Orri Vigfússon og félagar hafa gert við úthafslaxveiðimenn. Kvótakerfið íslenska byggir á því að ríkisvaldið hefur bannað öllum veiðar innan íslensku fiskveiðilögsögunnar sem ekki hafa kvóta. Landhelgisgæsla og lögregla fylgja því eftir að eftir þessum reglum sé farið og þeim sem brjóta reglurnar er refsað. Orri og félagar á hinn bóginn hafa gert samninga við úthafsveiðimenn um að þeir hætti veiðum. Fyrir það er þeim greitt í samræmi við það tekjutap sem þeir verða fyrir. Haldi þeir áfram að veiða í trássi við samninginn er vissulega hægt að sækja þá til saka vegna samningsrofs.

Orri og félagar geta þó tæpast vænst þess að lögæsluyfirvöld hafi frumkvæði að því að koma upp um slíkt samningsrof. Ennfremur, og það er mikilvægast, Orri og félagar geta ekki dregið aðra úthafslaxveiðimenn fyrir dómstóla en þá sem hafa undirritað samning. Þeir sem ekki hafa undirritað samning (og sá hópur er náttúrulega mjög stór) geta hafið eða haldið áfram veiðum bjóði þeim svo við að horfa. Kvótakerfinu íslenska var komið á með lagaboði. Laxveiðar í sjó hafa dregist verulega saman vegna frjálsra samninga veiðimanna í sjó og veiðimanna á landi (auk þess sem lækkandi verð á ferskum laxi hefur dregið úr áhuga á veiðum í sjó).

Nálgun Orra og nálgun íslenskra sjávarútvegsráðherra að veiðitakmörkunum í sjó eru því ólíkar í öllum grundvallaratriðum. Hefði Ólafur Ragnar neitað að snæða kvöldverð með George Bush eldri á grundvelli stuðnings þess síðarnefnda við íslenska kvótakerfið hefði það væntanlega tekið leyniþjónustu Bandaríkjanna drjúga stund að „fatta“ samhengið.

## AF NETINU

### Ísland og öryggisráðið

Að venju þora íslenskir ráðamenn ekki að standa gegn herraþjóðinni í utanríkismálum. Svo virðist sem áhugi ríkisstjórnar Íslands á stríðinu í Líbanon hafi einskorðast við að tryggja flutning nokkurra íslenskra ríkisborgara frá landinu. Um stríðsátökin sjálf hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar einungis haft almenn orð og utanríkisráðherra séð sérstaka ástæðu til að minna á „rétt Ísraelsmanna til að verja sig“.
Vert er að hafa í huga að þessi sama ríkisstjórn stendur nú í kosningabaráttu til að reyna að tryggja Íslandi sæti í öryggisráðinu. Það er því sjálfsögð krafa til íslenskra ráðamanna að þeir svari því hvernig þeir hefðu hagað atkvæði sínu við þessar aðstæður? Hefðu þeir skipað Íslandi í sveit þeirra þjóða sem fordæma árásarstríð Ísraels í Líbanon eða hefði þrælslundin gagnvart Washington-valdinu orðið yfirsterkari eina ferðina enn? Svarið við þessari spurningu segir til um það hvort Ísland á nokkurt erindi í öryggisráð SÞ.

**Stefán Pálsson á fridur.is**

### Endurnýjun í þingliðið

Ljóst er að sú krafa verður víða uppi innan Sjálfstæðisflokksins á vettvangi kjördæmanna að fram fari prófkjör til vals á framboðslistum þar sem flokksbundnir sjálfstæðismenn stilla upp þeim listum sem boðnir verða fram. Sú krafa er afar eðlileg nú í ljósi aðstæðna. Þannig blasir við að á nokkrum stöðum er þörf á töluverðri endurnýjun í þingliðinu auk þess sem sú staðreynd að víða fór fram uppstilling fyrir síðustu kosningar veldur því að prófkjör verða að fara fram nú. Eru prófkjör enda langlýðræðislegasta aðferðin í flokkstarfi við val á framboðslistum.

**Arnar Þór Stefánsson á deiglan.com**

### Fáir mótmæla

Það er engin ástæða til að áfellast fólk fyrir að mótmæla virkjunum, svo lengi sem það reynir ekki að taka lögin í eigin hendur. Það sem er undarlegt er hinn sífelldi fréttaflutningur af hverju skrefi þessa fólks. Mótmæli við Kárahnjúkavirkjun eru einfaldlega frá almennu sjónarmiði ekki fréttnæm lengur, nema ef vera skyldi fyrir það hversu fámenn þau virðast vera núna. Miðað við mikið kynningarstarf, einkum í Morgunblaðinu og þá sérstaklega Lesbók þess, hefði mátt ætla að ógrynni fólks legði leið sína austur á land að sjá nýjasta blettinn sem ekki má undir nokkrum kringumstæðum „fórna“. En einhverra hluta vegna hafa fáir haldið austur til mótmæla, þó af þeirri staðreynd verði auðvitað lítið ráðið um réttmæti mótmælanna.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Hænan og eggið

Valið milli einkabíls og almenningssamgagna hlýtur að vera einstaklingsbundið og borgaryfirvöld hafa engan rétt á að taka þá ákvörðun fyrir okkur. Þetta telja margir úr röðum íhaldsmanna til merkis um að sveitarfélög eigi ekki að setja fé almennings í strætisvagnakerfi. Eða í það minnsta að ferðum og leiðum eigi ekki að fjölga á meðan að margir vagnar keyra hálftómir um götur borgarinnar. Þessi afstaða til strætisvagnakerfisins er jafn vitlaus og það að ætlast til að bílar byrji að keyra um vegi áður en sömu vegir hafa verið lagðir. Almenningssamgöngur þurfa auðvitað að vera góðar áður en fólk byrjar að nota þær í stað einkabílsins.

**Finnur Dellsen á murinn.is**



GEORGE BERNARD SHAW

*„Á meðan ég hef þarfir þá hef ég ástæðu til að lifa. Fullnægja er sama og dauði.“*



*George Bernard Shaw var írskur rithöfundur sem fékk Nóbelsverðlaunin árið 1925.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 26. JÚLÍ 1956

# Suez-skurðurinn þjóðnýttur



Egypski forsetinn Gamal Abdel Nasse þjóðnýtti á þessum degi Suez-skurðinn við litla ánægju alþjóðasamfélagsins.

Lokið var við gerð Suez-skurðarins árið 1869 en hann tengir saman Rauðahafið og Miðjarðarhafið. Skurðurinn liggur á milli Afríku og Asíu og styttir sjóleiðina frá Evrópu til landa við Indlandshaf og Vestur-Kyrrahaf. Skurðurinn er 163 kílómetra langur og er einn mest notaði skipaskurður í heiminum. Borgin Suez hefur verið hafnarborg frá sjöundu öld en bygging Suez-skurðarins efldi hana til muna sem og aðrar borgir meðfram honum.

Skurðurinn var í eigu Suez Canal Company þegar Abdel Nasser þjóðnýtti hann en Bretar og Frakkar stjórnuðu félaginu. Abdel Nasser reiddist þegar Bandaríkjamenn og Bretar neituðu að fjármagna framkvæmdir við stíflu sem átti að efla tengsl Egypta við Sovétríkin. Bretar og Frakkar óttuðust að Abdel Nasser ætlaði að loka skurðinum fyrir siglingum þjóðanna en meðal þess sem er flutt þar um er olía.

Bretar og Frakkar með aðstoð frá Ísraelsmönnum réðust inn í Egyptaland um haustið og hertóku skurðinn. Mikil óánægja varð í Bretlandi og Frakklandi með hernaðaraðgerðirnar og Sameinuðu þjóðirnar fóru fram á að þeim yrði hætt. Sameinuðu þjóðirnar fluttu hersveitirnar á brott í lok ársins og Ísraelsmenn drógu herlið sitt til baka í mars árið eftir.

Abdel Nasser stóð uppi sem sigurvegari en Bretar og Frakkar misstu áhrif sín í Mið-Austurlöndum í kjölfar hernaðaraðgerðanna.

## MERKISATBURÐIR

**1847** Líbería fær sjálfstæði.
**1775** Bandaríska póstþjónustan er stofnuð.
**1788** Breskir landnemar setjast að í Sydney í Ástralíu og hefja þar með langvinnar deilur við frumbyggja landsins.
**1945** Verkamannaflokkurinn vinnur bresku þingkosningarnar og tekst þar með að koma Winston Churchill frá völdum.
**1957** Carlos Castillo Armas, einræðisherra Guatemala, er ráðinn af dögum.
**1965** Maldíveyjar fá sjálfstæði frá Bretlandi.
**1992** Teygjustökk er sýnt í fyrsta sinn á Íslandi.




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990


Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## ÚTFARIR

**13.00** Dóra Sigurjónsdóttir, Einivöllum 7, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.
**13.30** Árni Heimir Jónsson, Kárastíg 10, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.
**13.30** Áslaug Jónína Einarsdóttir, Goðabyggð 2, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.
**15.00** Bragi Einarsson, fyrrverandi garðyrkjumaður og forstjóri, Krókabyggð 1, Mosfellsbæ, verður jarðsunginn í Dómkirkjunni.




**UNGLISTARHÁTÍÐIN Í HÚNAÞINGI** Undirbúningur fyrir hátíðina var í höndum ungra heimamanna og er aðalviðburður hennar tónleikar með Röggu Gísla sem verða ekki alveg hefðbundnir að sögn skipuleggjenda.

## UNGLISTARHÁTÍÐIN ELDUR Í HÚNAÞINGI: HEFST Í DAG

# Ungt fólk í aðalhlutverki

Unglistarhátíðin Eldur í Húnaþingi hefst í dag með fjölbreyttri dagskrá á Hvammstanga og næsta nágrenni en þetta er í fjórða sinn sem hátíðin er haldin.

„Það voru nokkrir krakkar hérna sem voru búnir að hugsa það lengi að það vantaði einhverja hátíð hingað þar sem ungt fólk fengi að njóta sín og sýna hvað það getur,“ segir Sigrún Dögg Pétursdóttir, einn skipuleggjenda hátíðarinnar. Síðan var ákveðið að slá til og er hátíðin að öllu leyti skipulögð af ungu fólki í Húnaþingi.

Sigrún segir að það hafi alltaf verið fastir liðir á hátíðinni en í kvöld er opnunarhátíð þar sem sett verður upp fantasíusýning og hefst hún klukkan 20.30. „Svo á fimmtudaginn þá verður það sem við köllum Melló Músíka og það verður á barnum á Þinghúsinu,“ segir Sigrún. Þar verður sungið og spilað á hin ýmsu hljóðfæri og allir yfir átján ára geta tekið þátt, bæði heimamenn og gestir.

Á föstudagskvöldið verður síðan aðalatburður hátíðarinnar í Borgarvirki sem liggur fyrir utan bæinn. „Það hefur alltaf verið stomp í gangi þar, fullt af kertum og eldi og ýmis tónlist spiluð en núna verðum við með Röggu Gísla þar sem hún mun syngja og það verður allskonar ásláttur undir hjá henni, svona ekki alveg hefðbundið,“ segir Sigrún. Þaðan verður síðan haldið til Hvammstanga þar sem gestum hátíðarinnar er boðið í bílabíó.

„Við erum með fjölskyldudag á laugardeginum þar sem fjölskyldan kemur saman og skemmtir sér,“ segir Sigrún en fjölskyldudagurinn verður að þessu sinni haldinn í Gauksmýri fyrir utan Hvammstanga. Um kvöldið verður síðan slegið upp tveimur böllum í Félagsheimilinu á Hvammstanga, annað án áfengis fyrir fjölskyldufólk og hitt fyrir sextán ára og eldri. Hátíðinni lýkur á sunnudeginum en þá er boðið upp á messu í Borgarvirki og síðar um daginn geta gestir hátíðarinnar hvílt lúin bein í sundlauginni á Hvammstanga og sungið sér og öðrum til skemmtunar.

„Þetta hefur yfirleitt tekist bara mjög vel og fólk hefur verið mjög ánægt með þetta, þetta er náttúrulega eingöngu sjálfboðavinna,“ segir Sigrún en hátíðin er styrkt af flestum fyrirtækjum á svæðinu. Sigrún segir að hátíðin hafi aldrei verið mikið auglýst fyrir utan Húnaþing og hafi að mestu verið gerð fyrir heimamenn. Öllum er þó velkomið að koma og er ókeypis inn á alla viðburði fyrir utan dansleikina. Frekari upplýsingar er að finna á unglist.forsvar.is.

**gudrun@frettabladid.is**


†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðveig Ingibjörg Konráðsdóttir (Imma)**
frá Garðhúsum, Skagaströnd, A-Hún., til heimilis á Grund, Hringbraut 50, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 28. júlí kl. 13.00.

**Björgólfur S. Björgólfsson**
**Ólafur R. Björgúlfsson**
**Guðni Björgólfsson**
**Davíð Jóhannesson** **Guðlaug Bjarnþórsdóttir**
**Sigrún Björgúlfsdóttir** **Jóhannes Árnason**
**Guðrún E. Björgúlfsdóttir**
**Margrét Björgúlfsdóttir**
**Konráð K. Björgólfsson**
**Sigurður Ó. Björgólfsson** **Kristbjörg Richter**
**og fjölskyldur.**



†



*Elskulegur sonur minn, bróðir, mágur og frændi,*

**Jón Kr. Kristinsson**
Vallarbraut 10, áður Ásgarði 3, Keflavík,

sem lést þriðjudaginn 18. júlí, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 27. júlí kl. 14.00.

**Magnea Jónsdóttir**
**Fanney Kristinsdóttir** **Einar Jónsson**
**Björn Kristinsson** **Jóhanna Þormarsdóttir**
**Agnar Kristinsson** **Rósa Steinsdóttir**
**Guðbjörg Kristinsdóttir** **Sævar Jóhannsson**
**Gylfi Kristinsson** **Íris Jónsdóttir**
**og systkinabörn.**



†



*Elskuleg systir okkar, amma og langamma,*

**Guðný Hallgrímsdóttir**
Hraunbæ 103, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 15. júlí, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 27. júlí kl. 13.

**Bogi Hallgrímsson**
**Jónas Hallgrímsson**
**Guðný Sævinsdóttir**
**Haraldur Sævinsson**
**Sigrún Dóra Sævinsdóttir**
**Bjarney Sævinsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



†



*Ástkæra systir okkar, mágkona og frænka,*

**Agnes Ingimundardóttir**
Dvergholti 3, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. júlí kl. 13.00.

**Unnur Ingimundardóttir**
**Ómar Ingimundarson**
**Garðar Pétursson**
**Magnús Ingimundarson.**



†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Á. Johnsen**
kaupmaður í Vestmannaeyjum,

sem lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, föstudaginn 21. júlí s.l., verður jarðsungin frá Landakirkju í Vestmannaeyjum, laugardaginn 29. júlí n.k. kl. 10.30.

**Árni Johnsen** **Halldóra Filippusdóttir**
**Margrét Áslaug Bjarnhéðinsdóttir** **Grétar Jónatansson**
**Þröstur B. Johnsen** **Áslaug Rut Áslaugsdóttir**
**Elías Bjarnhéðinsson** **Sigrún Viðarsdóttir**
**barnabörn, og barnabarnabörn.**



# Opið hús



**Hvar ætlar þú að vera laugardaginn 29. júlí næstkomandi???**

*Ég og fjölskyldan mín ætlum að vera í félagsheimilinu Klifi (Ólafsvík) að fagna 60 ára afmæli mínu. Vonandi sérð þú þér líka fært að mæta og fagna með okkur. Vertu með okkur, það verður rífandi stemning!!! Gjafir eru vinsamlegast afþakkaðar en baukur verður á staðnum til styrktar Björgunarsveitunum í Snæfellsbæ.*

*Bestu kveðjur*
**Magnús Snorrason**

| Vörutegund: BRAUÐOSTUR, kílóverð | | Uppruni: Evrópa |
|---|---|---|
| Tollverð: | | 350kr. |
| Almennur tollur: | Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur | |
| Magntollur: | 430kr. á kíló | 430kr. |
| Vörugjald: | Á þessa vöru leggst ekki vörugjald | |
| VSK: | 14% | 124kr. |
| Samtals: | | 1009kr. |
| Skattlagning ríkisins í % á innkaupsverð: | | 188% |

| Vörutegund: CAMEMBERT, 125g (CAMEMBERT ER NEFNDUR SEM DÆMI UM SÉROST) | | Uppruni: Evrópa |
|---|---|---|
| Tollverð: | | 53kr. |
| Almennur tollur: | 30% | 16kr. |
| Magntollur: | 430kr. á kíló | 54kr. |
| Vörugjald: | Á þessa vöru leggst ekki vörugjald | |
| VSK: | 14% | 17kr. |
| Samtals: | | 140kr. |
| Skattlagning ríkisins í % á innkaupsverð: | | 165% |

# Heimilin vilja aðgerðir!

TOLLVERÐ (kostnaðarverð vöru við höfn í Reykjavík). Opinberar álögur leggjast ofan á þetta verð. Samtals talan neðst er lágmarks verð án álagningar kaupmanns. Það er það verð sem íslensk heimili þurfa að greiða.

Lágmarks skattlagning er það hlutfall opinberra gjalda sem leggst ofan á kostnaðarverð.



## Minni álögur – lægra matvöruverð!

| Vörutegund: STRÁSYKUR, 1 kíló | | Uppruni: Evrópa |
|---|---|---|
| Tollverð: | | 35kr. |
| Almennur tollur: | Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur | |
| Magntollur: | Á þessa vöru leggst ekki magntollur | |
| Vörugjald: | 30kr. á kíló | 30kr. |
| VSK: | 14% | 9kr. |
| Samtals: | | 74kr. |
| Skattlagning ríkisins í % á innkaupsverð: | | 112% |



## Lægri álögur og fjölskylduvænt smásöluverð eru mannréttindi!

| Vörutegund: UNGNAUTALUND, 1 kg | | Uppruni: NÝJA SJÁLAND |
|---|---|---|
| Tollverð: | | 490kr. |
| Almennur tollur: | 30% | 147kr. |
| Magntollur: | 1462kr. á kíló | 1462kr. |
| Vörugjald: | Á þessa vöru leggst ekki vörugjald | |
| VSK: | 14% | 294kr. |
| Samtals: | | 2393kr. |
| Skattlagning ríkisins í % á innkaupsverð: | | 388% |

| Vörutegund: KJÚKLINGABRINGUR, 1 kg (SKINNLAUSAR, BEINLAUSAR) | | Uppruni: Evrópa |
|---|---|---|
| Tollverð: | | 370kr. |
| Almennur tollur: | 30% | 111kr. |
| Magntollur: | 900kr. á kíló | 900kr. |
| Vörugjald: | Á þessa vöru leggst ekki vörugjald | |
| VSK: | 14% | 193kr. |
| Samtals: | | 1574kr. |
| Skattlagning ríkisins í % á innkaupsverð: | | 325% |

2200 manns tóku þátt í skoðanakönnun á bonus.is þar sem 62% þátttakenda voru fylgjandi frjálsum innflutningi á landbúnaðarvörum: Sjáðu bonus.is!

www.bonus.is

# Léttið byrðar fjölskyldnanna!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
bonus.is

# NÝTT&FERSKARA HÉR&NÚ




**Eyrún Huld Haraldsdóttir**
Kletturinn á bak við Magna rokkara




**Bríet úr Idolinu**
Lýsir bæði stressinu og stuðinu




**Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir**
Upplifir sig ekki sem fórnarlamb




KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA




## STUÐ MILLI STRÍÐA Ást

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** ER ÁSTFANGINN AF BÆNUM SÍNUM



Fjölskyldan er nýbúin að koma sér fyrir á besta stað í Reykjavík eftir að hafa eytt tæpu ári í Svíaríki. Íbúðin er hin fínasta, nýuppgerð, með fallegum innréttingum og það fer vel um alla þótt lítil sé. Það er stutt í alla þjónustu, sundlaugar og skóla og konan er aðeins um fimm mínútur á leið til vinnu. Fyrir mig er leiðin í skóla og á vinnustað ekki lengri en svo að ég get rölt þangað í rólegheitum. Leiðin er í raun svo góð að ég stæli kropp og sál án teljandi vandræða. Þægindin eru því eins og best verður á kosið. Samt er ég ekki alveg nógu sáttur við lífið.

Áður en fjölskyldan flutti til Svíþjóðar bjó hún í lítilli íbúð í bæ rétt fyrir utan Reykjavík. Daglegar skyldur fjölskyldunnar fóru hins vegar fram í höfuðborginni og það gat tekið okkur allt að tvo tíma á dag að komast fram og til baka í litlu íbúðina með fallega útsýnið. Þá er ótalinn sá tími sem fór í búðarferðir, leikhús, bíó eða heimsóknir til vina og ættingja sem búa í höfuðborginni. Það má því segja að fjölskyldan hafi orðið af nokkrum klukkutímum á viku sem hún hefði getað eytt í eitthvað skynsamlegra en flakk á milli staða. Þrátt fyrir allan þann tíma sem við fórum á mis við áður en við settumst að í Reykjavík væri ég meira en tilbúinn að leggja það aftur á mig. Bærinn sem við áttum heima í er nefnilega engum líkur. Bærinn heitir Hafnarfjörður og þar er ég uppalinn og hef eytt mörgum af mínum bestu árum. Ræturnar eru þægindunum þar að auki þeim mun sterkari og ekki spillir fyrir að Hafnarfjörður státar af fallegasta bæjarstæði landsins.

Sumir myndu kalla viðhorf mitt til Hafnarfjarðar átthagafasisma. Ég kalla það hins vegar ást og Hafnarfjarðarástin er engri lík.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Við erum Mazda

mazda



sóltilboð

## Veldu Mazda á sóltilboði Brimborgar

# 2.525 þús.*

**Mazda6 Touring 2,0i**
**4 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.525.000 kr.**
**Bílasamningur 34.726 kr.**
**Rekstrarleiga 46.100 kr.**

# sóltilboð



**Mazda6 Touring 2,0i**
**4 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.525.000 kr.**
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
**5 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.575.000 kr.**
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
**Wagon, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.625.000 kr.**
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

## Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.860.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltilboði Brimborgar.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *16" Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltilboði Brimborgar.

## Skoðaðu úrval Mazda á sóltilboði.



**Mazda2 Core 1,4i**
**5 dyra, 5 gíra***
**Sóltilboð 1.590.000 kr.**
Bílasamningur 19.670 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.



**Mazda3 Touring 1,6i**
**4 dyra, 5 gíra***
**Sóltilboð 1.920.000 kr.**
Bílasamningur 26.307 kr.
Rekstrarleiga 35.200 kr.



**Mazda5 Touring 2,0i**
**7 manna, 5 gíra***
**Sóltilboð 2.390.000 kr.**
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.

## Við erum Mazda

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

GCI ALMANNATENGSL · GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota 07/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**!** **Kl. 13.00**
*Guðrún Pálína Guðmundsdóttir sýnir á Café Karólínu á Akureyri. Sýningin „Hlynur sterkur Hlynur“ er þriðja sýningin í röðinni af stjörnumerkjaportrettum sem unnar eru sem innsetning í rými. Sýningin er opin til 4. ágúst.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Karnival á Þingvöllum*

Þingvellir skipa sérstakan sess í hugum flestra Íslendinga og ímynd þeirra er oft tengd hátíðleika og helgi þingstaðarins en svæðið er friðlýstur helgistaður. Vellirnir eiga sér þó litríkari sögu en margur hyggur og annað kvöld verður boðið upp á allsérstaka göngu þar sem Helga Kress, prófessor í bókmenntafræði við hugvísindadeild Háskóla Íslands, verður leiðsögumaður göngugesta um karnivalska sögu þjóðgarðsins.

Helga mun fjalla um karnivalskar lýsingar á alþingi í Íslendingasögum, einkum Njálu, þar sem máladeili og lagasetningar okkar fornu karlhetja snúast upp í miklar og skrautlegar sviðsetningar, kvennafar, liðsafnað, mútur, líkamsmeiðingar, blammeringar og bardaga með tilheyrandi háreysti, hlátri og skemmtun þess jafnan fjölmenna þingheims sem í þessu tekur virkan þátt.

Gangan hefst við fræðslumiðstöðina á Þingvöllum kl. 20 en þaðan verður gengið niður Almannagjá og staldrað við Öxarárbrú. Þá verður gengið á Lögberg þar sem meðal annars verður hugað að karnivali kristnitökunnar, og síðan niður á vellina þar sem talið er að Njálsbúð hafi verið. Miðað er við að gangan taki um einn og hálfan tíma og eru allir velkomnir.



**HELGA KRESS** kynnir karnivalska sögu Þingvalla, blammeringar og bardaga að fornu.

## > Ekki missa af…

myndlistarsýningu **Hreins Friðfinnssonar** í gallerí Suðsuðvestur í **Reykjanesbæ**.

tíðaranda **pönks** og **diskós** á **Árbæjarsafni** í sumar. Nostalgían yljar og ekki spillir **tónlistin**.

leikritinu **Páll Heimir, ekki Jesúbarnið** sem ungir sviðslistamenn sýna í **Sjóminjasafninu** við Grandagarða.









**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR** Tekur þátt í samsýningu í London. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Menn og hugmyndir

Listakonan Steinunn Þórarinsdóttir tekur þátt í samsýningu á vegum gallerísins Osborne Samuel í London en hún ber yfirskriftina Heads, Figures and Ideas. Yfirskriftin vísar til samnefndar bókar sem listamaðurinn Henry Moore gaf út árið 1958.

Steinunn sýnir skúlptúra sína ásamt átta öðrum listamönnum sem allir eiga það sameiginlegt að fást við ímyndir mannslíkamans og innra líf hans. Flest verkanna eru fígúratív en þar eru bæði þrívíð verk, teikningar og málverk.

Sýningin er opin til ágústloka.




# Andlitin í fjöllunum

**Með dyggri aðstoð og innblæstri af óvenjulegum tilverustigum aftan úr grárri forneskju hefur Halldóra Malín Pétursdóttir leikkona samið verk um vætti og álfa sem hún frumsýnir í kvöld. Leikhúsið er gamalt pósthús í númeri 720.**



**HALLDÓRA MALÍN PÉTURSDÓTTIR LEIKKONA** Skoðar þjóðsögur og fjöllin fimbulhá á Borgarfirði eystri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Halldóra Malín hefur dvalið á Borgarfirði eystri í sumar og sökkt sér ofan í þjóðsögurnar en þar er víst af nógu að taka. „Ég er búin að vera að lesa og skoða álfa- og vættasögur sem tengjast svæðinu hér í kring. Ég tek sex sögur og færi þær í leikrænan búning, sumar sögurnar flyt ég eins og munnmælasögur en stundum tek ég einhverjar persónur sem mér finnst spennandi og vinn með þær áfram,“ útskýrir Halldóra Malín en heimildir sínar sækir hún meðal annars til Sigfúsar Sigfússonar og Þjóðsagna Jóns Árnasonar. „Það er af nógu að taka, ætli ég hafi ekki lesið svona sirka þrjú hundruð sögur,“ segir hún hlæjandi, „ég var alveg orðin gegnsýrð.“ Afraksturinn er síðan í formi handrits og sýningar sem höfundurinn kallar „Úti bíður andlit á glugga“.

Leikkonan segir að það sé ekki annað hægt en að heillast og trúa á handanheiminn þegar maður er staddur á stað eins og Borgarfirði eystri. „Þetta er svo magnað landslag hérna og mörg andlit í fjöllunum. Það er ekkert skrýtið að þessar sögur hafi lifað með fólkinu öll þessi ár og það er svo fallegt við menninguna hér að allir þekkja þessar sögur – fólk þekkir arfinn sinn.“

Verkefnið er unnið í tengslum við Kjarvalsstofu sem starfrækt er á Borgarfirði eystra og Halldóra Malín útskýrir að upphaflega hafi Arngrímur Viðar Ásgeirsson, einn af stjórnendum stofunnar, leitað til sín og beðið hana að leika álfkonu. „Hann sagðist vera með draumaverkefni í maganum og spurði hvort ég vildi ekki leika álfkonuna Borghildi sem er álfadrottningin á þessu svæði. Ég fékk alveg í magann og spurði til baka hvort hann héldi ekki að hún yrði móðguð,“ segir leikkonan og kímir. „Ég leik enga álfa í sýningunni en þeir fá sannarlega að leika með mér.“

Búið er að umturna gamla pósthúsinu sem staðið hefur autt í rúmt ár. „Með mér í fylgd er Unnur Sveindóttir myndlistarmaður sem hjálpar með leikmyndina og lýsinguna. Það er hægt að halda leiksýningar hvar sem er – þessi staður er alveg jafngóður og hver annar.“

Þetta er fyrsta stóra verkefni Halldóru sem útskrifaðist fyrr í vor en hún segir að þetta leikhúsform sé henni nokkuð hugstætt. „Þetta tengist dálítið einstaklingsverkefni sem við unnum í skólanum þar sem við gerðum verk upp á eigin spýtur og höfðum ekki mikið milli handanna.“ Hún segist hafa tekið þá aðferð upp aftur og útskýrir að sköpunarferlið sjálft sé mjög lærdómsríkt fyrir sig. „Maður hleypur til dæmis ekkert út í búð þegar það vantar eitthvað hérna. Þó það sé margt til í Kaupfélaginu þá eru ekki til drapperingar þar.“

Aðeins 25 gestir komast fyrir í póstleikhúsinu hverju sinni og því verður Halldórs að sýna ört í sumar, en fyrsta sýning er í kvöld kl. 21. Nánari upplýsingar um sýningartímana má finna á www.borgarfjordureystri.is.

kristrun@frettabladid.is




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚLÍ**

23 24 25 **26** 27 28 29

**Miðvikudagur**

### LEIKLIST

☐ 21.00 Leikfélagið **Benóný Bender Abroad** sýnir leikritið **Páll Heimir, ekki Jesúbarnið** í sal **Sjóminjasafnins** við Grandagarða 8.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 **Gerður Guðmundsdóttir** sýnir í **Þjóðarbókhlöðunni**. Verkin eru unnin úr bókstöfum íslenskra handrita og laufblöðum. Safnið er opið milli 9-17.

☐ 11.00 Á sumarsýningu **Hafnarborgar Hin blíðu hraun** gefur að líta úrvinnslu tólf samtímalistamanna á hugmyndinni um hraunið sem umlykur Hafnarfjörð. Listamennirnir **Anna Líndal, Bjarni Sigurbjörnsson, Gurðún Kristjánsdóttir, Erling TV Klingenberg og Sigrún Sirra Sigurðardóttir, Halldór Ásgeirsson, Kristbergur Pétursson, Patrick Huse, Ragna Róbertsdóttir, Spessi** og **Steina Vasulka** sýna skúlptúra, lágmyndir, myndbandsverk og málverk.

☐ 13.00 **Guðrún Pálína Guðmundsdóttir** sýnir á **Café Karólínu** á Akureyri. Sýningin **Hlynur sterkur Hlynur** (portret af Hlyni Hallssyni myndlistarmanni). Sýningin er opin til 4. ágúst.

☐ 13.00 **Ilmur Stefánsdóttir** og **Steinunn Knútsdóttir** sýna innsetningar í **Norræna húsinu**. Sýningin ber heitið **Out of office** og er opin til 30. september. Gjörningar eru framdir í tengslum við sýninguna alla laugardaga og sunnudaga milli 15-17.

☐ Sumarsýning menningarmiðstöðvarinnar **Skaftfells** á **Seyðisfirði** er samsýning bræðranna **Kristjáns** og **Sigurðar Guðmundssonar**. Nú stendur einnig yfir sýning á verkum **Hildigunnar Birgisdóttur** og Bjarna **Þórs Sigurbjörnssonar** á **Vesturveggnum**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# IBM hjá 4AD og 12 Tónum í haust



JÓHANN JÓHANNSSON TÓNSKÁLD
Tónlistin úr „IMB 1401, a user's manual" kemur út í haust.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR JÖKULL ÓLAFSSON

Dansverkið „IBM 1401, a user's manual" eftir Ernu Ómarsdóttur dansara og Jóhann Jóhannsson tónskáld verður sýnt í sextugasta sinn í dag sem hluti af danshátíð sem fram fer í ítölsku borginni Drodesera.

Verkið hefur hlotið fádæma undirtektir víða um Evrópu en það var frumsýnt í september árið 2002 og hefur það þegar verið flutt í yfir fjörutíu borgum. Að sögn Jóhanns eru þau Erna að hefja nýja sýningartörn á verkinu sem mun standa fram á haustið en þá er einnig væntanlegur hljómdiskur með tónlistinni úr verkinu.

„Verkið hefur verið í stöðugri þróun allt frá frumsýningu. Strúktúrinn eða ramminn helst en bæði dansparturinn og tónlistin hafa tekið breytingum. Það er alltaf eitthvað nýtt að bætast við en nú fjórum árum síðar er það samt komið í nokkuð endanlegt form. Núna erum við til dæmis að frumsýna verkið með alveg nýrri útgáfu af tónlist," útskýrir hann.

Jóhann hefur endurútsett tónlistina og bætt við hana svo úr er orðið sjálfstætt verk sem að hans sögn var ávallt ætlunin, enda semur hann sín verk með útgáfu í huga.

Verkið er nú útsett fyrir 60 manna strengjasveit sem Jóhann tók upp í Prag á síðasta ári en platan mun koma út hjá hinu virta útgáfufyrirtæki 4AD í Bretlandi. „Þeir höfðu samband við mig akkúrat á réttum tíma. Ég hafði í hyggju að taka upp plötuna en þetta var dálítið dýrt og mun stærra verkefni en ég hef gert áður og mig vantaði einmitt góðan bakhjarl. Það sakar ekki að þeir eru mikil áhugamenn um tónlistina mína." Diskurinn mun jafnframt koma út hjá útgáfunni 12 Tónum hér heima.

Erna og Jóhann sýna einnig nýtt verk á danshátíðinni sem nefnist „The Mysteries of Love" en það var frumsýnt fyrr í vor. Í því verki vinna þau með dansaranum Margréti Söru Guðjónsdóttur og tónlistarmönnunum Flosa Þorgeirssyni og Valdimar Jóhannssyni. „Það er spurning hvernig viðtökurnar á því verða. Þetta er rétt að fara í gang en sýningarnar byrja vel og verkið hefur fengið góðar undirtektir. Vonandi verður það jafn langlíft og IMB en það er erfitt að meta það svona snemma," segir Jóhann. - khh




# Hundseðlið

Bandaríski myndlistamaðurinn Schuyler Maehl heldur sýningu í Gallerí Gel á Hverfisgötu en yfirskrift hennar er Underdog. Maehl útskýrir að myndefnið og yfirskriftin séu sótt í eigin reynslu því fyrsta orðið sem hann lærði þegar hann kom hingað til lands var „hundur".

„Ég hef verið að vinna að myndaseríu með hundum undanfarna sex mánuði. Það var eina íslenska orðið sem ég kunni til að byrja með og ég endurtók það aftur og aftur. Síðan byrjaði ég að upplifa það sterkar því mér leið eins og hundi því ég skildi ekki tungumálið og varð að taka við bendingum og fylgja fyrirmælum sem ég botnaði ekkert í – ég varð bara að reyna að hlusta og komast að því hvað væri að gerast í kringum mig. Ég fór því að velta fyrir mér sambandi hunds og manns og víxlverkuninni á milli þeirra, félagsskapinn og væntumþykjuna," segir listamaðurinn.

Maehl lærði málaralist í Flórens en er í læri hjá málaranum Odd Nerdrum. Hann hefur sýnt víða í Bandaríkjunum og á Ítalíu og starfað með fleiri þekktum listamönnum.

Sýningin í Gallerí Gel stendur fram í miðjan ágúst og eru verkin öll til sölu.

allt
heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Allt að 50% afsláttur

Útsala

í Orkuhúsinu við Suðurlandsbraut

Flexor býður upp á alhliða þjónustu sem er sérstaklega ætluð þeim sem finna fyrir óþægindum í baki, mjöðmum, hnjám eða iljum, fá sinadrátt í kálfa, þreytuverk eða pirring í fætur. Stoðtækjafræðingar, sjúkraþjálfarar og annað sérhæft starfsfólk veitir faglega ráðgjöf varðandi val á vörum. Samstarf Flexor við bæklunarlækna og aðra sérfræðinga sem starfa í Orkuhúsinu gerir okkur kleift að veita þér bestu þjónustu sem völ er á.

**Hjá Flexor færðu:**

- Göngugreiningu
- Stuðningshlífar
- Innlegg
- Hitahlífar
- Ráðgjöf
- Armstafi
- Íþróttaskó
- Gönguskó
- Barnaskó

ÖSSUR SCARPA ecco asics Teva

FLEXOR
NÆSTA SKREF
Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900

GOTT FÓLK McCANN

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Nylon fellur um 23 sæti í Bretlandi

Loosing a Friend, fyrsta smáskífa Nylon flokksins á Bretlandi, er kominn niður í 52. sætið á breska smáskífulistanum eftir að hafa farið beint í 29. sætið í sinni fyrstu viku. Einar Bárðarson, umboðsmaðurinn stúlknanna, segir þetta þó vera ásættanlegan árangur. „Við gerðum okkur aldrei vonir um neitt meira en í flestum tilvikum ná hljómsveitirnar sínum besta árangri í fyrstu vikunni,“ útskýrir Einar en segir jafnframt að þau hafi gert sér vonir um meiri útvarpsspilun á laginu Loosing a Friend. Úr því eigi að bæta með næstu smáskífu.

Þrátt fyrir þetta er engan bilbug á hljómsveitinni að finna því upptökustjórinn Andy Wright er væntanlegur til landsins á föstudag en þá hefjast upptökur á nýrri smáskífu. „Wright hefur tekið upp alla helstu smelli Simply Red en hann fékk Grammy-verðlaunin fyrir endurkomuplötu gítarhetjunnar Jeff Beck,“ segir Einar sem telur að nýja lagið muni taka eitt skref til hægri. „Þetta verður örlítið meira stuðlag en stúlkurnar munu þó ekki æfa neinn dans fyrir myndbandið, ég lofa því,“ bætir Einar við.

Götublaðið The Sun hefur að undanförnu staðið fyrir kosningu á heimasíðu sinni um hvaða hljómsveit taki við af Girls Aloud en sú sveit er smám saman að leggja upp laupana eftir mikla velgengni á Bretlandi. Nylon og stúlkurnar í Stonefoxx berjast þar um hituna en Einar sagðist ekki hafa hugmynd um hvernig sú kosning gengi. „Við vitum ekkert um þessa hljómsveit og þær vita sjálfsagt ekkert um Nylon.“ ■



**NYLON** Stúlkurnar eru á leið í upptökuver þar sem lögð verða drög að næstu smáskífu.



**DAKOTA FANNING** Ein skærasta barnastjarnan um þessar mundir leikur í grófum atriðum í kvikmyndinni Hounddog.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Gróf atriði

Hin unga leikkona Dakota Fanning var að ljúka við tökur á kvikmyndinni Hounddog í síðustu viku. Minnstu munaði að ekki væri hægt að klára tökurnar á myndinni því í henni eru gróf atriði sem innihalda barnanauðgun og dýramisnotkun. Í nokkrum atriðum sést Dakota einnig hlaupa um nakin. Þegar fjárfestar kvikmyndarinnar sáu þessi atriði drógu margir þeirra fjármagn sitt til baka og frestuðust tökurnar því um nokkrar vikur.

Dakota Fanning er talin ein skærasta barnastjarnan um þessar mundir og hefur nú þegar verið líkt við Meryl Streep. Auk hennar leika Robin Wright Penn, David Morse og Piper Laurie í myndinni Hounddog. ■



**FYRSTU TÓNLEIKARNIR** Jón Þór Birgisson og Georg Hólm voru flottir á sviðinu í Ólafsvík. Ný hárgreiðsla Georgs vakti sérstaka eftirtekt.
LJÓSMYNDIR/SKESSUHORN/KÓÓ

# Frábær byrjun á ferðalagi Sigur Rósar



**SJÓNARSPIL** Mikið er jafnan lagt í tónleika Sigur Rósar og ekkert var til sparað í ljósum eða bakgrunnsmyndum í Ólafsvík.

Liðsmenn hljómsveitarinnar Sigur Rósar hófu yfirreið sína um landið með tónleikum í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík á mánudagskvöld. Félagsheimilið var troðfullt af gestum, bæði heimamönnum og nærsveitamönnum og erlendum aðdáendum sveitarinnar sem fjölmennt hafa hingað til lands af þessu tilefni. Sigur Rós lék lög af síðustu þremur plötum sínum og í einu þeirra söng Steindór Andersen frá Kvæðamannafélaginu Iðunni með þeim. Tónleikarnir voru þeir fyrstu af sjö eða átta tónleikum Sigur Rósar á Íslandi næstu tvær vikurnar. Tilkynnt hefur verið um tvenna útitónleika, á Hálsi í Öxnadal á föstudagskvöld og á Miklatúni í Reykjavík á sunnudagskvöld. Aðrir tónleikar verða ekki auglýstir nema samdægurs. Á heimasíðunni www.sigur-ros.co.uk kemur auk þess fram að staðfest sé að þriðju útitónleikarnir verði í Ásbyrgi föstudagskvöldið 4. ágúst. ■



**TJÚÚÚ** Jónsi söng af innlifun. Steindór Andersen rímnamaður söng með Sigur Rós í einu lagi á tónleikunum í Klifi.



**ASHTON KUTCHER** Er með bakþanka yfir að hafa hafnað hlutverki Súpermanns í nýju myndinni.

# Kutcher fullur eftirsjár

Leikarinn ungi Ashton Kutcher nagar sig í handarbökin þessa dagana þar sem hann hafnaði hlutverki Súpermanns í nýju myndinni sem frumsýnd var fyrr í mánuðinum. Myndin hefur trónað á toppi vinsældalista vestanhafs síðan hún var frumsýnd og ætti því að hala inn dágóðum summum.

Hlutverkið sem Kutcher hafnaði gekk til Brandons Routh sem leysti það vel af hendi. Kutcher neitaði hlutverkinu af þeirri ástæðu að hann hélt að enginn gæti leikið Ofurmennið af jafnmikilli snilld og Christopher Reeves forðum daga. ■

# Artfart hjá Ó. Johnson & Kaaber

Ungir listamenn hafa hreiðrað um sig í fyrrum flaggskipi kaffiveldisins Ó. Johnson & Kaaber við Sætún í Reykjavík.

Í ágústmánuði verður efnt til menningarhátíðarinnar Artfart í húsinu þar sem fjölmargir hópar munu troða upp og tigna listagyðjurnar hver með sínum hætti.

Hörður Sveinsson ljósmyndari heimsótti skapandi ungmenni í frjóasta húsnæði bæjarins sem eru í óðaönn að undirbúa æsilega framtíð. ■



**NEYTTU Á MEÐAN Á NEFINU STENDUR** Fyrst listin svo lystin. Sköpunarkrafturinn hraðar efnaskiptunum.



**MEÐ TRUMBUSLÁTT Í BLÓÐINU** Allar listgyðjur fá leikið lausum hala í húsi Ó. Johnson & Kaaber. Kannski er andrúmsloftið svo líflegt því húsið er ennþá mettað af koffíni.



**Í STÖRUKEPPNI VIÐ HEIMINN** Hver gefur sig fyrst?
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




# VAKNAÐU VEL

Heimir og Sirrý vekja Íslendinga með fréttatengdum dægurmálaþætti.
Ísland í bítið á NFS og Stöð 2 alla virka daga frá 7 - 9.

NFS
ALLTAF, ALLS STAÐAR

digital ísland Vísir VEF TV Skjárinn Breiðband Símans







# Fórnar pinnunum



Hin nýgifta söngkona, Christina Aguilera, hefur nú látið alla pinna og hringi sem hún hefur skreytt líkama sinn með undanfarið fjúka. Aguilera var meðal annars með pinna í geirvörtunni og einn á viðkvæmari stað en nú hefur hún tekið þá burt í virðingarskyni við hjónaband sitt og dansarans Jordans Bratman. Aguilera segir að þetta sé hin nýja ímynd hennar sem söngkona og að líkamsgötun sé liðin tíð í hennar lífi. Hún segir einnig að næsta plata hennar sé sú síðasta í bili því nú vilji hún taka því rólega og einbeita sér að hjónabandinu og barneignum. ■

**CHRISTINA AGUILERA** Ætlar að einbeita sér að hjónabandinu og barneignum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Hurley giftir sig

Enn bætast við stjörnubrúðkaup en fyrirsætan Elizabeth Hurley ætlar að giftast kærasta sínum Arun Nayer í september. Þau ætla að halda stórt brúðkaup í ensku sveitinni og halda svo til Indlands sem er heimaland Nayers til frekari hátíðarhalda. Boðslistinn í brúðkaupið er talinn vera fullur af þekktum nöfnum í skemmtanalífinu. Elton John og spúsi hans David Furnish eru bestu vinir Hurley og munu því pottþétt mæta. Einnig telja menn að fyrrverandi kærasta Hurley, Hugh Grant, verði boðið í þetta stjörnubrúðkaup en það slitnaði upp úr hjá þeim eftir að Grant átti vingott við vændiskonuna Divine Brown forðum daga. ■



**HAMINGJUSÖM** Hurley og Nayer ganga í það heilaga í september.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Hasselhoff opnar sig



**DAVID HASSELHOFF** David varð frægur fyrir Strandvarðaþættina en gellurnar í þáttunum stálu þó athyglinni frá leikaranum.

Söngleikur um líf Baywatch-hetjunnar David Hasselhoff er nú í bígerð en hvatamaður söngleiksins er enginn annar en hann sjálfur. Söngleikurinn mun segja frá lífi og starfi leikarans sem nú er 54 ára en hann hefur glímt við alkóhólisma lengi. „Ég er að gera persónulega sýningu um líf mitt og mistökin sem ég hef gert. Þetta hljómar eins og lélegur brandari en þetta verður virkilega góð sýning,“ sagði leikarinn við bandarískt tímarit á dögunum. „Söngleikurinn er skrifaður af sama fólki og setti upp sýningu Bette Midler og framleitt af fólkinu sem gerði Chicago í London.“ ■



**SPARROW OG TURNER** Skipstjórinn Sparrow kemst aftur í hann krappan þegar sæskrímslið Davy Jones krefur hann um gamla skuld, sál hans.

# Sjóræningjar í sálarstríði

**Talið var að Pirates of the Caribbean: Dead Man’s Chest myndi njóta mikillar velgengni á þessu sumri en tímaritið Newsweek gekk jafnvel svo langt að spá henni sigri í kapphlaupi kvikmyndaveranna um smell sumarsins. Sú spá virðist vera ganga eftir en myndin er frumsýnd í dag.**

Jack Sparrow náði með naumindum að bjarga sér frá Barbossa og félögum hans á Svörtu perlunni en fortíðin hefur ekki sagt skilið við þennan klóka skipstjóra. Sæskrímslið Davy Jones telur sig eiga smá skuld inni hjá Sparrow, nefnilega sál sjóræningjans. Þetta „smávægilega“ vandamál Sparrows dregur bæði Will Turner og Elisabeth Swann aftur inn í heim ævintýra sem setur smá strik í reikninginn hvað varðar brúðkaup þeirra tveggja. Þar að auki er Lord Cutler Beckett staðráðinn í að komast yfir Kistu dauða mannsins sem færir honum yfirráð yfir Davy Jones en þannig getur hann útrýmt sjóræningjastéttinni á einu bretti.

Þau Johnny Depp, Orlando Bloom og Keira Knightley er aftur mætt til leiks eftir að hafa sigrað heimsbyggðina fyrir þremur árum síðan. Gore Verbinski situr í leikstjórastólnum á ný en skipstjóri skútunnar er að sjálfsögðu framleiðandinn Jerry Bruckheimer.

Bruckheimer hefur ætíð haft nef fyrir því hvað kvikmyndahúsagestir hafa áhuga á að sjá þótt gagnrýnendur hafi oft horn í síðu hans. 48 Hours, The Rock og Con Air eru allt kvikmyndir sem hafa gert góða hluti í miðasölunni en Bruckheimer er auk þess hugmyndasmiðurinn á bak við sjónvarpsþættina vinsælu CSI sem sýndir hafa verið við miklar vinsældir hér á landi. Bruckheimer hefur sinn eigin stíl; hægar, dramatískar senur undir ljóðrænum fiðlutónum auk hasaratriða sem eiga engan sinn líka. Atriði sem minna um margt á tónlistarmyndbönd MTV og fjölmargir hasarmyndaleikstjórar hafa apað eftir. Enginn gerir þetta þó betur en Bruckheimer.



Þegar framleiðandinn sagðist ætla að gera sjóræningjamynd byggða á skemmtitæki í Disneygarðinum voru margir sem hlógu að honum og töldu að nú hefði Bruckheimer endanlega misst vitið. Hann vissi hins vegar alveg hvað hann var að gera og sannfærði Johnny Depp um að taka hlutverk Jack Sparrow að sér. Depp hefur ekki verið þekktur fyrir að leika hlutverk í „smellum“ heldur einbeitir hann sér frekar að furðulegum persónum sem koma flestum spánskt fyrir sjónir. Einhverjir í kvikmyndaborginni hafa skellt upp úr þegar Bruckheimer sagðist ætla að fá Depp til liðs við sig en öllum að óvörum sagði leikarinn já, kynnti sér hreyfingar og talsmáta gítarleikarans Keith Richards og úr varð persóna sem flestum er ógleymanleg enda var Depp tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn (sem segir kannski meira um Óskarsverðlaunin en Depp því þetta er einungis önnur tilnefningin sem þessi magnaði leikari fær).

Bruckheimer veðjaði á réttan hest með því að leggja allt sitt traust á sjóræningjana í Karíbahafinu. Nýjasta myndin malar gulli í kvikmyndahúsum og sú þriðja er í vinnslu en hún á eftir að vekja enn meiri athygli því þar leikur sjálfur Keith Richards föður Jack Sparrow. ■

**BRUCKHEIMER** Framleiðandi sem hefur einstakt nef fyrir því hvað kvikmyndahúsagestir vilja sjá og matreiðir það á einstakan hátt.




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 2-3-5-6-8-9-10:30-11 | B.I. 12 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 VIP | KL. 6-9 | |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-4-6 | |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 8-10:30 | |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 2-5-8-11 | B.I. 10 |
| SUPERMAN RETURNS VIP | KL. 3 | |
| THE BREAK UP | KL. 8 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3-5:30 | |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 2:15-5:15- 8:15-10-11:15 | B.I. 12 |
| DIGITAL POWERSÝNING | KL. 11:15 | |
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-4-6 | |
| *OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 6-8-11:15 | |
| *SUPERMAN RETURNS | KL. 3-8:15 | B.I. 10 |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 8-11 | B.I. 12 |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 8 | |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 10 | B.I. 10 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5-8-11 | B.I. 12 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 6 | |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 8 | |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 10 | B.I. 10 |

**HÁSKÓLABÍÓ**

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5:30-7- 8:30-10-11:30 | B.I. 12 |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 5:30-8:30-11:30 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 6-8:15-10:30 | |
| THE LAKE HOUSE | KL. 6-8:15 | |
| CARS enskt tal | KL. 10:30 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**TIL BAKA** Farrell mætti í viðtal á MTV á dögunum og er greinilega órótt í návist kvenna eftir atvikið. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Bradford slær til baka

Stóra Colin Farrell-málið, sem fjölmiðlar vestur í Bandaríkjunum kalla svo, heldur áfram því fyrirsætan Dessareae Bradford, sem veittist að leikaranum í kvöldþætti Jay Leno í síðustu viku, hefur höfðað mál á hendur honum og krefst 730 milljóna króna í skaðabætur. Bradford hefur kært Farrell tvívegis áður, þar af fyrir kynferðislega áreitni í fyrra en báðum kærunum var vísað frá.

Bradford, sem átti í skammvinnu ástarsambandi við Farrell, hélt blaðamannafund í Los Angeles í fyrradag þar sem hún bar í bætifláka fyrir framgöngu sína í kvöldþættinum og sagðist aðeins hafa ætlað að afhenda leikaranum stefnu. Hún skammaði Farrell í myndveri þáttarins fyrir að segja að hún elti hann á röndum og hefur nú kært hann fyrir meiðyrði af sömu ástæðu. „Colin særði mig djúpt,“ sagði hún á blaðamannafundinum um leið og hún dreifði eintökum af bók sinni Colin Farrell: Kolklikkaður hvolpur. „Ég ætla að hrekja þessar ærumeiðingar.“

Farrell bað um og fékk bráðabirgðanálgunarbann sett á Bradford þar sem hann sagðist óttast um öryggi sitt og fjölskyldu sinnar. Bannið er í gildi þar til 16. ágúst en þá mætir Bradford fyrir rétt til að svara ávirðingum Farrells. ■

# Botox-stríð

Í nýjasta hefti tímaritsins Vogue er viðtal við ofurfyrirsæturnar Lindu Evangelista og Christy Turlington. Þar tala þær um hrukkabanann botox, efni sem sléttir út húðina og er mjög vinsælt í Hollywood. Botox er umdeilt efni og hafa fjölmargir læknar lýst því yfir að það sé hættulegt húðinni, jafnvel eitrað. Botox er mikið notað af konum innan fyrirsætugeirans sem vilja hafa unglega og slétta húð langt fram eftir aldri.

Linda Evangelista viðurkennir að hún noti botox og að hún hræðist ekki efnið. „Ég er ekki hrædd við botox og finnst allt í lagi að konur noti efnið upp að vissu marki. Ég vil samt ekki nota það of mikið því ég vil geta hreyft á mér andlitið.“ Hún segir einnig að þetta sé bara fegrunarleið í sama formi og förðunarvörur og háralitur.

Christy Turlington er hins vegar á móti botox og segist aldrei ætla að sprauta þessu eitri framan í sig. „Ég er ekki hrædd við að eldast. Ég verð meira að segja mjög glöð þegar ég sé fólk á mínum aldri sem hefur notað þetta efni því þá langar mig aldrei til prófa þetta eitur,“ sagði Turlington. ■



**MEÐ** Linda Evangelista segist hafa notað Botox og finnst það vera allt í lagi.



**Á MÓTI** Fyrirsætan Christy Turlington er mjög á móti hrukkubananum Botox og segist vilja eldast náttúrulega.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Brad Pitt** mun ekki giftast kærustu sinni, **Angelinu Jolie**, á næstunni ef marka má orð ömmu hans, **Betty Russell**. Hún segir að Pitt hafi gert sér of miklar vonir um hjónaband hans og **Jennifer Aniston** en þau skildu á síðasta ári. Brad vill ekki gefa annarri konu loforð sem hann getur ekki staðið við. Aniston virðist hins vegar vera fljótari að jafna sig en hún hyggst giftast leikaranum **Vince Vaughn** síðar á þessu ári.



Aðdáendur söngkonunnar **Beyoncé Knowles** eru ekki nógu ánægðir með hana um þessar mundir en eftir að nýjasta myndband hennar við lagið „Deja Vu“ var frumsýnt bárust útgáfufyrirtæki hennar fjölmörg kvörtunarbréf þess efnis að söngkonan unga væri í asnalegum fötum og að ástarleikir Beyoncé og unnusta hennar, Jay-Z, í myndbandinu væru til skammar. Myndbandið hefur verið tekið úr umferð og er framtíð þess óráðin.




VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótór
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
kr. 15.990

Fæst nú bæði í rauðu og ljós-grábláu

35% afsláttur

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is



## > Fengu ungverskt lið

Í gærmorgun var dregið í Evrópukeppni bikarhafa í kvennaflokki og munu bikarmeistarar Hauka mæta ungverska liðinu Cornexi-Alcoa-HSB. Umrætt lið lék til úrslita um ungverska bikarinn í vor en tapaði í úrslitaleiknum. Haukar eiga fyrri leikinn á heimavelli 14. eða 15. október en síðari leikurinn verður viku síðar.

# sport

sport@frettabladid.is

TRYGGVI BJARNASON KNATTSPYRNUMAÐUR: GEYMDUR EKKI GLEYMDUR Í NOREGI

# *Undir smásjá norska liðsins Molde*

Þjálfari norska úrvalsdeildarliðsins Molde, Arild Stavrum, var á meðal áhorfenda á leik KR og ÍBV í VISA-bikarnum. Hann var þar mættur til þess að skoða miðvörðinn Tryggva Bjarnason sem hefur lengi verið undir smásjá norska liðsins. Stavrum datt aldeilis í lukkupottinn því Tryggvi var mjög óvænt í byrjunarliði KR í fyrsta skipti síðan 15. júní en þetta var aðeins í fimmta skipti sem miðvörðurinn stæðilegi komst í byrjunarlið KR í sumar.

„Ég hafði ekki hugmynd um að hann væri á vellinum,“ sagði Tryggvi við Fréttablaðið í gær. „Annars er Molde vissulega mjög spennandi félag og mér leist mjög vel á það sem ég hef séð hjá þeim en ég heimsótti félagið síðast í fyrra.“

Tryggvi stóð ágætlega fyrir sínu í vörn KR gegn ÍBV og vonandi fyrir hann var Stavrum heillaður af því sem hann sá. Tryggvi segist lítið velta sér upp úr því hvort það séu útsendarar á vellinum lengur.

„Hér áður fyrr var maður kannski stressaður ef maður vissi af einhverjum þjálfurum í stúkunni. Þá heyrði maður af einhverjum áhuga og varð spenntur en síðan gerðist aldrei neitt. Maður er því farinn að leiða þetta hjá sér í dag og einbeitir sér bara að því að spila vel. Hvað verður kemur síðan í ljós en það er ekki gott að velta sér of mikið upp úr hlutunum.



Annars hef ég ekkert verið með hugann við atvinnumennsku undanfarið. Það hefur gengið fyrir að komast í byrjunarliðið hjá KR en ég var orðinn nokkuð þreyttur á bekkjarsetunni,“ sagði Tryggvi.

Á heimasíðu Molde kemur fram að Stavrum sé á Íslandi til að skoða leikmannamarkaðinn hér á landi og verður víst að skoða leikmenn Íslandsmeistara FH í leiknum gegn Legia frá Varsjá í Krikanum í kvöld.

## > Tveimur leikjum breytt

Tímasetningu á tveimur leikjum í Landsbankadeild karla hefur verið breytt vegna útitónleika hljómsveitarinnar Sigur Rósar sem verða á Klambratúni í Reykjavík sunnudaginn 30. júlí. KSÍ ákvað þetta í samvinnu við félögin en Reykjavíkurborg býst við margmenni á þessa tónleika sem eiga að hefjast um 20:45 og kostar ekkert á þá. Leikur ÍA og FH sem átti að verða klukkan 19:15 þetta kvöld verður klukkan 18 og þá hefur viðureign Fylkis og KR verið færð á mánudagskvöldið.





HVAR ER BOLTINN? Það var hart barist í leik Stjörnunnar og Þórs/KA en Garðbæingar höfðu að lokum betur. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Landsbankadeild kvenna:*

VALUR-FYLKIR 14-0

**Mörk Vals:** Margrét Lára Viðarsdóttir 7, Julie Stewart 3, Rakel Logadóttir 2, Thelma Ýr Gylfadóttir, Katrín Jónsdóttir.

STJARNAN-ÞÓR/KA 3-0

1-0 Helga Sjöfn Jóhannesdóttir (38.), 2-0 Soffía Gunnarsdóttir (66.), 3-0 Björk Gunnarsdóttir (68.).

KEFLAVÍK-KR 0-3

0-1 Hólmfríður Magnúsdóttir (40.), 2-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (59.), 3-0 Margrét Þórólfsdóttir (78.).

FH-BREIÐABLIK

Leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun en Blikar voru að vinna öruggan sigur.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VALUR** | **10** | **10** | **0** | **0** | **77-4** | **30** |
| BREIÐABL. | 10 | 8 | 0 | 2 | 41-10 | 24 |
| **KR** | **10** | **7** | **0** | **3** | **48-16** | **21** |
| STJARNAN | 10 | 6 | 0 | 4 | 21-18 | 18 |
| **KEFLAVÍK** | **10** | **4** | **0** | **6** | **30-28** | **12** |
| FYLKIR | 10 | 3 | 0 | 7 | 8-58 | 9 |
| **ÞÓR/KA** | **10** | **1** | **0** | **9** | **9-51** | **3** |
| FH | 8 | 0 | 0 | 8 | 2-51 | 0 |

# Ensk lið fylgjast með Veigari Páli

**Sóknarmaðurinn Veigar Páll Gunnarsson er markahæstur í norsku úrvalsdeildinni og hefur svo sannarlega vakið athygli. Fjögur ensk lið fylgdust með honum í sigurleik gegn Tromsö á mánudagskvöld.**

**FÓTBOLTI** Íslenski landsliðsmaðurinn Veigar Páll Gunnarsson hefur skorað tíu mörk í norsku úrvalsdeildinni nú þegar lið hans hefur leikið fjórtán leiki og er markahæstur í deildinni. Nú á mánudagskvöld vann Stabæk 3-1 sigur á liði Tromsö en Veigar skoraði eitt af mörkum liðsins í leiknum ásamt því að leggja annað upp fyrir félaga sinn, Daniel Nannskog, sem spilar með honum í sóknarlínunni. Ensku úrvalsdeildarliðin Tottenham, Charlton og Portsmouth voru með njósnara á leiknum til að fylgjast með Veigari og sömuleiðis Southampton úr 1. deildinni.

„Liðið spilaði mjög vel í leiknum en ég sjálfur náði mér þó ekki nægilega vel á strik, ástæðan fyrir því var smá stress vegna þess að ég vissi að það væru nokkur félög að fylgjast sérstaklega með mér. Maður á náttúrulega ekki að láta það gerast en ég var eiginlega bara lélegur í fyrri hálfleik en náði sem betur fer að rífa mig aðeins upp í seinni hálfleiknum,“ sagði Veigar, sem hefur svo sannarlega verið í fantaformi og er líklega að spila sitt besta tímabil á ferlinum.

„Ég er búinn að vera mjög sáttur við tímabilið og hvernig það þróast. Að sjálfsögðu vonar maður að það komi eitthvað spennandi tilboð en ég mun þó ekki grípa hvaða tilboð sem er.

Ég vil komast eins langt og hægt er í fótboltanum en það verður ekki hvað sem er, ég hef það mjög fínt í Stabæk og er í viðræðum við félagið um nýjan samning. Þær viðræður hafa staðið yfir í nokkurn tíma en ég vil aðeins bíða og sjá hvort einhver félög geri mér tilboð.“

Veigar hefur sjálfur verið stuðningsmaður Arsenal frá því að hann fór að fylgjast með boltanum en sagði hlæjandi að það muni þó ekkert stöðva sig ef Tottenham kemur með tilboð. „Ég hef ekki heyrt neitt frá þessum ensku félögum frá því eftir þennan leik og núna einbeiti ég mér bara að því að spila áfram vel hér í Noregi. Ef ég held því áfram þá hlýtur á endanum að koma eitthvað spennandi,“ sagði Veigar, en samvinna hans og Nannskog í sókninni hefur vakið mikla athygli.

„Við tveir höfum náð mjög vel saman og hann er tvímælalaust besti framherjafélagi sem ég hef haft gegnum minn fótboltaferil. Við erum rosalega ólíkir, hann er ekkert að bakka til baka og ná í boltann en er fljótur og mjög góður að klára færin sín og er góður í loftinu. Ég er einmitt hin týpan af sóknarmanni svo við pössum rosalega vel saman,“ sagði Veigar, en Nannskog er næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar og saman hafa þeir skorað nítján af 25 mörkum liðsins.

„Það er umtalað í Noregi að bara við tveir höfum skorað samtals fleiri mörk en ellefu lið í deildinni. Við höfum sett einhver met í deildinni og félagsmet hjá Stabæk þannig að það gengur rosalega vel. Stjórnarmenn félagsins eru nokkuð hræddir um að missa okkur báða og eru að reyna að halda okkur,“ sagði Veigar Páll.

elvargeir@frettabladid.is



**Í SVIÐSLJÓSINU** Veigar Páll er hér í leik með íslenska landsliðinu gegn Möltu. Veigar hefur farið á kostum með Stabæk upp á síðkastið. NORDICPHOTOS/AFP





Við mismunandi veðurskilyrði þarf málningu sem endist vel

Útitex er mjög sterk utanhússmálning sérhönnuð á steypu. Hún hefur sterkt yfirborð og fæst að sjálfsögðu í hundruðum Flügger lita.

Flügger litir

Flügger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður

Keflavík
Akureyri
Selfoss

Borgarnes
Hvolsvöllur




**TVEGGJA LEIKJA BANN** Bjarnólfur var allt annað en sáttur eftir að hafa fengið rauða spjaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Úrskurður aganefndar KSÍ var tilkynntur í gær:

# Bjarnólfur dæmdur í tveggja leikja bann

**FÓTBOLTI** Bjarnólfur Lárusson úr KR var í gær dæmdur í tveggja leikja bann af aganefnd KSÍ eftir brottvísunina sem hann fékk í bikarleiknum gegn ÍBV á mánudagskvöld. Bjarnólfur var allt annað en sáttur eftir að hafa fengið að líta rauða spjaldið í leiknum og eftir að hafa verið rekinn af velli hélt hann áfram að láta óánægju sína í ljós. Dómari leiksins, Eyjólfur M. Kristinsson, tók það fram í skýrslu sinni að Bjarnólfur hefði sýnt óviðunandi hegðun eftir að hafa verið rekinn af velli og fékk hann því harðari dóm en venja er.

Bjarnólfur var á miðjunni í leiknum ásamt Mario Cizmek sem fékk eins leiks bann vegna fjögurra gulra spjalda.

Á fundi aganefndar í gær voru fjórir aðrir leikmenn úr Landsbankadeildinni dæmdir í bann og fengu þeir allir einn leik. Bjarni Guðjónsson, leikmaður ÍA, er kominn með fjögur gul spjald og tekur því út bann og það sama má segja um þá Matt Garner og Andrew Mwesigwa sem spila fyrir ÍBV. Þá fékk Guðmundur Benediktsson úr Val eins leiks bann fyrir rauða spjaldið sem hann fékk gegn Víkingi.

- egm

Valsstúlkur styrkja sig:

# Fá leikmann frá Arsenal

**FÓTBOLTI** Kvennalið Vals í knattspyrnu fékk góðan liðsstyrk í vikunni þegar gengið var frá samningi við fyrirliða skoska kvennalandsliðsins, Julie Stewart, en hún hefur leikið með stórliði Arsenal í ensku kvennadeildinni.

Julie hefur skorað 96 mörk í 86 leikjum en Julie er hávaxin og mjög sterkur framherji.

Hún hefur lengi verið á meðal bestu knattspyrnukvenna Skotlands en hún var aðeins fimmtán ára þegar hún lék sinn fyrsta A-landsleik. Julie lék sinn fyrsta leik með Val í gær gegn Fylki.

Valsstúlkur voru fyrr í sumar með aðra erlenda leikmenn en þeir eru farnir til síns heima. - **hbg**

Hjörtur Júlíus Hjartarson svarar kvörtunum Keflavíkur um að hann hafi verið með kynþáttafordóma:

# Guðmundur Mete ögraði mér og er ekki saklaus

**FÓTBOLTI** Aganefnd knattspyrnusambands Íslands tók í gær fyrir kvörtun Keflvíkinga vegna meintra kynþáttafordóma Skagamannins Hjartar Hjartarsonar í garð Keflvíkingsins Guðmundar Mete, sem er íslenskur ríkisborgari en ættaður frá Tyrklandi. Aganefnd ákvað að skoða málið betur og verður það því eflaust tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar, sem er á þriðjudag.

Hjörtur Júlíus mætti í Kastljós Sjónvarpsins í gær og varði sitt mál. Hjörtur játaði í Kastljóssþættinum að hafa kallað Guðmund Tyrkjadjöful og sagt honum síðan að hunskast heim. Hann sagðist miður sín yfir þessum orðum, baðst í kjölfarið afsökunar á hegðun sinni og sagði það miður að málið væri komið eins langt og raun bæri vitni.

Hjörtur er ekki sáttur við umkvartanir Keflavíkur og segir Guðmund ekki vera alsaklausan í málinu en Hjörtur segir Guðmund hafa ögrað sér.

„Okkur Guðmundi lenti saman fyrr í sumar og hann réðst þá að tveim leikmönnum ÍA og enduðu þau viðskipti með því að hann fékk rautt spjald. Ég kem síðan af bekknum á sunnudag þegar tólf til þrettán mínútur eru eftir og ég er ekki búinn að vera inni á vellinum nema í sjötíu til áttatíu sekúndur þegar Guðmundur slær mig í bakið með olnboganum, algjörlega að ástæðulausu. Ég stend á því föstum fótum að Guðmundur eigi upptökin að þessu. Hann byrjar svo að svívirða mig og ég svaraði bara í sömu mynt. Guðmundur lofar mér í kjölfarið að hann muni stúta mér eða fótbrjóta mig næst þegar ég kem inn í teiginn. Hann byrjar svo fljótlega að kalla móður mína hóru og ég er ekki fyrsti Skagamaðurinn sem fær að heyra það í sumar. Þá var mér nóg boðið og ég kallaði hann Tyrkjadjöful. Þá svaraði hann því til að við skyldum útkljá málið eftir leikinn og þá ætlaði hann að drepa mig. Það eru því morðhótanir og hótanir um beinbrot og í hita leiksins missi ég þetta út úr mér og ég sé eftir því. Það breytir því samt ekki að hann á mikla sök á málinu rétt eins og ég,“ sagði Hjörtur Júlíus meðal annars í viðtalinu í gærkvöldi. - **hbg**



**ÉG ER ENGINN KYNÞÁTTAHATARI** Hjörtur vísar því á bug að hafa verið með kynþáttafordóma í garð Guðmundar Mete.



**Í MEISTARADEILDINA** AC Milan kemst í forkeppni fyrir Meistaradeildina á komandi leiktíð. NORDICPHOTOS/AFP




Dómurinn í Ítalíuskandalnum var mildaður í gær:

# Fiorentina og Lazio áfram í efstu deild

**FÓTBOLTI** Áfrýjunardómstóll á Ítalíu tilkynnti það í gærkvöldi að hann hefði ákveðið að milda refsingu knattspyrnuliðanna í hinum svokallaða Ítalíuskandal. Liðin Juventus, Lazio, Fiorentina og AC Milan voru fundin sek um spillingu og upphaflega voru þau öll nema AC Milan dæmd niður í B-deildina á Ítalíu. Öll liðin áfrýjuðu refsingum sínum og í gær var tilkynnt að Lazio og Fiorentina fengju að halda sætum sínum í A-deildinni.

Það er því ljóst að Juventus er eina liðið sem dæmt verður niður um deild en liðið byrjar með sautján stig í mínus en ekki þrjátíu eins og áður var kveðið á um.

AC Milan átti að byrja leiktíðina í A-deildinni með fimmtán refsistig en sá dómur var mildaður niður í átta refsistig. Fiorentina mun byrja tímabilið með nítján stig í mínus og Lazio með ellefu.

Þær fréttir sem kæta stuðningsmenn AC Milan þó mest eru þær að ákveðið var að draga færri stig af liðinu frá síðasta tímabili en áður hafði verið dæmt og liðið mun því fá að taka þátt í undankeppni fyrir Meistarakeppni Evrópu.

Fiorentina og Lazio ná hins vegar ekki í Evrópusæti og verður það því Chievo sem fer í Meistaradeildina á komandi tímabili ásamt Inter, Roma og AC Milan. Palermo, Livorno og Parma fara í UEFA-bikarinn.

Áfrýjunardómstóllinn staðfesti það síðan að Luciano Moggi og Antonio Giraudo, fyrrum stjórnarmenn Juventus, fá ekki að hafa afskipti af fótbolta næstu fimm árin. Þetta er endanlegur dómur. - **egm**

FH tekur á móti Legia Varsjá frá Póllandi í kvöld:

# Sterkara lið en spila í deildinni hér heima

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH taka í kvöld á móti pólsku meisturunum í Legia frá Varsjá í annarri umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn fer fram á heimavelli FH í Kaplakrika og hefst leikurinn kl. 18.30. FH sló út eistneska liðið TVMK í síðustu umferð en við ramman reip verður að draga að þessu sinni þar sem pólska liðið er mun sterkara. Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari FH, var í Póllandi um síðustu helgi og sá Legia spila.

„Þetta er hörkulið og með alvöru heimavöll þar sem áhorfendur eru snarvitlausir allan leikinn. Það verður ekki auðvelt að spila þarna. Legia-liðið heillaði mig en það spilar fínan fótbolta og sækir mjög grimmt. Það eru þrír Brasilíumenn í liðinu og þeir eru áberandi í leik liðsins. Það er spilað hratt og menn ekki að hanga á boltanum,“ sagði Heimir sem er samt ekki búinn að gefast upp fyrirfram. „Það er alltaf möguleiki í fótbolta en þetta lið er töluvert betra en liðin sem eru í Landsbankadeildinni og það segir sína sögu. Við verðum að stíga upp og það er ljóst að við verðum að geta haldið boltanum innan liðsins ef við ætlum að geta eitthvað í leiknum. Það á reyndar ekki bara við um FH heldur öll íslensk lið sem taka þátt í Evrópukeppnum. Við náum engum árangri fyrr en við getum farið að halda boltanum af einhverju viti.“ - **hbg**



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„When you gonna learn that microwave food'll kill you faster than a bullet? I mean, them damn burritos ain't good for nothing but a hippie, when he's high on weed."**

**Svar: Earl McGraw úr kvikmyndinni From Dusk Till Dawn árið 1996.**

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: VALGEIR RAGNARSSON MISSIR EKKI AF ÚT OG SUÐUR

# Kostulegir viðmælendur

Út og suður með Gísla Einarssyni er einhver skemmtilegasti þátturinn í íslensku sjónvarpi um þessar mundir. Ég skal viðurkenna að það tók mig dálítinn tíma að læra að meta þættina en núna eru þeir komnir í sérstakt uppáhald. Nálgunin er skemmtileg, þátturinn, sem er í spjallformi, er laus við alla tilgerð og fær að fljóta fullkomlega eðlilega. Maður fær það einhvern veginn alltaf á tilfinninguna að Gísli hafi bankað fyrirvaralaust upp á dyrnar hjá fólkinu sem hann ræðir við. Það er í raun ótrúlegt hvernig hann finnur suma viðmælendur sína, flestir hafa þeir eitthvað nýtt og áhugavert fram að færa og margir þeirra eru hreint út sagt kostulegir.

Sérstaklega fannst mér fyrri viðmælandi Gísla í þættinum á sunnudagskvöldið áhugaverður. Guðjón Bjarnason, ábúandi í Hænuvík skammt frá Patreksfirði, var yfirlýsingaglaður maður með eindæmum. Skemmtilegast þótti mér þegar hann útskýrði fyrir Gísla hvernig fólkið sem býr á Vestfjörðum sé úrvalið af þjóðinni og ekki væri mikið eftir ef allir væru eins flatir og fólkið sem býr fyrir sunnan. Vafalaust hefur hann rétt fyrir sér í því að á Vestfjörðum búi úrvals fólk, en ég er ekki sammála því að fólkið fyrir sunnan sé flatt. Ég sem Reykvíkingur móðgaðist þó ekki mikið því ég er löngu orðinn vanur hrokanum sem borgarbúar eru oft með í garð landsbyggðarinnar, það var því skemmtilegt að heyra í röggsömum málsvara úr hinni áttinni bauna aðeins á malbiksbörn eins og mig.

Fleira áhugavert kom fram í þætttinum, Guðjón lét í ljós sterkar skoðanir á mörgum málefnum og hafði skýringar á flestu. Hann var þó greinilega ekki á þeim buxunum að „skeinast á mölina" til okkar hinna eins og hann komst sjálfur að orði. Þá fengu sumarbústaðareigendur það óþvegið frá Guðjóni sem sagðist gefa lítið fyrir fólk sem byggir sér sumarhús í sumarhúsahverfum, svoleiðis glamúr var honum greinilega ekki að skapi.

Guðjón er einn af eftirminnilegri viðmælendum Gísla upp á síðkastið, þrjóskur og stoltur bóndi af gamla skólanum sem liggur alls ekki á skoðunum sínum. Ég vil fá að sjá meira af fólki á borð við Guðjón í sjónvarpinu og ef einhver getur dregið það fram í dagsljósið þá er það Gísli Einarsson.




**GÍSLI EINARSSON** Dregur fram skemmtilega viðmælendur í þætti sínum Út og suður.



▶ 20.05 *Keppni*

PROJECT RUNWAY



▶ 20.05 *Nýtt*

NEYÐARFÓSTRURNAR



▶ 22.20 *Drama*

THE VIRGIN SUICIDES



▶ 23.00 *Drama*

THE L WORD



▶ 22.45 *Fréttir*

HRAFNAÞING

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni **18.25** Sígildar teiknimyndir (23:30)

**18.32 Líló og Stitch (42:49)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.05 Tískuþrautir (10:11)** (Project Runway II) Ný þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti.
**20.55 Græna álman (7:9)** (Green Wing) Bresk gamanþáttaröð um starfsfólk á sjúkrahúsi þar sem allt getur gerst.
**21.50 Kastljós – molar** Skyndihjálp. Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Kjartan Már Bjarnason og Ólafur Ingi Grettisson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Formúlukvöld**
**22.45 Íþróttakvöld**

**23.00** Vesturálman (13:22) **23.45** Kóngur um stund (7:12) **0.15** Kastljós **0.45** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement**13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Medium **14.40** Las Vegas **15.35** Blue Collar TV **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Svínasúpan (7:8) (e)**
▶ **20.05 Neyðarfóstrurnar (1:16)** (Rock Family) Barnauppeldi er enginn hægðarleikur. Sérstaklega ekki nú á síðari tímum þegar báðir foreldrarnir eru útivinnandi.
**20.50 Oprah (80:145)**
**21.35 Medium (18:22)** (Miðillinn) Bönnuð börnum.
**22.20 Strong Medicine (18:22)** (Samkvæmt læknisráði) Ný sería af þessum vönduðu spítalaþáttum sem fjalla um kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna. Sem fyrr eru þær Dr. Lu og Dr. Andy í forgrunni sem Rosa Blasi og Patricia Richardson leika.

**23.05** Footballers' Wives (B. börnum) **23.50** Cold Case (B. börnum) **0.35** Patton **3.20** Neyðarfóstrurnar **4.05** Medium (B. börnum) **4.45** The Simpsons **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Pípóla (2:8) (e)**
**20.00 Seinfeld (5:22)**
**20.30 Sirkus RVK** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar.
**21.00 Stacked (7:13)** Önnur serían um Skyler Dayton og vinnufélaga hennar í bókabúðinni.
**21.30 Ghost Whisperer (2:22)** Það er engin önnur en Jennifer Love Hewitt sem fer með aðalhlutverkið.
▶ **22.20 The Virgin Suicides** Aðalhlutverk: James Woods, Kathleen Turner, Kirsten Dunst. Leikstjóri: Sofia Coppola. Leyfð öllum aldurshópum.

**0.00** My Name is Earl (e) **0.25** Rescue Me (11:13) (e) **1.10** Seinfeld (5:22)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Völli Snær (e)

**15.50** All About the Andersons (e) **16.15** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Beautiful People** Dramaþáttur sem segir frá einstæðri móður, Lynn, sem reynir að átta sig á lífinu og tilverunni eftir að eig-inmaður hennar stingur af með hjákonunni.
**20.30 America's Next Top Model V** Leitin að næstu ofurfyrirsætu Bandaríkjanna hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli á Íslandi, og eru meðal vinsælustu raunveruleikaþátta í heiminum.
**21.30 Rock Star: Supernova** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova. Hver verður söngvari Supernova með þunga-rokkurunum?

▶ **23.00** The L Word **0.00** Rock Star: Supernova – bein útsending **1.00** Love Monkey (e) **1.45** Beverly Hills 90210 (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 Panorama 2006** (A Question of Leadership)
**22.15 Fréttir** Fréttir og veður
▶ **22.45 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.20** Kvöldfréttir **0.20** Fréttavaktin **3.20** Fréttavaktin **6.20** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** To Walk with Lions **8.00** Agent Cody Banks **10.00** Lost in Translation **12.00** Anchorman : The Legend of Ron Burgundy **14.00** To Walk with Lions **16.00** Agent Cody Banks **18.00** Lost in Translation **20.00** **Anchorman : The Legend of Ron Burgundy** (Fréttaþulurinn: Goðsögnin um Ron Burgundy) Geysivinsæl gamanmynd með Will Ferrell í hlutverki heitasta fréttaþular í bransanum – á 8. áratugnum. Stærra egó hefur ekki sést í sjónvarpi, hvorki fyrr né síðar og hann nýtur sín að vera konungurinn í þessu mikla karlaveldi sem sjónvarpsfréttirnar voru í þá daga. **22.00 The Ladykillers** (Dömubanarnir) Aðalhlutverk: Tom Hanks, Marlon Wayans, Irma P. Hall. Leikstjóri: Joel Coen, Ethan Coen. Bönnuð börnum. **0.00** Friday After Next (Bönnuð börnum) **2.00** Bark! **4.00** The Ladykillers (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** THS That '70s Show **14.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **15.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **16.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **17.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Elizabeth Hurley **20.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Dr. 90210 **23.00** Sexiest Action Heroes **0.00** THS Elizabeth Hurley **1.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




Hobby

MEST SELDU HJÓLHÝSI Í HEIMI.

HOBBY 560 EXCELSIOR OG 560 UFE PRESTIGE

TIL AFGREIÐSLU STRAX, HLAÐINN AUKABÚNAÐI AÐ VERÐMÆTI 400.000.





EINNIG EIGUM VIÐ TIL AFGREIÐSLU STRAX HIN VINSÆLU KOJUHÚS.

HOBBYHÚSIÐ • Sími 517 7040 • Dugguvogi 12 • www.hobbyhusid.is

NETSALAN EHF.

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Neyðarfóstrurnar Stöð 2 kl. 20.05

### *Þrautþjálfaðir uppalendur*



Eins og flestir foreldrar þekkja er barnauppeldi mikil kúnst. Ekki er það nú auðveldara í dag þegar báðir foreldrarnir eru útivinnandi. Í Nanny 911 stígur fram á sjónarsviðið flokkur þrautþjálfaðra uppalenda, barnfóstrur með áralanga reynslu af barnauppeldi og -pössun. Barnfóstrur sem eiga ráð undir rifi hverju þegar kemur að barnauppeldinu og hvernig siða eigi börnin til þegar þau eru óþekk.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | 1 | | 5 | | |
| | | 9 | | | 5 | | | |
| | | 8 | 9 | 2 | | | | 1 |
| | | | | 8 | | 2 | 4 | |
| | 2 | | | | | | 1 | |
| | 9 | 7 | | 3 | | | | |
| 6 | | | | 9 | 4 | 1 | | |
| | | | 6 | | | 4 | | |
| | | 3 | | 5 | | | | 2 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 7 | 8 |
| 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 1 | 4 | 9 |
| 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 |
| 5 | 6 | 4 | 8 | 3 | 1 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 2 | 9 | 5 | 1 | 6 |
| 8 | 2 | 6 | 3 | 1 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 7 | 2 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 1 | 4 | 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 8 | 3 |



▶ 20.25

*Fótbolti*

GLASGOW CELTIC VS. MANCHESTER UTD.

SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.15** FH – Legia Warszawa

▶ **20.25 Glasgow Celtic vs. Manchester Utd.** (Glasgow Celtic vs. Manchester Utd.)Bein útsending frá leik skosku meistaranna Glasgow Celtic og Manchester United.Um er að ræða vináttuleik á milli félaganna en mikil samskipti hafa verið á milli félaganna í gegnum tíðina.

**22.05 Tiger Woods – heimildamynd (3:3)** (Tigers Prints)Tiger Woods er einn besti kylfingur allra tíma. Nafn hans er þegar skrifaðgylltu letri í golfsöguna en afrekaskrá Tigers er bæði löng og glæsileg.Hæfileikar hans komu snemma í ljós en í þáttaröðinni fá sjónvarpshorfendurað kynnast kappanum frá ýmsum hliðum. Rætt er við fjölskyldu og vini Tigerssem og þekktar stjörnur úr íþróttunum og skemmtanaheiminum sem allar eigaþað sameiginlegt að dást eindregið að þessum snjalla kylfingi.

**23.00** FH – Legia Warszawa **0.40** Glasgow Celtic vs. Manchester Utd.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikritið: Tími nornarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Bókmenntir og landafræði **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi

**19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Á ferðaslóðum: Norðurland **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.15** Kvöldsagan **23.05** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður

www.volkswagen.is




**Caddy**

Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursegiinleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn, ASR spólvörn ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Vélarstærðir í boði eru 1,4 l bensín 75 hö. og 2,0 l dísil 70 hö.

**Verð frá 1.760.000 kr.**
**eða 28.300 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í fimm sæta útfærslu með hliðargluggum.

**Transporter**

Fáir vinnubílar búa að jafn langri og glæstri hefð og Transporter. Burðargetan er 0,8–1,4 tonn. Hleðslurýmið er 5,0–9,3 m³. Allir bílarnir koma með hleðsluhurðum báðum megin* og hægt er að skipuleggja geymslurýmið á ótal vegu. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

*High roof er eingöngu með rennihurð hægra megin

**Verð frá 2.520.000 kr.**
**eða 40.973 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í átta sæta útfærslu með hliðargluggum.

**Transporter Pickup**

Ný útfærsla á Transporter, með ótal atriðum sem greina hann frá keppinautunum í flokki léttari sendibíla. Pallurinn er 2,93 m langur og 1,94 m breiður. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

**Verð frá 2.625.000 kr.**
**eða 42.677 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í sex manna Double-Cab útfærslu.

**Þú finnur hentugustu fjármögnunarleiðina með hjálp sölufulltrúa okkar**

Aus Liebe zum Automobil

*M.v. Bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is



## HRÓSIÐ

*... fá hjónin Marinó Flóvent og Jóhanna Ingimarsdóttir sem bjóða gestum og gangandi á Egilsstöðum upp á hreindýraborgara.*

# Gulli rakari á förum um helgina

Fastagestir hárgreiðslustofunnar Nikk við Kirkjutorg eru með böggum hildar þessa dagana því stofunni verður lokað nú um helgina og framhaldið er óráðið. „Ég veit ekki hvað tekur við,“ segir Guðlaugur Jónsson, hárgreiðslumeistari í Nikk síðastliðin tuttugu ár, betur þekktur sem Gulli rakari. „Ég er ekki búinn að finna nýtt húsnæði. Ég ætla í gott frí og hugsa mig um á meðan.“



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Híbýli Nikk voru seld fyrir nokkrum mánuðum og höfðu nýir eigendur aðrar hugmyndir en að reka þar rakarastofu. Gulli bíður þó ekki aðgerðalaus þess sem verða vill því hann hefur vart undan við að klippa. „Það er eins og allir vilji láta klippa sig um þessar mundir,“ segir hann.

Hárgreiðslustofan Nikk var stofnuð árið 1901 og Gulla svíður sárt að sjá á eftir innréttingu staðarins. „Eftir því sem ég kemst næst er hún frá árinu 1919 og ætti samkvæmt friðunarlögum að vera friðuð. Arkitekt, sem var eitt sinn í húsafriðunarnefnd, sagði mér að gleyma þessu, það væri ekkert hlustað á þeirra sjónarmið í borginni.“ Minjanefnd Reykjavíkur lýsti yfir áhuga á að varðveita innréttinguna en hafði ekkert pláss og Gulli er orðinn úrkula vonar um henni verði hlíft. „Er það ekki venjan hér á landi að rífa allt upp og henda því út?“



GUÐLAUGUR JÓNSSON

Þótt Gulli viti ekki hvað framtíðin ber í skauti sér finnst honum ólíklegt að hann setjist í helgan stein á næstunni. „Ég á ábyggilega eftir að koma mér fyrir annars staðar áður en langt um líður.“

Nikk er aðeins steinsnar frá Alþingi og ófáir þingmenn eru í hópi fastakúnna Gulla, til dæmis er Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra fastagestur. Búast má við að þeir þurfi að leita annað hér eftir, vonandi þó ekki of langt því Gulli hefur áður sagt að hann yfirgefi ekki póstnúmer 101 ótilneyddur. **- bs**



**LÁRÉTT** 2 mest 6 núna 8 við 9 erlendis 11 belti 12 niðurfelling 14 gamall nytjahlutur 16 tímabil 17 einkar 18 mánuður 20 samtök 21 einsöngur í óperu.

**LÓÐRÉTT** 1 velta 3 skammstöfun 4 lengdareining 5 blekking 7 greftrunar 10 utan 13 svif 15 útungun eggja 16 tunna 19 tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 best, 6 nú, 8 hjá, 9 útí, 11 öl, 12 afnám, 14 antik, 16 ár, 17 all, 18 maí, 20 aa, 21 aría.

**LÓÐRÉTT:** 1 snúa, 3 eh, 4 sjómíla, 5 tál, 7 útfarar, 10 inn, 13 áta, 15 klak, 16 áma, 19 ii.

## [VEISTU SVARIÐ]

svör við spurningum á bls. 8

1. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
2. Fjórar
3. Í Slóvakíu








**HEYJAÐ ÁN MAGNA** Ásgeir faðir Magna er á kafi í heyskap þessa dagana ásamt bróður Magna, Arngrími Viðari, og syni hans Ásgeiri Boga. Bundið er í rúllur á Brekkubæ en þar er heyjað fyrir tæplega 500 kindur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

FJÖLSKYLDA MAGNA Á BORGARFIRÐI: HEYJA FYRIR TÆPLEGA 500 KINDUR

# Rokkfjölskyldan á kafi í heyskap fyrir austan

Lífið gengur sinn vanagang á Brekkubæ á Borgarfirði eystra sem er æskuheimili rokkstjörnunnar Magna Ásgeirssonar. Þegar blaðamaður og ljósmyndari Fréttablaðsins litu þar við um helgina var Ásgeir Arngrímsson, faðir Magna, á kafi í heyskap ásamt syninum Arngrími Viðari og barnabarninu Ásgeiri Boga Arngrímssyni. Höfðu þeir meiri áhyggjur af slættinum en gengi Magna í Rock Star:Supernova keppninni enda vita allir alvöru bændur að það þarf að nota veðurblíðuna þegar hún gefst til að koma heyi í hús.




„Magni var ágætur í heyskapnum og mjög góður á vélunum,“ minnist faðir Magna sem er að vonum stoltur af gengi sonarins vestra. Fjölskyldan hefur ekkert heyrt í Magna síðan 20. júní enda fær hann einungis að hringja tvisvar í viku í heim í 15 mínútur í senn og þeim símtölum eyðir hann í sambýliskonuna Eyrúnu Huld Haraldsdóttur. „Svo þarf Eyrún að hringja í alla og dreifa fréttunum,“ segir Arngrímur Viðar og hlær. Íbúar á Borgarfirði eystra fylgjast með keppninni á breiðtjaldi í Félagsheimilinu Fjarðarborg og þar hefur oft myndast mikil stemning, enda hafa ekki bara íbúar staðarins mætt til að hvetja Magna heldur einnig stórir hópar ferðamanna á leið um svæðið.

„Magni hefur ekki þurft að hafa mikið fyrir þessu hingað til, hann kann alla texta enda vanur að syngja allt milli himins og jarðar á þorrablótum, böllum og allskonar uppákomum með Á móti sól,“ segir Arngrímur Viðar. Að þessu leyti er hann sterkari en aðrir keppendur sem virðast margir hverjir ekki kunna einn einasta texta. Magni sker sig líka frá hinum keppendum á fleiri sviðum því Ásgeir Bogi bendir á að hann sé til dæmis ekki með eitt einasta tattú en það ætti samt ekki að koma að sök. „Það er ókeypis að kjósa á netinu og ég vona að einhverjir aðrar þjóðir séu að kjósa hann heldur en bara Íslendingar,“ segir Ásgeir Bogi sem er sjálfskipaður kosningastjóri fjölskyldunnar. Ef Magni helst áfram inni í keppninni fær hann leyfi fyrir heimsókn út til sín og er fjölskyldan að vonum spennt fyrir því. Reiknar hún með því að fjórir til fimm fjölskyldumeðlimir fari þá út til hans – en heyskap þarf að sjálfsögðu að vera lokið áður. **snaefridur@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stjörnuhjónunum **Loga Bergmann Eiðssyni** og **Svanhildi Hólm Valsdóttur** fæddist dóttir um síðustu helgi. Dóttirin kom í heiminn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og heilsast öllum í fjölskyldunni vel. Logi og Svanhildur gengu sem kunnugt er í hjónaband fyrir ári síðan og starfa saman á sjónvarpsstöðinni NFS. Fyrir eiga þau samanlagt fimm börn frá fyrri samböndum.



Útvarpsmaðurinn **Guðni Már Henningsson** gekk að eiga unnustu sína, **Önnu Guðlaugu Jóhannsdóttur**, hjá sýslumanni fyrir helgi. Samstarfsmenn Guðna Más í Popplandi á Rás 2 tilkynntu þetta í beinni útsendingu á föstudag. Stuðmaðurinn **Valgeir Guðjónsson** lék á tónleikum í beinni útsendingu þar á föstudag og óskaði Guðna innilega til hamingju. Valgeir sagði að þeir væru gamlir skólabræður og söng hið góðkunna lag „Honey will you marry me“ af þessu tilefni.



**Björgólfur Takefusa** er nú alkominn heim til Íslands eftir að hafa lært viðskiptafræði í Bandaríkjunum. Eins og kunnugt er gekk Björgólfur til liðs við knattspyrnulið KR fyrir sumarið, nokkuð sem gladdi afa hans, **Björgólf Guðmundsson**, sérstaklega mikið. Björgólfur arnir tveir eiga þó samskipti á fleiri stöðum en í Frostaskjólinu því sá yngri hefur hafið störf sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans. **- hdm**






**Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, SÓLÞURRKAÐUR SALTFISKUR, SKÖTUSELUR OG KEILA.**

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14


# Aukin aðsókn í hundabað

„Stöðin er búin að vera starfrækt í eitt og hálft ár og aðsóknin er alltaf að aukast,“ segir Vilhelm Guðjónsson, vaktstjóri hjá Löðri ehf., sem starfrækir hundaþvottastöð samhliða bílaþvottastöð sinni í Stekkjabakka. Þetta er ætlað hundaeigendum sem hafa ekki aðstöðu til að þrífa hundana heima hjá sér enda getur það uppskorið mikið vatnssull. Í Löðri eru gallar og svuntur fyrir hundaeigendur að klæðast að meðan þeir þrífa loðnu félögum sínum.

Á stöðinni er hin fínasta aðstaða með stórum bala, heitu vatni, góðu sjampói, hárnæringu og jafnvel einu besta flóasjampói sem völ er á. Einnig er hárblásari til að hita og þurrka hundunum eftir þvottinn.



**BESTU VINIR MANNSINS** Nú hafa hundar fengið sérstaka baðaðstöðu.

„Þetta er engin snyrtistofa. Þarna eiga hundaeigendur bara að geta þvegið hundunum sínum á fljótlegan og einfaldan hátt í notalegu rými.“ Ein mínúta kostar 100 krónur og er sjálfsali sem telur niður tímann þannig að stöðin er opin allan sólarhringinn. **- áp**




**LÖÐUR** Rekur hundaþvottastöð samhliða bílaþvottastöð sinni í Stekkjabakka. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3891
Finnur þú fyrir sekt?
Umferðarlagabrot
*Of hraður akstur kr. 135.000
Ekið á móti rauðu ljósi kr. 15.000
Tvö börn laus í bíl kr. 20.000
samtals kr. 170.000
* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.
Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.
MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA
Öflugri löggæsla á vegum landsins.
Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.
UMFERÐARSTOFA
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
VEGAGERÐIN
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR**



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**


GERÐAR KRISTNÝJAR


## *Hvað er þetta hvíta?*

Fyrir tilviljun var ég stödd á Snæfellsnesi þegar minnismerkið um Guðríði Þorbjarnardóttur var afhjúpað hér um árið. Það stendur að Laugabrekku þar sem hún fæddist. Eins og flestir vita nú orðið var Guðríður afskaplega merkileg kona. Ung að árum fluttist hún til Grænlands með foreldrum sínum og síðar sigldi hún til Ameríku með eiginmanni sínum, Þorfinni Karlsefni. Þar eignaðist hún son þeirra sem gefið var nafnið Snorri. Innfæddir kunnu ekki við nýbúana og því yfirgaf Guðríður fljótlega vesturheim og hélt til Noregs. Litlu síðar lagði hún aftur af stað í langferð og settist að í Glaumbæ í Skagafirði. Þá hafði hún þegar misst mann sinn. Áhyggjulaus ekkjudómur átti ekki við Guðríði og hélt hún ein síns liðs aftur yfir Atlantsála og þaðan þvert yfir Evrópu til að komast til Rómar.

**ALLS** sigldi Guðríður átta sinnum yfir úthöf og var líklega víðförlasta kona heims á sínum tíma. Það er nú bara þó nokkuð og því hefur mér alltaf fundist svo furðulegt þegar því er haldið á lofti að eitt helsta afrek Guðríðar hafi verið að verða fyrsta hvíta konan til að fæða hvítt barn í Ameríku. Á okkar tímum hljómar það undarlega rasískt en umfram allt átta ég mig ekkert á því hvað er svona mikið merkilegra við þessa fæðingu en allar hinar sem orðið höfðu á undan í þessu stóra landi.

**KANNSKI** hefur þetta atriði verið dregið fram til að heilla bandaríska ferðamenn sem hingað koma og flestir eru hvítir. Sumir hafa þeir kannski sjálfir eignast heiðhvít börn einmitt í Ameríku og þarna næst einhver tenging sem verður síðan til þess að þeir kaupa bæði póstkort og lopavettlinga.

**ÉG** hef lengi verið talsmaður þess að reistar séu fleiri styttur af konum eða minnismerki um þær og bíð til dæmis spennt eftir því að Svövu Jakobsdóttur verði reistur góður grjótveggur í einhverju nýbyggingahverfinu. Það er til nóg af merkilegum og huguðum konum sem við hæfi væri að klappa í stein. Nú langar mig til að nýta tækifærið og leggja til að minnismerki verði reist til heiðurs fyrstu íslensku konunni sem fæddi litað barn á Íslandi. Hún hefur ekki síður en Guðríður orðið að vera kjörkuð.


MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.toyota.is




**Land Crusier.** Tákn um frelsi

Land Cruiser sameinar hörku og mýkt, orku og lipurð, áræðni, munað og fullkominn tæknibúnað. Fyrsta flokks innrétting tryggir þægilegan og ánægjulegan akstur. Fáguð og viðbragðsfljót V6 VVT-i benínsvélin ber þig hvert sem leið liggur og það er stórkostlegt að sitja undir stýri.

Í Land Cruiser er fjölbreytilegur hátæknibúnaður sem eykur öryggi og þægindi í akstri. Þar má nefna t.d. tölvustýrða fjöðrun, TEMS, og ABS-hemlakerfi með EBD sem beinir hemlunarkrafti á milli hjóla eftir þunga ökutækisins og álagi á hemla, tvo tveggja þrepa SRS loftpúða, hliðarloftpúða og þriggja punkta öryggisbelti við öll sæti.

Verð frá 4.820.000. kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |